

ÁRNI BJÖRN KRISTJÁNSSON

Ekur með blæjuna niðri ef ekki rignir

• Bílar • Ferðir • Tiska • Mannlegi þátturinn

allt í MIÐJU BLAÐSINS



SOFFÍA KARLSDÓTTIR

Ættleiðir gamla hluti

Sérblað um hús og heimili
FYLGIÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ÁSDÍS LEIFSDÓTTIR

Rokkaður sveitarstjóri á Ströndum

Syngur Creep í karóki-keppni vinnustaða
FÓLK 58



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. september 2006 – 261. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Húmor og háski



Sýning myndlistarmannsins Þórdísar Aðalsteinsdóttur vekur bæði ugg og ánægju enda fæst hún við samskipti manns og náttúru.

MENNING 46



Hanna útlit íslensks hers

Einkennisbúningur hershöfðingja í Flugher lýðveldisins var teiknaður á Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.


FÓLK 58

Húmar að hausti

„En þegar að er gáð er sumarið ekkert mikilvægara eða merkilegra heldur en árið allt um kring og hinar árstíðirnar,“ segir Ellert B. Schram.

Í DAG 16


Bikarslagur í dalnum




KR og Keflavík mætast klukkan 14 í úrslitum VISA-bikars karla. Mikið verður um dýrðir í dalnum og fastlega búist við fjölda áhorfenda.

ÍPRÓTTIR 54

VEÐRIÐ Í DAG



ROFAR TIL – Í dag verður yfirleitt fremur hæg norðaustan átt. Rigning sunnan til í fyrstu en síðan úrkomulítið. Súld með köflum norðan og austan til í dag. Hiti 5-12 stig mildast syðst.



Fólksfækkun þrátt fyrir framkvæmdir

Íbúum á Austurlandi hefur fækkað frá því áður en virkjunarframkvæmdir hófust ef fólk með tímabundna búsetu er undanskilið. Meðaltekjur eru undir landsmeðaltali og fermetraverð íbúða með því lægsta sem þekktist.

BYGGÐAÞRÓUN Íbúar á Austurlandi, sem ekki eru með tímabundna búsetu vegna virkjanaframkvæmda, eru færri nú en í árslok 2001, áður en framkvæmdir vegna Kárahnjúkavirkjunar hófust.

Öll fólksfjölgun á Austurlandi á undanförmum fimm árum er því eingöngu til komin vegna erlendra verkamanna sem hverfa munu á brott eftir að virkjunarframkvæmdum lýkur, vegna tímabundinna starfssamninga.

Íbúar Austurlands ættu að vera þriðjungur fleiri en þeir eru nú, ef þeim hefði fjölgað í samræmi við landsmeðaltal á síðustu tuttugu og fimm árum, séu erlendir verkamenn á svæðinu undanskildir. Þeir væru þá tæplega

fimmtán þúsund í stað rúmlega ellefu þúsunda.

Þótt erlendir farandverkamenn séu taldir með, hefur Austfirðingum samt sem áður ekki fjölgað í samræmi við landsmeðaltal. Þetta kemur fram í fyrstu grein af átta í greinaflokki Fréttablaðsins um byggðapróun sem birtist í blaðinu í dag.

Setja má öll ný sveitarfélög landshlutans á úreldingarlista ef tekið er mið af kenningum tveggja bandarískra landfræðinga sem settar voru fram á niunda áratugnum og miðast við að meta fram tíðarhorfur sveitarfélaga. Ekkert sveitarfélag á Austurlandi getur, samkvæmt þeim, horft með bjartsýni til framtíðar.

Í greininni má einnig lesa að fimmti hver Austfirðingur er útlendingur og íbúum hefur fækkað um allt að helming í sumum sveitarfélögum. Hvergi á landinu eru kynjahlutföll jafn skökk og á Austurlandi.

Þá kemur fram að þrátt fyrir mikla uppbyggingu á Austurlandi er meðal fermetraverð íbúðahúsnæðis með því sem lægst gerist á landsbyggðinni og um helmingur af meðalverði á landinu öllu ef miðað er við kaupsamninga á árinu 2005.

Jafnframt eru meðaltekjur í landshlutunum undir landsmeðaltali og lægstu tekjurnar nálægt helmingi lægri en meðaltalið.

-sda / sjá síðu 10



HALLDÓR KVADDUR Þingmenn Framsóknarflokksins kvöddu Halldór Ásgrímsson, fyrverandi formann flokksins, í kvöldverðarboði í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu í gærkvöldi. Halldór sat á þingi í 31 ár og var ráðherra í 17 ár. Hann var kjörinn formaður Framsóknarflokksins 1994 en lét af formennsku í ágúst. Á myndinni eru Valgerður Sverrisdóttir, Guðjón Ólafur Jónsson, Dagný Jónsdóttir, Jónína Bjartmarz, Sív Friðleifsdóttir, Halldór Ásgrímsson, Jón Sigurðsson og Hjálmar Arnason. Guðni Ágústsson varaformaður er í embættiserindum í útlöndum og gat því ekki verið viðstaddur kvöldverðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Grínistinn Sacha Baron Cohen kemur Kasakstan á kortið:

Bush ber mikið lof á Nazarbajev

BANDARÍKIN George W. Bush Bandaríkjaforseti jós lofi á Nursultan Nazarbajev, forseta Kasakstans, þrátt fyrir að stjórnskipan þessa Mið-Asíulands sé afar langt frá því að vera lýðræðisleg.

Þeir Bush og Nazarbajev snæddu saman í Hvíta húsinu í Washington í gær. Bandaríkin líta á Kasakstan sem mikilvægan bandamann í stríðinu gegn hryðjuverkum, auk þess sem Bandaríkin kaupa töluvert af olíu þaðan.

„Ég hef fylgst náið með þróun þessa mikilvæga lands allt frá því það var á áhrifasvæði Sovétríkja-anna þar til það varð sú frjálsa þjóð sem þar býr nú,“ sagði Bush



SACHA BARON COHEN Í GERVI BORATS Ríkisstjórn Kasakstans sá sig nauðbeygða til að kaupa fjögurra blaðsíðna auglýsingapláss í New York Times til að leiðrétta grínið. NORDICPHOTOS/AFP

við Nazarbajev. „Ég kann að meta leiðtogastarf þitt, herra forseti.“ Breska gamanleikaranum

Sacha Baron Cohen, sem er þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Ali G, hefur hins vegar verið harðbannað að koma í Hvíta húsið, enda er hann afar illa liðinn af stjórnvöldum í Kasakstan vegna kvikmyndar hans um kasaksku fréttamanninn Borat. Í myndinni heldur Borat því fram að þjóðardrykkur landsins sé gerjað hrossahland, að þar njóti dýrin meiri réttinda en konur og að áhugamál sem njóti virðingar meðal þjóðarinnar séu til dæmis nauðganir og sífjaspell.

Andúð stjórnvalda í Kasakstan hefur aftur á móti auðveldað Cohen mjög að auglýsa kvikmyndina. -kóp/gb



JÓN ATLI OG BUBBI MORTHENS Ómögulegt hefði verið að rita bókina ef aðalpersónan væri ekki jafn afdráttarlaus og raun ber vitni. FRÉTTABLAÐIÐ VALLI

Ný bók um Bubba Morthens: Ekkert þukl án fullnægingar

BÓKMENNTIR „Mér finnst sá Bubbi Morthens sem maður sér í tímaritum ekki sami maðurinn og ég skrifaði bók um,“ segir Jón Atli Jónasson rithöfundur, sem hefur, í samvinnu við Bubba Morthens, skrifað bók sem byggir á ævintýralegu lífshlaupi rokkstjórnum. Bubbi segist sjálfur hafa haft af því áhyggjur í upphafi að nóg væri komið af og um Bubba. Hins vegar byggir bókina á allt annarri nálgun.

„Það sem hefur verið skrifað um mig í fjölmiðlum er einhvers konar útgáfa af mér,“ segir Bubbi. „En þessi tímaritaviðtöl geta aldrei orðið annað en tilraun. Þetta er þukl án fullnægingar.“

-jbg / sjá síðu 32

Harmdauði við Spánarströnd: Ansjósur drepa sig í stórum stíl

SPÁNN, AP Milljónir af dauðum ansjósum hafa fundist á norðurströnd Spánar. Svo virðist sem þær hafi synt á land, hugsanlega til að forðast ránfiska í hafinu.

„Meira en þrjú tonn hafa fundist til þessa,“ segir Luis Laria, sem hefur umsjón með verndun sjávarlífs við Spánarströndur.

Veidar á þessari tegund af ansjósum eru bannaðar, en þær þykja hið mesta lostæti.

„Þetta er eiginlega stórslys,“ sagði Laria. „Við megum ekki veida þær vegna þess að þær eru svo fágætar, en nú eru þær að drepa sig sjálfar.“ -gb

Opið 10-18 í dag

Kringlan

SPURNING DAGSINS



Árni, ertu hræddur við Árna?

Maður á alltaf að bera virðingu fyrir keppinautum sínum, en umfram allt að bera virðingu fyrir kjósendum sínum.

Árni Johnsen tilkynnti á fimmtudag að hann hygðist sækjast eftir forystusæti hjá Sjálfstæðisflokknum á Suðurlandi. Árni Mathiesen fjármálaráðherra sækist eftir því að leiða listann í sama kjördæmi.

Næsti framkvæmdastjóri SP:

Ban Ki-moon líklegastur

SUBUR-KÓREA, AP Utanríkisráðherra Suður-Kóreu, Ban Ki-moon, þykir líklegasti maðurinn til að ná



BAN KI-MOON

kjöri sem næsti framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, þegar Kofi Annan lætur af störfum í lok þessa árs. Óformleg atkvæðagreiðsla í öryggisráði SP á fimmtudag staðfesti þennan orðróm, en þá hlaut Ban Ki-moon 13 atkvæði af 15 mögulegum. Af þeim sjö manns sem í framboði eru, hlaut Indverjinn Shashi Tharoor, sem nú starfar sem aðstoðarframkvæmdastjóri SP, átta atkvæði.

Kosið verður um framkvæmdastjórnann á allsherjarþingi SP síðar í haust. - smk

Amfetamínsmyglarar:

Áfram í gæslu

LÖGREGLUMÁL Gæsluvarðhald tveggja Litháa, sem reyndu að smyglja rúmlega sjö kílóum af amfetamíni í tveimur bílum með Norrænu, var í gær framlengt um hálfan mánuð.

Mennirnir komu til landsins með bílana 31. ágúst. Við leit í þeim fundust 26 þakningar sem höfðu að geyma amfetamínið. Efnin höfðu verið falin á ýmsum stöðum í bílunum.

Annar mannanna er búsettur hér og bíllinn sem hann flutti með Norrænu var á íslenskum skráningarnúmerum. Hinn maðurinn er búsettur erlendis. - jss

Formaður samninganefndar:

Leggur áherslu á samhæfingu

VARNARMÁL Thomas F. Hall, aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna sem var formaður samninganefndar Bandaríkjanna



THOMAS F. HALL

mannanna í varnarviðræðunum við Íslendinga, segir að með nýja samkomulaginu um varnarsamstarf landanna verði aðgerðir beggja landa gegn ógnum nútímans, hryðjuverkum, alþjóðlegri glæpastarfsemi og fíkniefna-smygli, samhæfðar með skipulögðum hætti. Hægt verði að senda með hraði hingað herlið ef hefðbundnar hernaðarógnir skyldu aftur skjóta upp kollinum.

Í vefrétum bandaríska herafllans, Blackanthem Military News, er haft eftir Hall að heræfingar yrðu haldnar á Íslandi að minnsta kosti einu sinni á ári og bandarísk herskip muni sækja landið heim með reglubundnu millibili. - aa

Deilur Rússa og Georgíumanna harðna:

Meintir njósnarar áfram í haldi

GEORGÍA, SLÓVENÍA, AP Georgískir dómstólar dæmdu í gær tvo af fimm rússneskum hermönnum, sem handteknir voru í vikunni, í tveggja mánaða gæsluvarðhald, en fjórir manna eru grunaðir um njósnir. Ákvörðunin varð síður en svo til þess að draga úr síharðnandi deilum landanna.

Leiðtogar Atlantshafsbandalagsins funduðu um málið í Slóveníu í gær, þar sem rússneskir erindrekar stigu fram og sökuðu aðildarþjóðir NATO frá Austur-Evrópu um að hafa ólöglega séð Georgíumönnum fyrir vopnum.

„Hér er um sjóræningastarfsemi að ræða,“ sagði rússneski varnar-



RÚSSAR Í GEORGÍU Rússneskir hermenn á vakt við höfuðstöðvar rússneska hersins í georgísku höfuðborginni Tiflis.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

málaráðherrann Sergei Ivanov. Hann neitaði að nefna ákveðnar þjóðir, en sagði þó að um nýrri aðildarlönd NATO væri að ræða.

Hann lét einnig hörð orð falla um handtöku rússnesku hermanna og sagði hana vera til þess ætlaða að neyða rússneska herinn burt úr Georgíu svo georgísk yfirvöld gætu fundið „hernaðarlega lausn“ á deilum um tvö aðskilnaðarhéruð sem notið hafa verndar Rússa.

Framkvæmdastjóri NATO, Jaap de Hoop Scheffer, hvatti talsmenn beggja landa til að sýna stillingu og að leyfa ekki deilunni að fara úr böndunum. - smk

Vinstri grænir höfnuðu Smára Geirssyni

Halldór Halldórsson bæjarstjóri á Ísafirði er nýr formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Steinunn Valdís Óskarsdóttir er gáttað á framgöngu vinstri grænna í formannskjörinu en þeir gátu ekki fellt sig við Smára Geirsson. Árni Þór Sigurðsson segir marga hafa átt erfitt með að kjósa Smára vegna framgöngu hans í stóriðjumálum.

STJÓRN MÁL Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, sigraði í kosningu um embætti formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga í gær. Hann hlaut 68 atkvæði gegn 64 atkvæðum Smára Geirssonar, forseta bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Halldór er í Sjálfstæðisflokknum en Smári í Samfylkingunni.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, fullyrðir að vinstri grænir hafi greitt Halldóri atkvæði sín og þannig leitt Sjálfstæðisflokkinn til valda í sambandinu. „Mér finnst þeir [vinstri grænir] hafa klúðrað tækifæri félagshyggju-fólks og jafnaðarmanna til að eignast formann í Sambandi sveitarfélaga,“ segir Steinunn og bætir við að í umræðum um samstarf núverandi stjórnarandstöðuflokka eftir næstu kosningar sé framganga sem þessi ekki trúverðug.

Kosningin var leynileg en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst voru meginlinur þannig að fulltrúar Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar studdu Smára en sjálfstæðismenn og vinstri grænir kusu Halldór.

Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi VG, segist ekki hafa trú á að flokkslinur hafi verið hreinar og klárar. Hann segir þó fulltrúa VG hafa metið hvað væri skynsamlegast fyrir sambandið og hvaða skilaboð það sendi út. „Það þarf ekki að koma á óvart að í okkar huga skipta umhverfismálin miklu máli. Ég held því að margir hafi átt erfitt með að kjósa



MÁLIN RÆDD Kosið var á milli Smára Geirssonar og Halldórs Halldórssonar í embætti formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga á landsþingi þess á Akureyri í gær. Halldór hafði betur.

Smára, burtséð frá óumdeildri reynslu og þekkingu hans á sveitarstjórnarmálum.“ Árni segir að þótt Halldór sé í Sjálfstæðisflokknum sem stendur að gerð Kárahnjúkavirkjunar hafi hann nálgast stóriðjumál með allt öðrum hætti en Smári sem verið hefur einn af helstu talsmönnum fyrir stóriðjuframkvæmdunum eystra. Halldór hafi meðal annars beitt sér fyrir stefnumörkun um stóriðjulausa Vestfirði.

Árni Þór var meðal þeirra sem nefndir voru líklegir kandidatar í formannsembættið. Steinunn Valdís segir hann hafa falast eftir stuðningi Samfylkingarinnar.

bjorn@frettabladid.is

Breiðholtsdagurinn er í dag og verður margt til skemmtunar:

Gróskan í hverfinu í öndvegi

FÉLAGSMÁL Breiðholtsdagurinn er haldinn hátíðlegur í dag en dagurinn er hluti verkefnis til að efla samfélagið í Breiðholti. Barnaþing var haldið á fimmtudaginn þar sem tólf ára börn kynntu hugmyndir sínar um betra Breiðholt og um kvöldið voru íbúasamtök Breiðholts stofnuð. Einnig var bæklingur um félagsauð dreift í öll hús í Breiðholti.

„Öll þessi verkefni ganga út á það að fá Breiðholtsbúa til að vinna saman, skemmta sér, skiptast á skoðunum og finna út hvernig þeir geta bætt sitt samfélag,“ segir Þráinn Hafsteinsson, frístundaráðgjafi hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Breiðholtsdagurinn, sem er í Mjóddinni dag, er hugsaður sem skemmtun og tækifæri fyrir Breiðholtsbúa til að koma fram og sýna gróskuna í hverfinu að sögn Þráins. Þar munu svo fulltrúar úr öllum



SAMHUGUR Í BREIÐHOLTSBÖRNUM Um 250 sjöttu bekkingar komu saman á barnaþinginu til að ræða hvernig þeir gætu bætt hverfið sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

grunnskólunum afhenda borgarstjóra niðurstöður barnaþingsins.

Af þeim hugmyndum sem börnin komu með var umgengi þeim efst í huga að sögn Oddnýjar Oddsdóttur, kennara í Breiðholtsskóla, en einnig komu margar ábendingar um samkennd og hjálpssemi. Kristjana,

Hrefna og Andri, nemendur í Breiðholtsskóla, töldu mikilvægt að fólk myndi hætta að henda rusli á götur og að málað yrði yfir veggjakrot. Þeim fannst helst erfitt að velja á milli allra hugmyndanna en fyrsta skrefið væri að láta fjölskyldurnar sínar taka til hendinni. - sdg

Kjartan Ólafsson:

Hefur lagt fram stjórnarsýslukæru

HLERANIR Kjartan Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri, hefur lagt fram stjórnarsýslukæru til menntamálaráðherra, vegna þeirrar ákvörðunar Ólafs Asgeirssonar þjóðskjalavardar að sýnja honum um aðgang að gögnum um símahleranir á árunum 1949-1968. Hann krefst þess að ákvörðunin verði felld úr gildi. Kjartan bendir á að Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur, hafi fengið aðgang að umræddum gögnum og krefst Kjartan þess að fá sama aðgang. Hann bendir enn fremur á að allir skuli jafnir fyrir lögum, samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar. - jss



ÍSLENSKT VEGGJAKROT Kaupmannahöfn hafa ákveðið að útnefna ákveðna veggir undir veggjakrot. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kaupmannahöfn:

Sérstakir veggir undir krot

DANMÖRK Borgaryfirvöld í Kaupmannahöfn hafa ákveðið að taka frá veggpláss í borginni undir veggjakrot. Þetta kom fram á fréttavef Politiken í gær.

Vonast er til að lausnin dragi úr veggjakroti innan borgarmarkanna, en þó telja sumir að áhrifin verði þveröfug – að krotarar sjái þetta sem óbeint leyfi til að krotameira. „Það verður að vera pláss undir veggjakrot í stórborg sem Kaupmannahöfn,“ sagði Klaus Bondam, yfirmaður umhverfissviðs Kaupmannahafnar á borgarráðsfundi á fimmtudagskvöld.

Hreinsun á veggjakroti kostar borgaryfirvöld um 12 milljónir íslenskra króna á ári. - smk

Óviljaverk í Lindaskóla:

Ellefu ára fékk hníf í höfuðið

SLYS Ellefu ára nemandi við Lindaskóla var fluttur á sjúkrahús eftir að jafnaldri hans rak hníf í höfuð hans. Pilturinn slasaðist ekki alvarlega en sauma þurfti nokkur spor.

Gunnsteinn Sigurðsson skólustjóri segir atvikið, sem átti sér stað í matsal skólans á mánudag, hafa verið óviljaverk. Hann segir drenginn sem beitt hafi hnífnum hafa setið og matast þegar sá sem slasaðist kom og ýtti aftan á hann.

Hinn hafi þá ósjálfrátt barið frá sér án þess að átta sig á því að hann hafði hníf í hendinni. „Það hefur verið farið eftir öllum leiðum sem eiga við þegar svona mál koma upp og rætt ítarlega við börn í skólanum og foreldra þeirra,“ segir Gunnsteinn. - kdk

FILIPPSEYJAR

Mannskæður fellibylur

Minnst 48 Filippseyingar hafa farist í fellibylnum Xangsane sem nú gengur yfir Asíu og tuga manna er saknað þar í landi. Fellibylurinn fylgir gríðarleg regn, sem hefur valdið auðskriðum og flóðum víðsvegar um eyjarnar.

ALDRADIR

Dagvistarrýmum fjölgað

Heilbrigðisráðuneytið hefur heimilað að dagvistarrýmum fyrir aldraða verði fjölgað úr fimm í níu á Seltjarnarnesi. Dagvist fyrir aldraða á Seltjarnarnesi tók fyrst til starfa í byrjun árs 2005 og fólst í henni mikil þjónustuaukning fyrir eldri borgara á Seltjarnarnesi.


Mögnuð tilboð á nýjum vörum

NÚ LÍKA Á
MÁNUDAGINN!

28. sept. - 2. okt.

Kauphlaup

í Smáralind

<p>Kaffikerfi Incanto de lux digital. Eitt fullkornasta kaffikerfið, mannhöndin kemur varla nálægt.</p> <p>Aðeins 77.777 kr. Þú sparar 11.123 kr.! Verð áður 88.900 kr.</p> <p>byggtogbúið Smáralind Kringlunni</p> 	<p>ORMSSON</p> <p>SAMSUNG</p> <p>SAMSUNG LE32M51B 32" háskerpu LCD sjónvarp & SAMSUNG DVD-125 DVD upptökutæki og spilari</p> <p>Aðeins kr.: 199.900,- (Áður: 269.800) FYRIR BÆÐI TÆKIN!</p> 
<p>DÚNDURTLIÐ</p> <p>Puma hettupeysa 2.990 kr. Verð áður 4.990 kr. St: 128-176 Litur: blár</p> 	<p>Yasmin dress 4590 1490</p> 
<p>Zink</p> <p>Super bolir 1990 190</p> <p>Ethnic bolir 1490 190</p> <p>Ath. takmarkað magn pr. viðskiptavin.</p> 	<p>Rita hlýrabolir 190</p> <p>Zeline pils 290</p> <p>Johnny kvartbuxur 290</p> <p>Ath. takmarkað magn pr. viðskiptavin.</p> <p>EXIT.</p> 
<p>JACK & JONES</p>	

Vetrargarðurinn í Smáralind

laugardaginn 30. september kl. 11-18
sunnudaginn 1. október kl. 13-18



Kíktu á Ostadaga 2006 og kynntu þér íslenska ostaframleiðslu. Nýjungarnar í ár eru svo sannarlega spennandi!

Nýr ostavefur opnaður. Hoppdrætti með ferðavinningi fyrir tvo frá Iceland Express. Kokkalandslíðið sýnir listir sínar og veitir ráðgjöf. Verðlaunaostar, Skólahreysti, uppskriftir og margt, margt fleira.

Hver er besti osturinn 2006? Hver verður ostameistari Íslands 2006? Svalaðu forvitninni og kitlaðu bragðlaukana um helgina. Það kostar ekkert!



GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	69,91	70,25
Sterlingspund	130,75	131,39
Evra	88,53	89,03
Dönsk króna	11,87	11,94
Norsk króna	10,752	10,816
Sænsk króna	9,536	9,592
Japanskt jen	0,5926	0,5926

SDR	103,15	103,77
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	122,4036	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Tillagan um afnám ríkisábyrgðar og „sérvarin skuldabréf“ hjá Íbúðalánasjóði:

Klár mistök að mati ASÍ

ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR Magnús Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands, segir að niðurstaða stýrihóps félagsmálaráðherra um Íbúðalánasjóð sé bara endapunkturinn á þróun sem hafi verið fyrirsjáanleg í langan tíma. „Við höfum alla tíð litið á þetta sem klár mistök,“ segir hann og telur búið að útrýma hinum félagslega hluta húsnæðiskerfisins.

Í áliti sínu leggur stýrihópurinn til að ríkisábyrgð á Íbúðalánunum verði afnumin og tekin verði upp svokölluð sérvarin skuldabréf. Ef af verður mun Íbúðalánasjóður gefa út sérvarin skuldabréf og leggja í upphafi öll



MAGNÚS NORÐDAHL „Við höfum alla tíð litið á þetta sem klár mistök.“ Hann telur tillögur stýrihópsins endapunktinn á þróun.

fyrri útlán sín sem tryggingu. Ábyrgðin verður því tvöföld, útlán sem eru sérstaklega til-

greind í safni og útgefandinn sem er Íbúðalánasjóður.

Magnús Þór Hafsteinsson, formaður þingflokks Frjálslynda flokksins, er fylgjandi niðurstöðu stýrihópsins og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, er það líka. Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, segir VG standa vörð um Íbúðalánasjóð og vera þeirrar skoðunar að það sé „ekki til góðs að henda þessum málaflökki alfarið út á markaðinn“. Hann telur að niðurstaða stýrihópsins sé liður í því að sætta áreksra bankakerfisins og Íbúðalánasjóðs.

- ghs

Áskorun til Símans:

Tæplega 1000 hafa skráð sig

VESTFIRDIR Um eitt þúsund manns höfðu skrifad undir áskorun til Símans í gær þar sem fyrirtækið var hvatt til þess að ógilda þá ákvörðun sína að skipta landinu upp í misdýr ADSL-gjaldsvæði. Eftir háhraðabreytingar Símans um síðustu mánaðamót greiða internetnotendur á Vestfjörðum sama verð fyrir 6MB/s ADSL tengingu og íbúar á höfuðborgarsvæðinu greiða fyrir 12MB/s.

Heiti undirskriftarsöfnunarinnar er „Aftur til fortíðar?“ og var henni hleypt af stokkunum á fimmtudagsmorgun. Hægt er að skrá sig á listann á heimasíðunni snerpa.is/siminn á Netinu.

- þsj

Dæmdur til að greiða sekt: Faldi kannabis í eldhússkáp

DÓMSMÁL Héraðsdómur Suðurlands dæmdi í gær karlmann til að greiða 170 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs, ella sæta fangelsi í tólf daga. Lögregla hafði fundið hjá honum tóbaksblandað kannabisefni í skál í eldhúsinnréttingu. Einnig 241 kannabisfræ í svartri tösku í eldhúsinnréttingu sem fíkniefnahundur fann lykt af við hútleit lögreglu.

Maðurinn var, auk sektarinnar, dæmdur til að greiða sakarkostnað.

-js

Ísland og Svartfjallaland: Stofna til stjórnmálasambands

STJÓRNMÁL Ísland og Svartfjallaland hafa stofnað til stjórnmálasambands milli ríkjanna.

Utarríkisráðherrar ríkjanna, Valgerður Sverrisdóttir og Míodrag Vlahovic, undirrituðu yfirlýsingu þar að lútandi í New York á þriðjudag.

Svartfellingar samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu fyrr á árinu að segja sig úr ríkjasambandi við Serbíu og ákváðu í kjölfarið að stofna sjálfstætt ríki. Ísland varð fyrst ríkja heimsins til að viðurkenna fullveldi Svartfjallalands.

-bbs

SVÍPJÓÐ

Frumraun í Óskarsslaginn

Svíar hafa tilnefnt myndina Farvæl Falkenberg eftir Jesper Ganslandt til Óskarsverðlauna. Svíar hafa þrívægis unnið til Óskarsverðlauna fyrir bestu erlendu myndina. Allar voru þær eftir Ingmar Bergman.



VÆNDI MÓTMÆLT Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR Lögregla hefur gert gangskör að því að leita uppi erlendar stúlkur hér á landi sem seldar eru í vændi og koma þeim heim. Vændi hefur verið mótmælt harðlega hér og er myndin frá slíkum mótmælum.

Hafa oft sinnis sent vændiskonur heim

Lögreglan í Reykjavík hefur oft á undanförunum árum haft afskipti af erlendum stúlkum sem hingað hafa verið komnar til að stunda vændi. Séð hefur verið til þess að þær færu úr landi. Markmiðið er að finna þá sem gera þær út.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík hefur oft á undanförunum tveimur til þremur árum leitað uppi erlendar stúlkur sem dvalið hafa hér á landi í þeim tilgangi að stunda vændi. Hefur verið gerð gangskör að því að þær færu úr landi.

Lögreglan hefur fylgst grannt með málum af þessu tagi, fyrst og fremst til þess að ná í þá sem standa að baki þessari starfsemi, að sögn Harðar Jóhannessonar yfirlöggregluþjóns hjá Lögreglunni í Reykjavík.

Fréttablaðið greindi í gær frá tveimur pólskum stúlkum, liðlega tvítugum, sem voru hingað komnar til þess að stunda vændi. Þær bjuggu í íbúð í Reykjavík, þegar lögreglan hafði afskipti af þeim.

Þeim var gerð grein fyrir því að ólöglegt væri að stunda vændi hér á landi og eru þær nú farnar af landi brott. Ekkert þótti benda til þess að þær væru hér nauðugar eða hefðu verið gabbadaðar hingað á fólkskum forsendum.

„Markmiðið er að reyna að koma í veg fyrir að þessi starfsemi nái að skjóta rótum hér á landi,“ segir Hörður. „Við erum ekkert endilega að kæra þær stúlkur, sem hingað eru komnar í þessum erindagjörðum, fyrir vændi, heldur stöðva þessa starfsemi og ná tökum á þeim sem staðið hafa á bak við þetta skipulag hverju sinni hér á landi. Það er sú meginstefna sem lögreglan hefur haft í þessum málum.“ Þórunn Þórarinsdóttir hjá Stíga-

mótum kveður það hafa komið fyrir að konur frá Austur-Evrópu hafi leitað aðstöðar hjá Stígamótum eftir að hafa verið seldar í vændi hér á landi.

„Vandinn er bara sá, að þessar konur sem fluttar eru hingað í þessum tilgangi, hafa enga vitneskju um hvar þær geta leitað sér aðstöðar,“ segir Þórunn. „Það er útilokað að koma boðum til þeirra um tilvist Stígamóta, því þeim er algjörlega haldið frá öllu. Við höfum rætt það við yfirvöld hvernig sé hægt að koma einhverjum upplýsingum til stúlkna hér á landi, sem svona er ástatt um. Úrræðið er til staðar fyrir þær en það er ekki einfalt mál að koma upplýsingum um það til þeirra.“

jss@frettabladid.is

Klámfenginn vísindamaður: 500.000 barnaklámmyndir

BRETLAND Stjerneólisfræðingur nokkur viðurkenndi fyrir breskum dómstól í gær að eiga 500.000 barnaklámmyndir. Að því er fram kemur á fréttavef BBC er maðurinn kvæntur tveggja barna faðir.

Hann játaði jafnframt að hafa tekið ósýðlegar myndir af ungum börnum á Trafalgartorgi í London í sumar. Lögmaður mannsins sagði barnaklám vera „tómstundagaman“ hans, en dómari sagði það augljóslega vera eitthvað mun „ískyggilegra þegar barnungar telpur eiga í hlut“.

- smk



LANDSFLUG Hefur sagt upp samningi um sjúkraflug til Eyja.

Sjúkraflug til Vestmanneyja: Landsflug segir upp sjúkraflugi

SJÚKRAFLUG Landsflug hefur sagt upp samningi um sjúkraflug til Vestmanneyja með níu mánaða uppsagnarfresti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur til skoðunar hvort bjóða eigi sameiginlega út styrki til ætunlar- og sjúkraflugs í Vestmanneyjum.

Í sumar var skipaður starfshópur til að gera úttekt á sjúkraflugi í Eyjum og hefur hópurinn nú skilað lokaskýrslu til heilbrigðisráðherra. Þar kemur meðal annars fram að bæta þurfi vinnureglur um boðun sjúkraflugs til að flugrekandi geti brugðist hratt og örugglega við.

- hs

MIDASALA HEST
PRODUÐINGINN
3. OKTÓBER KL.10.00

Cliff HERE AND NOW

mid.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »

á morgun

mánudagur

Kaupmannahöfn	21°C hálfskýjað	London	19°C skúrir	Alicante	28°C léttskýjað
Þórshöfn	13°C skúrir	Paris	21°C skúrir	Mallorca	25°C léttskýjað
Oslo	16°C skúrir	Frankfurt	18°C skúrir	Algarve	24°C léttskýjað
Stokkhólmur	19°C skúrir	Friedrichshafen	19°C léttskýjað	Krit	28°C léttskýjað
Gautaborg	19°C skúrir	Berlin	24°C léttskýjað	Las Palmas	25°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

HAGNAÐUR

Samstarf okkar og viðskiptavina okkar skal skila mælanlegum árangri fyrir báða aðila. Við erum ekki bara að tala um krónur og aura, því hagnaður liggur líka í auknu virði vörumerkja, skilvirkari miðlun upplýsinga og betri þjónustu.

HAMINGJA

Allir eiga að skunda glaðir til vinnu á morgnana. Ánægja í starfi endurspeglast í gæðum verka okkar. Til að geta unnið skapandi vinnu af fitonskrafti þarf vinnuumhverfið að vera skemmtilegt og hvetjandi. Samstarf við viðskiptavini á að grundvallast af trausti og trúnaði.

HUGSUN

Hugsa fyrst, framkvæma svo. Uppbygging vörumerkja og markvisst markaðsstarf útheimtir vandaða ráðgjöf, hvort sem um ræðir öflun og greiningu upplýsinga, markmiðasetningu, áætlanagerð, vörumerkjastjórnun eða hámarksnýtingu fjármuna.

HUGMYND

Slæm hugmynd skilar alltaf slæmri auglýsingu. Góð hugmynd getur hins vegar lifað af slæma útfærslu. Óþið flæði hugmynda og uppbyggileg samskipti eru grundvallaratriði í starfi okkar.

HÖNNUN

Vönduð hönnun þrífst best í andrúmi framsækni og dirfsku. Þetta snýst um ferðalagið, ekki áfangastaðinn. Við höfum náð langt en viljum enn lengra.

FÍTON

Fíton auglýsingastofa fagnar 10 ára afmæli sínu um þessar mundir. Í tilefni af því hefur Fíton fengið nýtt útlit, nýja ásýnd.

Við erum samheldinn hópur ólíkra einstaklinga, sem leitar ávallt að bestu lausn fjölbreyttra verkefna. Allt sem við gerum liggur á mörkum kaos og kosmos, reglu og óreiðu, öryggis og áhættu. Hugsun, hugmynd, hönnun, hamingja og hagnaður eru grundvallaratriði í starfi Fítóns. Við erum síleitandi og margbreytileg, bjóðum núinu birginn og erum óhrædd við að kanna nýjar slóðir.

Við blásum í lúðra og hyggjumst sækja enn lengra, af fitonskrafti.

FÍTONBLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT.

Hefur þú áhuga á hönnun, hugmyndavinnu, uppbyggingu og stjórnun vörumerkja, merki og útliti íslenska hersins eða sýn myndskreyta á forsetahjónin? Fimmta Fítonblaðið kom út í gær. Þú getur nálgast frítt eintak hjá okkur.

KJÖRKASSINN



Er haustið uppáhalds árstíðin þín?

Já	27,6%
Nei	72,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Lentirðu í vandræðum í myrkrinu?

Segðu skoðun þína á visir.is



Samgönguráðherra um möguleika á auknum sjóflutningum:

Kaupendur þjónustu ráða

SAMGÖNGUR Stjórnvöld ráða litlu um hvort strandflutningar verða auknir hér við land. Það eru kaupendur þjónustunnar sem mestu ráða þar um. Þetta segir Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, inntur eftir því hvort búið sé að slá hugmyndina um möguleika á auknum flutningum af því tagi út af borðinu.

Ráðherra efndi til fundar um málið fyrir skemmstu, þar sem mættu fulltrúar flutningafyrirtækja, Samtaka verslunar og þjónustu og fleiri. Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri SVP, sagði að það væri álit talsmanna samtakanna og aðildarféлага að engin forsenda væri fyrir því að auka landflutninga, nema helst þá tímabundið á Vestfirði. Fremur ætti að líta til endurbóta á vegakerfi landsins, sem væri víða afar lélegt.

Sturla gerir ráð fyrir því að málið verði frekar rætt á fundi í október.



FRAKTFLUTNINGAR Samgönguráðherra segir strandflutninga enn til athugunar.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

Dæmdur fyrir metamfetamín

DÓMSMÁL Karlmaður hefur í Héraðsdómi Reykjavíkur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir að hafa í vörslu sinni metamfetamín, sem hann ætlaði til sölu og dreifingar. Jafnframt fyrir að hafa selt talsvert magn af sama fíkniefni.

Maðurinn hefur hlotið níu refsídóma, einkum fyrir líkamsárásir, þjófnaði og önnur hegningarlagabrot, nú síðast 15. júní, en þá var hann dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir minni háttar líkamsárás og áfengislagabrot. Brotið, sem hann er sakfelldur fyrir í máli þessu, var frammið fyrir uppsögu nefnds dóms.



KONUKOT REKIÐ ÁFRAM Frá undirritun samningsins í gær.

Konukot rekið áfram:

Segir enga óvissu hafa ríkt

VELFERÐARMÁL Skrifað hefur verið undir samning um áframhaldandi rekstur Konukots. Reksturinn verður í höndum Rauða kross Íslands með þjónustusamningi frá Reykjavíkurborg.

Jórunn Frímansdóttir, formaður velferðarráðs, segir að með þessu sé búið að tryggja úrræði fyrir heimilisláusar konur áfram. „Samningurinn gildir til 30. apríl 2007, en tíminn þangað til verður notaður til að finna þessum hópi varanlegri lausn.“ Jórunn segir að aldrei hafi ríkt óvissa um að úrræði fyrir heimilisláusar konur yrði rekið áfram og skýr vilji nýs meirihluta hafi alltaf verið til staðar.

Engin myrkvun á Ísafirði:

Menning styrkt í staðinn

BÆJARSTJÓRNARMÁL Bæjarráð Ísafjarðar hefur ákveðið að styrkja Rætur, félag áhugafólks um menningarfjölbreytni á svæðinu, um 200 þúsund krónur.

Þetta er sú upphæð sem farið hefði í að myrkva bæinn í fyrrakvöld í tilefni af alþjóða kvikmyndahátíðinni.

Í bréfi Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra kemur fram að myrkvunin hefði kostað 200 þúsund, þar sem þurft hefði að kalla út mikinn fjölda starfsmanna til verksins. Einnig kemur fram að til þess að slökkva á götulýsingu hefði þurft að slá út alls átján spennistöðvum, þar á meðal í Hnífsdal og Óshlíð.

LÖGREGLUFRETTIR

Hross rak á land

Sjökveði hross fannst í fjörunni á Gálmaströnd í gærmorgun. Bændur urðu varir við hrossið þar sem það velktist um í fjörunni við Gálmaströnd. Strandavefurinn skýrir frá þessu. Ekki er vitað hvaðan hrossið hefur borist.

Ungmenni handtekin

Þrjú ungmenni á aldrinum fimmtán til sextán ára voru handtekin í Grafarvogi í fyrrinótt grunuð um innbrot. Þau gistu fangagæmslur og voru yfirheyrð í gær.

Vill útskýra umdeild verk Bandaríkjanna

Rudolph Giuliani, fyrrverandi borgarstjóri í New York, hefur ekki enn tekið ákvörðun um það hvort hann ætli að bjóða sig fram til forsetaembættis í Bandaríkjunum. Hann flutti erindi um kosti góðra leiðtoga í Reykjavík í gær.

ÍSLANDSHEIMSÓKN Eitt af því fyrsta, sem Rudolf Giuliani, fyrrverandi borgarstjóri í New York, myndi gera yrði hann forseti Bandaríkjanna væri að útskýra betur fyrir umheiminum hvað Bandaríkin væru að gera í baráttu sinni gegn hryðjuverkum.


Hann sagðist ekki telja að þær umdeildu aðgerðir, sem núverandi stjórn Bandaríkjanna hefur gripið til, væru óeðlilegar, en álit fólks á Bandaríkjunum hefði minnkað vegna þess að stjórnvöld hafi ekki staðið sig nógu vel við að útskýra afstöðu sína.

Þetta sagði Giuliani í gær á ráðstefnu í Borgarleikhúsinu í Reykjavík, sem haldin var í tilefni af hundrað ára afmæli Símans.

Hann sagðist þó enn ekki hafa ákveðið hvort hann ætli að sækjast eftir að verða forsetaframboðandi Repúblikanaflokksins árið 2008, þegar næst verða forsetakosningar í Bandaríkjunum. Fyrst ætli hann að einbeita sér að þingkosningunum núna í nóvember og leggja sitt af mörkum til þess að repúblikanar haldi þingmeirihluta í báðum deildum Bandaríkjaþings. Einnig þurfi hann að fullvissa sig um að framboð verði raunhæft áður en hann tekur ákvörðun.

Giuliani var borgarstjóri í New York í átta ár, frá ársbyrjun 1994 til ársloka 2001, en hætti þá vegna þess að lög heimila ekki að borgarstjóri þar í borg sitji lengur en tvö kjörtímabil.

Hann nýtur mikilla vinsælda í Bandaríkjunum og vakti heldur betur athygli heimsins fyrir rögg-sama frammistöðu sína í kjölfar árásanna á New York, sem gerðar voru undir lok seinna kjörtímabilsins. Eftir að hann hætti sem



AÐ LOKNUM BLAÐAMANNAFUNDI Rudolph W. Giuliani, fyrrverandi borgarstjóri New York, ásamt eiginkonu sinni Judith, sem stendur að baki honum

borgarstjóri stofnaði hann ráðgjafafyrirtækið Giuliani Partners. Hann gerir töluvert af því að ferðast um og flytja fyrirlestra, gjarnan um það hvað prýða má góðan leiðtoga.

Í fyrirlestri sínum hér á landi sagði hann leiðtoga þurfa að hafa skýrar og sterkar hugmyndir sem gætu hreyft við fólk, og tók sem dæmi um slíka leiðtoga bæði Ronald Reagan og Martin Luther King.

Á blaðamannafundi, sem haldinn var að lokinni ráðstefnunni, var borgarstjórinn fyrrverandi meðal annars spurður hvað honum myndist um þær fjölmörgu samsæriskeningar sem tengjast árásunum haustið 2001.

„Samsæriskeningarnar um 11. september trufla mig, en þær eru svo framandi og fjarlægjar að það er ekki hægt að taka þær alvarlega.“

gudsteinn@frettabladid.is

Þriðjungur af öllum tilkynntum vinnuslysum er slys á útlendingum:

Pólverjar í verstu slysunum

VINNUMARKAÐUR Pólverjar, sem starfa á Íslandi, virðast lenda í alvarlegri vinnuslysum en aðrir ef marka má tölur um vinnuslys hjá Vinnueftirliti ríkisins. Kristinn Tómasson, starfsmaður Vinnueftirlitsins, segir það vera tilfinningu sína, þegar skoðað sé hlutfall beinbrota en það sé tvöfalt meira hjá Pólverjum en öðrum. „Það er ekki víst að þetta séu vondir vinnuveitendur,“ segir hann. „En þetta bendir til þess að vinnuumhverfi þeirra sé verra og hættulegra og að tilkynningaskyldunni sé verr sinnt fyrir Pólverja en aðra.“

Ýmislegt bendir til þess að



VINNUSLYS Pólverjar virðast lenda í alvarlegri vinnuslysum. Kristinn Tómasson hjá Vinnueftirlitinu telur að vinnuumhverfi Pólverjanna geti verið hættulegra en annarra. Fólkið á myndinni tengist ekki efni fréttarinnar.

aðeins alvarlegustu slysin á Pólverjum séu tilkynnt til Vinnueftirlitsins og því segir Kristinn viðbúið að hér á landi sé hópur af Pólverjum sem hafi lent í vinnuslysi sem ekki hafi verið tilkynnt um til Vinnueftirlitsins.

Um þriðjungur af öllum þeim vinnuslysum sem tilkynnt eru til Vinnueftirlitsins eru slys á útlendingum.

Kristinn segir skýringuna á þessum mikla fjölda þá að margir útlendingar vinni hjá Impregilo og þar hafi mörg vinnuslys orðið. Impregilo hafi jafnframt gott tilkynningakerfi og tilkynni öll vinnuslys strax.

-ghs

Kauphlaup

ROSENDAHL
vatnskarafli og tvö glös
og margt margt fleira




Frábær verð á Kauphlaupi

Verð áður kr. 3.420 Verð nú kr. 2.560



S. 544 2140



> Saman náum við árangri – um allan heim

Hjá Samskipum fara saman kraftur og sóknarhugur nýrrar kynslóðar og ómetanleg áratuga reynsla. Við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum áreiðanlegar heildarlausnir á sviði flutninga um allan heim og höfum byggt upp samhentan hóp og traust flutningakerfi sem tryggja skjóta og örugga þjónustu jafnt innanlands sem utan.

Skrifstofur Samskipa: Bandaríkin, Belgía, Brasíla, Danmörk, England, Eistland, Færeyjar, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kína, Lettland, Lítháen, Noregur, Rússland, Skotland, Spánn, Suður-Kórea, Svíþjóð, Úkraína, Víetnam, Þýskaland. **Umboðsmenn:** Finnland, Portúgal.

samskip
SAMAN NÁUM VIÐ ÁRANGRI

VEISTU SVARID?



1 Hvað heitir umdeildi stjórn-
málamaðurinn sem ákvað að
snúa aftur á stjórnmalavett-
vanginn í vikunni?

2 Hvaða breska stórblað
hefur keypt birtingarréttinn
á örmynsasögum Hugleiks
Dagssonar?

3 Hvernig endaði leikur
íslenska kvennalandsliðsins í
knattspyrnu gegn Portúgal sem
var háður á fimmtudag?

SVÖRIN ERU Á BLS. 58

Ríkissjóður skilar 36 milljarða króna tekjuafgangi á fyrri helmingi þessa árs:

Afgangur hjá ríki, halli í sveit

VIBSKIPTI Tekjujöfnuður ríkissjóðs á öðrum ársfjórðungi var jákvæður um 17,5 milljarða króna samkvæmt bráðabirgðatölum sem Hagstofan birti í gær um fjármál hins opinbera. Heildartekjur ríkissjóðs voru ríflega 98 milljarðar króna og heildarútgjöldin um 81 milljarður króna. Þegar litið er á fyrstu sex mánuði ársins skilaði ríkissjóður 36 milljarða króna afgangi. Hafa heildartekjur hans aukist um 11,7 prósent og útgjöldin um 3,6 prósent.

Á öðrum ársfjórðungi nemur áætlaður halli sveitarfélaganna þremur milljörðum króna. Heild-



SEDLAVESKI Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands virðist budða ríkissjóðs troðin meðan heldur vantar í veskið hjá sveitarfélögum.

artekjur þeirra nema 34,7 milljörðum króna en heildarútgjöld 37,6 milljörðum króna. Á fyrri hluta ársins hafa heildartekjur

sveitarfélaganna vaxið um rúmlega ellefu prósent frá sama tímabili síðasta árs og útgjöldin um tæplega tólf prósent.

Heildartekjur hins opinbera, ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru í heild áætlaðar 131,2 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi þessa árs. Tekjujöfnuðurinn er áætlaður 14,7 milljarðar króna eða rúmlega ellefu prósent af tekjum hins opinbera. Litið til fyrri helmingis ársins hafa tekjurnar aukist um 11,7 prósent frá samsvarandi tímabili fyrra árs og útgjöldin vaxið um rúmlega sex prósent.

- hhs

Aquanetworld:

Dæmt til að endurgreiða

HÉRAÐSDÓMUR Héraðsdómur Reykjavíkur hefur komist að þeirri niðurstöðu að Aquanetworld og stofnandi þess, Mark Ashley Wells, eigi að endurgreiða Lesley P. Ágústsson tæplega 2,7 milljónir króna ásamt dráttarvöxtum og 450 þúsund krónur í málskostnað.

Lesley lagði tæpar 2,7 milljónir í Aquanetworld veturinn 2004-2005 og átti að vera svæðisbundinn stjórnandi á Íslandi. Fljótlega komst hún á þá skoðun að Mark beitti blekkingum til að leggja fé í félagið. Mark bauð henni endurgreiðslu sem hún þáði en endurgreiðslan fór aldrei fram.

- ghs

Ræða Clintons í Bretlandi:

Almenningur er gleyminn

MANCHESTER, AP Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjamanna, heillaði flokksmenn



BILL CLINTON

Verkamannaflokksins upp úr skónum með ræðu sem hann hélt á flokksþinginu á miðvikudag.

Clinton hrósaði flokknum fyrir vel unnin störf en varaði við því að almenningur væri fljótur að gleyma „félagslegum framförum“. Sagðist hann tala af reynslu, því hann hefði barist við fjárlagahalla um árabíl til þess eins að sjá hann vaxa úr öllu valdi, skömmu eftir að George W. Bush tók við embætti. Því þyrfti að vekja kjósendur til meðvitundar um að framfarir flokksins væru ekki sjálfsgáðar.

- kóp

Aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna um nýja samkomulagið um varnarmálin:

Bjargföst varnarskuldbinding

VARNARMÁL Nicholas Burns, sem er aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna og sá maður sem hringdi í Geir H. Haarde 15. mars síðastliðinn til að tilkynna Íslendingum ákvörðunina um brottför varnarliðsins, segir nýja samkomulagið um varnarmálin „styrkja hið nærri sextíu ára tvíhliða samstarf þjóðanna“. Hann ítrekar „bjargfasta skuldbindingu“ Bandaríkjamanna til varna Íslands.

Burns svaraði spurningum sem Fréttablaðið sendi honum í tölvupósti. Spurður hvaða langtímaáhrif þessi mikla breyting á varnarsamstarfi ríkjanna muni hafa á pólitísk tengsl ríkjanna segir Burns:

„Þessir samningar styrkja hið nærri því sextíu ára gamla tví-

hliða samstarf okkar, en að því stefndu ríkisstjórnir beggja landanna þegar við hófum þessar viðræður. Þeir byggja á bjargfastri skuldbindingu okkar að verja Ísland samkvæmt varnarsamningnum frá 1951 og Atlantshafs-sáttmálanum frá 1949. Nýju samningarnir marka líka brautina að því hvernig öryggisþörfum Íslands er fullnægt, og að Ísland leggi sitt af mörkum til öryggismála í heiminum, í baráttunni gegn hryðjuverkum, gegn smygli á eiturlyfjum og fólki og gegn útbreiðslu geryðingarpöpnna.“

Þar sem Ísland er nú eina NATO-ríkið án loftvarna eða virks lofthelgiseftirlits, eins og NATO sér Eystrasaltsríkjunum þremur fyrir, var Burns líka inntur eftir því hvort Bandaríkin ætluðust til



NICHOLAS BURNS „Skuldbinding okkar stendur óhögguð,“ segir aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

að evrópsku bandalagsríkin muni framvegis sjá um að gæta öryggis íslensku lofthelginna eftir að Bandaríkjamenn eru hættir því.

Í svari sínu lýsir Burns því yfir

að Bandaríkin muni „standa við skuldbindingu sína til að verja Ísland, í samræmi bæði við varnarsamninginn frá 1951 og Atlantshafs-sáttmálanum. Skuldbinding okkar stendur óhögguð.“ Það sem hafi breyst á síðustu árum sé eðli þeirrar ógnar sem að Íslandi og öllum NATO-bandalagsþjóðunum steðji.

Bandaríkin kunni annars „sannarlega að meta framlag Íslands til að hjálpa okkur og bandamönnum okkar í NATO að mæta ógnum 21. aldarinnar með verkfærum 21. aldarinnar,“ segir Burns, og lýkur máli sínu á þessum orðum: „Ég legg aftur á móti áherslu á að við stöndum að fullu við skuldbindingu okkar til að verja Ísland og erum fyllilega færir um það.“

audunn@frettabladid.is

Allir velkomnir

Komdu,
smakkaðu og
upplifðu!

**Í Vetrargarðinum í Smáralind laugardaginn 30. september kl. 11–18
sunnudaginn 1. október kl. 13–18**

Kíktu á **Ostadaða 2006** og kynntu þér íslenska ostaframleiðslu. **Nýjungarnar í ár eru svo sannarlega spennandi!** Nýr ostavefur opnaður. **Happdrætti** með ferðavinningi fyrir tvo frá Iceland Express. **Kokkalandslíðið** sýnir listir sínar og veitir ráðgjöf. **Verðlaunaostar, Skólahreysti, uppskriftir** og margt, margt fleira.

Hver er besti osturinn 2006? Hver verður ostameistari Íslands 2006? Svalaðu forvitninni og kitlaðu bragðlaukana um helgina. **Það kostar ekkert!**

Happdrættismiði

Fylltu miðann út, komdu með hann á Ostadaða í Vetrargarðinum í Smáralind 30. september og 1. október og þú átt möguleika á að vinna flugferð fyrir tvo með Iceland Express.

Fullt nafn: _____

Póstnr.: _____ Sveitarfélag: _____

Heimilisfang: _____

Heimasími: _____ Gsm: _____

Tölvupóstfang: _____

Nafn vinningshafa verður birt á heimasíðu Ostadaða- og smjörölunnar, www.ostur.is, þriðjudaginn 3. október.

Chateau d'Ax®



ÍTÖLSK GÆÐI

Chateau d'Ax - Ítölsk hágæðahúsgögn -
hönnuð til að fullkomna heimilið og gleðja augað.



hülsta 


Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI

Hülsta - þýsk eðalhúsgögn sem sameina gæði, smekkvísi
og yfirburðahönnun undir einn hatt. Sjón er sögu ríkari.



VATIKANID

JENSEN®



SOFÐU BETUR

Jensen - Norsk hágæðarúm. Svo þú sofir betur!



VERSLUNIN HEIMA ER FLUTT Í STÓRT OG
GLÆSILEGT HÚSNÆÐI VIÐ SÍÐUMÚLA 30.

heima

síðumúla 30 - 108 reykjavík - sími 568 4242

Flóttinn af landsbyggðinni

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR
sda@frettabladid.is



engu sveitarfélagi á Austurlandi er kynjahlutfallið í samræmi við landsmeðaltal. Þá eru Austfirðingar yfir meðalaldr landsmanna og elstir í Borgarfjarðarhreppi og Breiðdalshreppi, þar sem meðalaldr er yfir 42 ár.


Íbúðaverð langt undir meðlaggi

Þrátt fyrir mikla uppbyggingu á Austurlandi er meðalfermetravæðing íbúðarhúsnæðis með því sem lægst gerist á landsbyggðinni. Meðalverð í landshlutanum öllum er um 89 þúsund krónur á fermetranum ef miðað er við kaupverð íbúðarhúsnæðis árið 2005, þar sem fjöldi kaupsamninga er þrjátíu eða fleiri. Hafa þarf þó þann fyrirvara að tölurnar eru einfalt meðaltal kaupverðs. Eignir eru mismunandi eftir svæðum og skekkir það verðsamunur milli þeirra.

Verðið er lægst á Seyðisfirði, eða rúmar sextíu þúsund krónur á hvern fermetra, en hæst í Fljótshálsa, þar með talið á Egilsstöðum, þar sem fermetrin selst fyrir rúmlega tvöfalt hærri upphæð; 125 þúsund krónur. 150 fermetra íbúðarhúsnæði kostar samkvæmt þessu rúmar níu milljónir á Seyðisfirði en tæpar nítján milljónir á Fljótshálsa. Til samanburðar má nefna að jafnstór íbúð á höfuðborgarsvæðinu kostar um 29 milljónir. Íbúi á Seyðisfirði sem selur 150 fermetra íbúðarhúsnæði sitt og flytur á höfuðborgarsvæðið getur því keypt um 47 fermetra íbúð fyrir andvirðið.

Þá má skoða fjölda kaupsamninga á síðasta ári á hverja þúsund íbúa, en hæfileg hreyfing á eignum er gott merki um heilbrigðan fasteignamarkað. Meðaltalið fyrir landið allt var rétt undir 45 samningum á hverja þúsund íbúa. Í einungis einu sveitarfélagi á Austurlandi var fjöldi kaupsamninga yfir meðaltali, það var á Seyðisfirði. Í öllum hinum var óeðlilega lítil hreyfing á eignum og lítið um kaup og sölu.

MANNFJÖLDAÞRÓUN Á AUSTURLANDI 1988-2005



Austfirðingar í útrýmingarhættu

Íbúum á Austurlandi hefur fækkað um tólf prósent á síðasta aldarfjórðungi, ef útlendingar með tímaþvæðna búsetu eru undanskildir. Fækkað hefur um allt að helming í sumum sveitarfélögum.


Einn af hverjum fimm Austfirðingum er útlendingur og er hlutfall útlendinga í öllum sveitarfélögum, nema einu, á Austurlandi yfir landsmeðaltali. Þótt erlendir verkamenn séu taldir með eru íbúar Austurlands átján prósentum færri en þeir ættu að vera ef íbúafjöldun hefði fylgt fjölgun á landsvísu.

Ef íbúum á Austurlandi hefði fjölgað í samræmi við landsmeðaltal á síðasta aldarfjórðungi, að erlendum farandverkamönnum með tímaþvæðna búsetu í landshlutanum undanskildum, væru þeir þriðjungur fleiri nú en þeir eru í raun. Íbúar væru tæp fimmtán þúsund í stað rúmlega ellefu.

Þrjár fjórðu útlendingar

Í Fljótshálsa er hlutfall útlendinga hæst á öllu landinu, þar sem þrjár af hverjum fjórum íbúum eru útlendingar. Stærstur hluti starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun býr í Fljótshálsa, þar sem fjórðungur íbúa sveitarfélagsins er útlenskur.

Þá hefur íbúum í landshlutanum, að útlendingum meðtöldum, ekki fjölgað hlutfallslega meira á síðasta áratug en á síðasta aldarfjórðungi, þrátt fyrir stóru fjölgunarmörkunum.



hás hlutfalls erlendra verkamanna. Í tveimur sveitarfélögum hefur íbúafjöldi nánast staðið í stað á tímabilinu, Hornafirði og Fjarðabyggð, en í hinum fimm hefur íbúum fækkað um tuttugu til 38 prósent.

Raunfækkun án útlendinga

Ef íbúafjöldi í hverju sveitarfélagi er skoðaður nánar, að undanskildum erlendum verkamönnum, þar sem þeir munu nánast allir hverfa aftur til síns heima að loknum framkvæmdum, er raunfækkunin enn meiri. Íbúar í landshlutanum öllum, að frátöldum erlendum verkamönnum, eru þá tólf prósentum færri nú en fyrir aldarfjórðungi.

Fækkunin er hlutfallslega mest

í Fljótshálsa, þar sem íbúum hefur fækkað um rúmlega helming. Íbúum hefur einungis fjölgað í einu sveitarfélagi í landshlutanum á síðasta aldarfjórðungi ef útlendingar eru undanskildir, Fljótshálsa. Fækkunin í hinum er víða í kringum fjórðungi prósent, en þó minnst á Hornafirði, tvö prósent.

Kynjahlutföll skökk

Hvergi á landinu eru kynjahlutföll jafn skökk og á Austurlandi, þar sem um sex karlar eru á móti hverjum fjórum konum að meðaltali. Helsta skýringin á því er fjöldi karlanna við virkjunarframkvæmdir og er hlutfall karlanna hæst í Fljótshálsa, þar sem þeir eru 85 prósent íbúa. Í

Öll á úreltingarlista

Ef kenningar tveggja bandarískra landfræðinga um framtíðarhorfur sveitarfélaga eru heimfærðar á Austurland og íbúafjöldun vegna erlendra farandverkamanna undanskilin má setja öll sveitarfélög landshlutans á úreltingarlista.*

Viðmiðunarmörk:	1	2	3	4	5	6
	Íbúar eru helmingi færri nú en fyrir aldarfjórðungi	Íbúum hefur fækkað um tíu prósent eða meira á síðasta áratug	Þéttleiki byggðar er innan við tvo íbúa á km ²	Meðalaldrur er 38 ár eða hærri	Meðalmánaðartekjur eru 10% undir landsmeðaltali	Fjöldi kaupsamninga vegna íbúsnæðis 2005 er undir landsmeðaltali*
Sveitarfélag:						
Seyðisfjarðarkaupstaður	nei -30%	já -12%	nei 3,42	já 39,4	nei -12%	nei 72,5
Fjarðabyggð	nei 0%	nei +9%	nei 4,14	nei 36,7	nei -1%	nei 36,5
Vopnafjarðarhreppur	nei -20%	já -17%	nei 0,38	nei 37,9	nei -23%	nei 29,0
Fljótshálsa	nei +128%	nei +226%	nei 0,23	nei 39,8	nei -27%	nei 0,0
Borgarfjarðarhreppur	nei -39%	nei -17%	nei 0,33	nei 42,0	nei -42%	nei 6,9
Breiðdalshreppur	nei -38%	nei -31%	nei 0,51	nei 42,1	nei -31%	nei 17,2
Djúpavogshreppur	nei -21%	nei -23%	nei 0,40	nei 36,8	nei -28%	nei 8,7
Fljótshálsa	nei +62%	nei +39%	nei 0,44	nei 35,7	nei -14%	nei 34,6
Sveitarfélagið Hornafjörður	nei +1%	nei -11%	nei 0,35	nei 35,8	nei -13%	nei 28,3

Viðmiðunarmörkin sex má sjá í töflunni og hafa verið heimfærð upp á íslenskar aðstæður. Samkvæmt þessu eru öll níu sveitarfélög Austurlands í útrýmingarhættu; Seyðisfjörður, Fjarðabyggð, Vopnafjörður, Fljótshálsa, Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Fljótshálsa og Hornafjörður.

Fjarðabyggð er það sveitarfélag sem kemst næst því að lifa af, en þó einungis ef allar sex fjöldi erlendra verkamanna sem þar er nú búsettir dvelur þar áfram. Það er þó útilokað því starfsamningar þeirra miðast við að þeir fari af landi brott að verki loknu.

*Kenningar hjónanna Deborah og Frank Popper voru settar fram í lok níunda áratugarins og miðuðust að því að meta framtíðarhorfur tiltekinn sveitarfélaga á sléttum miklu í miðjum Bandaríkjunum. Þær fólust í því að setja fram sex viðmiðunarmörk sem gæfu vísbendingu um að sveitarfélag ætti sér ekki viðreisnar von. Ef sveitarfélagið uppfyllti tvö eða fleiri skilyrði gat það talist á góðri leið með að fara í eyði.

MEÐALMÁNAÐARTEKJUR

Austurland	288.387 kr.
Seyðisfjarðarkaupstaður	287.311 kr.
Fjarðabyggð	323.072 kr.
Vopnafjarðarhreppur	252.571 kr.
Fljótshálsa	236.999 kr.
Borgarfjarðarhreppur	188.930 kr.
Breiðdalshreppur	223.884 kr.
Djúpavogshreppur	236.238 kr.
Fljótshálsa	281.208 kr.
Sveitarf. Hornafjörður	283.188 kr.
Höfuðborgarsvæðið	353.724 kr.
Landið allt	326.782 kr.

Meðaltekjur undir landsmeðaltali

Meðaltekjur í öllum sveitarfélögum á Austurlandi í fyrra voru undir landsmeðaltali. Lægstar voru þær í Borgarfjarðarhreppi, þar sem þær voru 42 prósentum lægri en að jafnaði á landinu, eða tæpar 190 þúsund krónur á mánuði. Hæstu meðaltekjurnar voru í, eða um 323 þúsund á mánuði, tæplega tvöfalt hærri, en samt sem áður einu prósentu lægri en landsmeðaltal.

Þá er skráð atvinnuleysi í þremur sveitarfélögum yfir landsmeðaltali, mest í Borgarfjarðarhreppi, þar sem það er tæp fimm prósent.

Þetta er fyrsta greinin af átta í greinaflokki Fréttablaðsins um byggðapróun. Á morgun verður fjallað um Suðurland.

Betri vextir á yfirdrætti fyrir alla

Vertu viss um að þú sért að fá bestu vextina!

Sæktu um...

www.s24.is



Sætún 1 • Sími 533 2424

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.286 -0,78% Fjöldi viðskipta: 839
Velta: 20.118 milljónir

MESTA HÆKKUN

 TM
Flaga
Avion
+13,51%
+3,20%
+3,04%

MESTA LÆKKUN

 FL Group
Straumur-Burðarás
Landsbankinn
-1,72%
-1,69%
-1,48%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 67,00 +0,00% ... Alfesca 5,12% ... Atlantic Petroleum 587,00 +0,86% ... Atorka 6,50 +0,78% ... Avion 30,50 +3,04% ... Bakkavör 58,00 -0,17% ... Dagsbrún 5,07 +0,00% ... FL Group 22,80 -1,72% ... Glitnir 20,30 -0,49% ... KB banki 850,00 -0,70% ... Landsbankinn 26,60 -1,48% ... Marel 76,50 -1,29% ... Mosaic Fashions 17,60 -1,12% ... Straumur-Burðarás 17,50 -1,69% ... Össur 126,00 -0,79%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nána á visir.is

Peningaskápurinn ...

Saman á ný

Fjárfestafélagið Grettir, sem er í eigu Landsbankans, Björgólfsfeðga og Sunds, tilkynnti í gær að eignarhlutur félagsins í Avion Group væri kominn í sjö prósent en Straumur-Burðarás seldi bréfin að öllum líkindum. Straumur hefur verið áberandi á kauphlíðinni í vikunni eftir að gengi Avion snarféll í kjölfar uppgjors sem var vel undir væntingum markaðsaðila. Sennilega hefði virði Avion lækkað enn meira ef Straumur hefði ekki komið til sögunnar. Stærsti eigandi í Avion Group er Magnús Þorsteinsson sem sagði skilið við Björgólfsfeðga fyrir rúmu ári síðan, en þremmingarnir högnuðust ævintýrlega á fjárfestingum í Rússlandi og keyptu síðar kjölfestuhlut í Landsbankanum. Félagarnir eru því að færest saman á ný.



Berlingur enn á ferð

Berlingske Tidende tekur fegins hendi öllu því sem hægt er að túlka neikvætt fyrir íslenska viðskiptamenn. Þannig telja þeir að Kaupthing hafi fengið slæm kjör á skuldabréf sín, sem vissulega eru mun lakari en fengist hefðu í fyrra. Kjör hafa almennt versnað á slíkum mörkuðum auk þess sem umræða um bankakerfið varð með þeim hætti að menn töldu íslensku bankana eiga í vandræðum með að fá fjármagn yfirleitt. Það hefur lengi legið ljóst fyrir að kjör bankanna á markaði yrðu verri í skuldabréfaútbodum nú og litlar fréttir í því. Hins vegar hafa kjörin farið batnandi og ánægjulegt að sjá að traust á íslenskum bönkum hefur vaxið. Blaðið sætir líka lagi og hnýtur í Pálma Haraldsson sem seldi hlut sinn í FlyMe. Hann er kallaður grænmetissalinn, en blaðið lætur þess ógetið að Pálmi er með mastersgráðu í rekstrarhagfræði frá Gautaborg og hefur sérhæft sig í erfiðum fyrirtækjum með svo góðum árangri að leitun er á sambærilegu.

MARKAÐSPUNKTAR

Greiningardeild Landsbankans hefur gefið út nýtt verðmat á Alfesca. Í verðmatinu er mælt með því að fjárfestar haldi í bréf sín í félaginu.

Írski laggjaldaflugfélagið Ryanair spáir því að hagnaður félagsins á yfirstandandi rekstrarári, sem lýkur í mars á næsta ári, muni nema 335 milljónum evra, jafnvirði tæpra 30 milljarða króna. Þetta er 11 prósent hækkun á milli ára.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,2 prósent í Bandaríkjunum í ágúst. Þetta jafngildir 2,5 prósentu verðbólgu á ársgrundvelli ef undan er skilin hækkun á matvöru- og raforkuverði, samkvæmt útreikningum viðskiptaráðuneytis Bandaríkjanna. Verðbólga hefur ekki verið meiri í Bandaríkjunum í rúm 11 ár.

Þáttaskil urðu um miðjan ágúst

Úrvalsvísitalan hækkaði um tæp 15 prósent á þriðja ársfjórðungi. Fjögur félög voru í sérflokk: FL Group, Landsbankinn, Bakkavör og Alfesca.

Miklar hækkanir einkenndu þriðja ársfjórðung á innlendum hlutabréfamarkaði. Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði um rúm fimmtán prósent á tímabilinu, eða um 830 stig. Úrvalsvísitalan endaði í 6.286 stigum í gær og er því á svipuðu róli og hún var fyrir hálfu ári.

Það var þó ekki fyrr en upp úr miðjum ágúst sem viðsnúningur varð eftir dauft hlutabréfasumar. Velta snarjókst eftir sumarfríun og var heildarvelta með hlutabréf fjórum sinnum meiri í ágúst en júlí. Margir telja að lífeyrissjóðirnir hafi komið markaðnum aftur á skrið og aðrir fjárfestar fylgt í kjölfarið.

Nokkrar ástæður kunna að skýra umskipti á markaði. Mikilli óvissu var eytt þegar fréttir tóku að berast af góðum gangi viðskiptabankanna við endurfjármögnun vegna ársins 2007 og er henni nú lokið. Þótt bankarnir taki á sig aukinn fjármagnskostnað gefur þetta væntingar um að þeir geti nú snúið sér að öðrum verkefnum.

Þá studdust fjárfestar við góðar afkomutölur á fyrri hluta ársins en hálf árs uppgjör frá Glitni fékk jákvæð viðbrögð frá erlendum aðilum sem smitaði út frá sér á markaðinn. Exista og Marel fengu sterk viðbrögð frá fjárfestum þegar hlutabréf voru seld í félögum í september. Fyrirnefnda

GENGI FÉLAGA Á 3. ÁRSFJÓRÐUNGI

Félag	Gengi 29.9	Breyting
FL Group	22,8	33,3%
Landsbankinn	26,6	31,7%
Bakkavör	58	29,2%
Alfesca	5,12	28,0%
TM	42	16,7%
Össur	126	16,1%
KB banki	850	14,9%
Glitnir	20,3	14,0%
Mosaic	17,6	10,7%
Marel	76,5	8,4%
Vinnslustöðin	4,55	8,3%
Exista	23,2	7,9%
Atlantic	587	6,7%
Actavis	67	6,0%
Flaga	3,87	5,2%
Nýherji	14,9	4,9%
Atorka	6,5	4,8%
Straumur-Burðarás	17,5	0%
Icelandic	8	0%
HB Grandi	11,95	-2,0%
Avion	30,5	-5,9%
Dagsbrún	5,07	-12,3%

Heimild: KB banki

félagið fór jafnframt í gegnum stærstu nýskráningu í sögu íslenska markaðarins.

Fjögur félög voru í sérflokk í þriðja ársfjórðungi. FL Group hækkaði mest allra félaga eða um þriðjung en Landsbankinn, Bakkavör og Alfesca hækkuðu um þrjátíu prósent. Hlutabréf í Dagsbrún lækkuðu mest.

eggert@frettabladid.is

Sameinaður rekstur undir nýju merki Samskipa

Öll starfsemi Samskipa sameinast í dag undir einu nafni og nýju merki félagsins og eru því nokkur tímamót í sögu þess.

Breytingunum er ætlað að styrkja enn frekar ímynd Samskipa á alþjóðlegum flutningamarkaði í kjölfar mikillar uppbyggingar síðustu misseri eftir kaup á hollenska flutningafélaginu Geest North Sea Line og breska flutningafélaginu Seawheel. Velta Samskipa hefur þrefaldast eftir þessar fjárfestingar og farið úr 20 milljónum króna árið 2003 í um 60 milljarða á þessu ári.

„Þetta eru merk tímamót í útrásarsögu okkar,“ segir Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, og segir mikið verk hafa verið að sameina félögin þrjú í eitt. „Á heildina litið er útkoman í samræmi við þær áætlanir sem lagt var upp með í upphafi, að skapa stórt og öflugt gámaflutningafélag sem er leiðandi á Evrópumarkaði.“

Útlitsbreytingarnar hjá Samskipum hafa takmörkuð áhrif hér en erlendis hverfa þekkt nöfn á



NÝJA SAMSKIPAMERKIÐ Með nýju merki Samskipa hverfur til dæmis af gámum nafn Geest North Sea Line. MYND/SAMSKIP

borð við Geest og Seawheel. Í staðinn kemur nýtt merki Samskipa. „Við erum stolt af þessum breytingum. Við vorum í hópi fyrstu útrásarfyrirtækjanna og lítum á þetta sem enn eitt skrefið í þeirri þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum árum þar sem íslensk fyrirtæki setja æ meira mark sitt á alþjóðleg viðskipti. Það gleður okkur líka hér heima að leggja á áfram rækt við þann frumkvöðlaanda sem einkennt hefur starfsemi Samskipa frá upphafi, bæði heima og erlendis, hjá hinu sameinaða félagi,“ segir Ásbjörn.

- óka

Samræmdur afgreiðslutími Póstsins á höfuðborgarsvæðinu

Nú hefur afgreiðslutími pósthúsa á höfuðborgarsvæðinu verið samræmdur. Hér eftir er opið á virkum dögum milli kl. 9 og 18* en lokað um helgar. Afgreiðslutíminn er sem hér segir:

101 Reykjavík	Pósthússtræti 5	Mánud.- föstud. kl. 09.00-18.00
105 Reykjavík	Skipholt 50a	Mánud.- föstud. kl. 09.00-18.00
108 Reykjavík	Grensásvegi 9	Mánud.- föstud. kl. 09.00-18.00
109 Reykjavík	Nettó í Mjódd	Mánud.- föstud. kl. 10.00-18.00
110 Reykjavík	Rofabæ 7	Mánud.- föstud. kl. 09.00-18.00
112 Reykjavík	Hverafold 1-3	Mánud.- föstud. kl. 09.00-18.00
170 Seltjarnarnes	Hagkaup, Eiðistorgi	Mánud.- föstud. kl. 09.00-18.00
200 Kópavogur	Hamraborg 3	Mánud.- föstud. kl. 09.00-18.00
210 Garðabær	Hagkaup, Garðatorgi 5	Mánud.- föstud. kl. 09.00-18.00
220 Hafnarfjörður	Firðinum	Mánud.- föstud. kl. 09.00-18.00
270 Mosfellsbær	Nóatúni, Þverholti 6	Mánud.- föstud. kl. 09.00-16.30
Fyrirtækjapósthús	Stórhöfða 32	Mánud.- föstud. kl. 09.00-18.00

www.postur.is

*Opið frá kl. 10.00-18.00 í Nettó í Mjódd

*Opið frá kl. 9.00-16.30 í Nóatúni, Þverholti 6, Mosfellsbæ



Nýtt tákni um gæði

Uppskeruhátíð

Góð tíð

Komdu á Uppskeruhátíð Brimborgar í dag

Kröftug og heilbrigð fræ gefa góða uppskeru í hvaða tíð sem er. Nú er haust. Og tíðin góð. Nýttu góðæri haustsins og gerðu bestu kaupin hjá Brimborg. Komdu á Uppskeruhátíð Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford á ofurgóðu uppskeruverði. Komdu í kaffi og kleinur.

Kynntu þér einnig góð kjör á bæði bílasamningi og rekstraleigu Brimborgar. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Lægri vextir. Lægri lántökugjöld.

Opið í dag frá kl. 12 til 16.

OFURTILBOÐ Á FORD
LÆGRI VEXTIR
LÆGRI LÁNTÖKUGJÖLD



Komdu á Uppskeruhátíð Brimborgar í dag



Ford Fiesta Trend
1,4i 5 dýra 5 girá*

Uppskerutilboð 1.530.000 kr.
Bílasamningur 18.100 kr.
Rekstrarleiga 27.610 kr.



Ford Focus Trend
1,6i 5 dýra 5 girá*

Uppskerutilboð 1.990.000 kr.
Bílasamningur 23.550 kr.
Rekstrarleiga 34.340 kr.



Ford Focus C-Max Trend
2,0i 5 dýra sjálfskiptur*

Uppskerutilboð 2.290.000 kr.
Bílasamningur 27.490 kr.
Rekstrarleiga 37.530 kr.



Ford Mondeo Trend
2,0i 5 dýra sjálfskiptur*

Uppskerutilboð 2.290.000 kr.
Bílasamningur 27.490 kr.
Rekstrarleiga 39.050 kr.

Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á uppskeruverði.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.


FRÁBÆR TILBOÐ Á BARNAHÚSGÖGNUM

Við höfum endurhannað barnadeildina okkar. Komdu í Húsgagnahöllina og upplifðu ævintýraheim barnsins.

Stærri & betri
barnadeild

20%
afsláttur

FLEXA Pi&Panter, Junior Living, Jubee, Sakwa



PI & PANTER BARNARÚM HÁTT EÐA LÁGT

Hátt B70 x L200 x H124 cm. Kr. 31.984 án dýnu.
Lágt B70 x L200 x H65 cm. Kr. 19.984 án dýnu, áður 24.980

31.984
verð áður: 39.980



PI & PANTER SKRIFBORD

Skrifborð B100 x D55 x H72 cm. Kr. 15.184
Kommóða B65 x D45 x H90 cm. Kr. 18.384, áður 22.980

15.184
verð áður: 18.980



PI & PANTER BORD

Borð B60 x L60 x H50 cm. Kr. 4.784
Stóll kr. 3.984 áður 4.980. Ruggustóll kr. 5.584 áður 6.980

4.784
verð áður: 5.980

20%
afsláttur



BARNARÚM

FLEXA stækkanlegt barnarúm B80 x L125-205 x H70 cm kr. **23.984**.
Verð án dýnu og fylgihluta*

23.984
verð áður: 29.980



FLEXA SAMSETNING

FLEXA rúm 90 x 200 cm með stiga, handríði og göflum kr. **37.944**.
Verð án dýnu og fylgihluta*

37.944
verð áður: 47.430



FLEXA SAMSETNING

FLEXA rúm 90 x 200 cm, með stiga, handríði, göflum, og rennibraut
kr. **59.440**. Verð án dýnu og fylgihluta*

59.440
verð áður: 74.300

* FLEXA einingarnar eru seldar stakar: Dýnur - gafflar - uppistöður - stigar - rennibrautir - áklæði - púðar - tjöld - vasar og fleira .

Tilboðin gilda til 31. október á meðan birgðir endast.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl



HÚSGAGNAHÖLLIN



40% afsláttur

33.980

verð áður: **56.980**

KOJA MEÐ SKÚFFUM

JUBEE kaja með skúffum hlyn/hvít, B95 x L206 x H168 cm kr. **33.980**. Verð án dýnu.



SAKWA

SAKWA Grjónasekkur 150 lítra microfiber margir litir kr. **3.184** áður kr. 3.980

SAKWA Grjónasekkur 220 lítra microfiber margir litir kr. **9.584** áður kr. 11.980



SAKWA

SAKWA Grjónasekkur 300 lítra nylon/bómull margir litir kr. **11.984** áður kr. 14.980



SAKWA

SAKWA 24seven basic brúnn/camuflage/dökkblár/rauður kr. **15.984** áður kr. 19.980



SAKWA

SAKWA 24seven wallbanger svart/camuflage/dökkblár/rauður kr. **15.984** áður kr. 18.980

20% afsláttur

KOMMÓÐA

12.784

verð áður: **15.980**

JUBEE kommóða með 4 skúffum, B45 x D50 x H106 cm Kr. **12.784**.



SKRIFBORD

JUBEE skrifborð B110 x D24/82 x H74/144, kr. **9.584**
JUBEE yfirhilla á skrifborð B106 x H70/145 kr. **6.384** áður kr. 7.980

9.584

verð áður: **11.980**

RÚM MEÐ 3 SKÚFFUM

JUBEE barnarúm með 3 skúffum B95 x L206 x H60 cm kr. **19.984**. Verð án dýnu.



19.984

verð áður: **24.980**

Dómstólar eru á villigötum ef þeir ætla að hafa frétttaflutning sem viðmið í dómum sínum.

Glæpur og refsing

JÓN KALDAL SKRIFAR

Þegar lög eru brotin, eða grunur vaknar um lögbrot, segja fjölmiðlar gjarnan af því fréttir. Hvernig tekið er á málum, hvort birt séu nöfn og ljósmyndir af þeim sem koma við sögu þurfa þeir sem stýra fréttum að veða og meta í hverju tilfelli.

Fréttir af ofsakstri eru til að mynda í fæstum tilvikum tilefni til nafn- og myndbirtingar. Undantekningartilfellið gæti þó til dæmis verið ef samgönguráðherra eða formaður Umferðarráðs væru gripnir glöðvolgir við slíkt athæfi. Þá þætti engum skrytið ef fjölmiðlar greindu skilmerkilega frá brotum þeirra með mynd og nafni, enda menn sem starfa sinna vegna er hægt að gera sérstakar kröfur til á vegum úti.

Yfirleitt er þó öllu flóknara að meta hvenær er við hæfi að fjalla opinskátt um þá sem grunaðir eru um að hafa brotið af sér. Seint verður fest niður ein regla í þeim efnunum enda skoðanir vægast sagt misjafnar á málinu.

Annar angif af umfjöllun fjölmiðla um sakamálið er sú útbreidda hugmynd að ákveðin refsing geti falist í því að lenda í kastljósi fjölmiðlanna. Í sumum tilfellum hafa dæmdir menn jafnvel sagt að umfjöllun fjölmiðla um mál þeirra hafi verið þeim þungbærust.

Fjölmiðlar dæma hins vegar engan til refsingar heldur flytja fréttir sem í hlutarins eðli geta aldrei verið öllum að skapi. Í þessu samhengi er rétt að minna á að sú tilhneiging að vilja fella boðbera slæmra tíðinda er gamalkunn og erfið við að eiga.

Í Héraðsdómi Reykjavíkur bar það við að í byrjun vikunnar féll dómur í manndrápsmáli sem ekki var hægt að skilja á annan hátt en þann að hinum ákærða væri metið til refsilækkunar að fréttir höfðu verið fluttar af máli hans, eða eins og Jónas Jóhannsson héraðsdómari orðaði það „vegna þess hve óvægna umfjöllun ákærði hefur sannanlega hlotið fyrir atlöguna hjá einstökum fjölmiðlum“.

Sem betur fer er þetta ekki algengt sjónarmið dómara, því þarna er komið út á mjög svo hálán ís.

Þetta er þó ekki fordæmalaust því í fyrravor skilaði Jón Steinar Gunnlaugson hæstaráttardómari sérákvæði þar sem mátti greina svipuð sjónarmið til dómvalds fjölmiðla.

Í tilefni af nýföllum héraðsdómi er rétt að rifja upp það sem hér var skrifað í kjölfar sérákvæðis Jóns Steinars, um þau vandkvæði sem dómstólar standa frammi fyrir ef þeir kjósa að hafa fréttir sem viðmið í dómum sínum.

Fyrsta spurning er: Hvaða forsendur eiga þeir að gefa sér þegar mælistika er lögð á opinbera umfjöllun? Er það fjöldi ljósmynda sem birtast af sakborningi? Hversu margir dálksentimetrar eru skrifaðir og hversu margar mínútur eru lagðar undir mál hans í ljósvakamiðlunum? Þá hlýtur líka að verða að taka tillit til útbreiðslu fjölmiðlanna, lestrar þeirra og áhorfs. Eiga dómara að styðjast við kannanir á þeim þáttum svo hægt sé að meta til hversu margra frétttaflutningurinn náði og þar með hversu stóran afslátt eigi að gefa sakborningi af refsingunni?

Hversu vonlaus leið þetta er sést best á því að klókur verjandi gæti búið svo um hnútana að umfjöllun og ljósmynd af skjólstæðingi hans birtist í fjölmiðlum og vonað að það yrði sakamanninum til refsilækkunar.

Fjölmiðlar flytja fréttir og dómstólar eiga að dæma óháð þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTABLAÐAR:** Arnalds Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Halldórsson **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík

Prófkjör til að velja frambjóðendur á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík fyrir Alþingiskosningarnar vorið 2007 fer fram laugardaginn 11. nóvember 2006.

Þeir hafa rétt til að bjóða sig fram í prófkjöriinu sem eru félagar í Samfylkingunni og eru kjörgengir til Alþingis og fá meðmæli minnst 30 og mest 50 flokksfélaga með lögheimili í Reykjavík. Frambjóðendur skulu tilkynna um framboð sitt bréflaga til skrifstofu Samfylkingarinnar að Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík. Þar eru jafnframt veittar nánari upplýsingar um framkvæmd og reglur prófkjörsins. **Framboðum ber að skila fyrir kl. 14 laugardaginn 21. október 2006.**

Kjörstjórn Samfylkingarinnar í Reykjavík



FRÁ DEGI TIL DAGS

Fylgst með lónssöfnun

Vatnssöfnun í Háslón er hafin sem kunnugt er. Þjóðinni gafst kostur á að fylgjast með upphafi hennar í beinni útsendingu á Stöð 2 í lýsingu Kristjáns Más Unnarssonar fréttamanns. Nokkur fjöldi fylgdist með af útsýnispalli Landsvirkjunar, fulltrúar verktakafyrirtækja voru margir og fjölmiðlafólk sömuleiðis. Tímaritið National Geographic er á meðal erlendra fjölmiðla sem mun gera Kárahnjúkavirkjun skil – í janúarhefti ritins verður grein um þessa stærstu framkvæmd Íslandssögunnar.



Ómar á reki

Einn var þó fjölmiðlamaðursem

ekki fylgdist með þegar hjárennslisgöngunum var lokað. Ómar Ragnarsson sem fylgst hefur grannt með framkvæmdinni frá upphafi sat í bát sínum á bökkum Sauðár og beið eftir að komast á flot í lóninu. Með honum í för er Sigurður Grímsson kvikmyndatökumaður sem fylgdist með Ómari og mun vera að gera um hann mynd. Þeir félagar héldu áfram siglingu sinni um lónið í gærmorgun en lentu í vandræðum með motorinn í Örkinni hans Ómars. Hann drap á sér og þeir stóðu í nokkru stappi við að koma honum í gang á nýjan leik.

Malbikuð náttúruvernd

Ómar er nýorðinn opinber andstæðingur virkjunarinnar en

eflaust hefur marga sem með honum hafa fylgst grunað að hann stýddi ekki framkvæmdina. Náttúruverndarsinnar fagna eflaust liðssinni Ómars við málstaðinn enda þeir höfuðandstæðingar Kárahnjúkavirkjunar. Vinstrireyfingin – grænt framboð, eini stjórnmalaflokkurinn sem hefur verið eindreginn í afstöðu sinni gegn framkvæmdinni, er þó ekki skipaður náttúruverndarsinnur að mati Staksteina Morgunblaðsins. Steingrímur J. Sigfússon er ekki á móti malbikuðum vegum á hálendinu og því ekki náttúruverndarsinni að mati blaðsins. Staksteinar virðast þannig leggja að jöfnu malbikuðum vegum og framkvæmdir sem raska lífríki í heilum landsfjórðungi.

Það húmar að hausti

Ég neita því ekki að stundum sækir á mig depurð og söknuður þegar haustið kemur. Það slokknar þínulítið á manni, sólin lækkar á lofti, laufflöðin falla og langur kaldur veturinn er framundan. Það er farið þetta sumar og kemur aldrei aftur. Við erum öll orðin einu sumrinu eldri. Og ævin einu sumrinu styttri.

En þegar að er gáð er sumarið ekkert mikilvægara eða merkilegra heldur en árið allt um kring og hinar árstíðirnar. Haustið hefur líka sinn sjarma og haustið er eins og lífið í allri sinni hnotskurn: merki breytingarinnar, áframhaldsins, aðdragandi vetrarins með sínum ævintýrum og rómantík. Eða hvað er yndislegur en myrkrið í loftinu, kertaljósíð í glugganum, gnauðið og snjóflygurnar úti fyrir og kyrrðin í kringum þig. Haustið nálgast eins og ævikvöldið, sem ber kyrrðina í sér. Kyrrðin er nefnilega líka eftirsóttur tími í lífi manns. Þá fjarar út löngunin í æðibunuganginn, leitni að hinni ímynduðu hamingju, eltingarleikurinn eftir hillingunum, allt hverfur þetta og vikur í burt með árunum og haust lífsins færir manni annarskonar og kannske þessa einu sönnu lífsfyllingu, að eldast í sátt við sjálfan sig. Það er sömuleiðis óumbreytanlegur þáttur í lífi okkar og þá er gott að eldast, ef maður metur og skilur þau verðmæti, sem í því felast. Spakur maður sagði einu sinni, að það væri synd að eyða æskuþróttinum í unga fólk. Það kynni ekki að fara með hann.

Í þessu samhengi langar mig að segja ykkur frá því þegar ég brá mér inn á bensinstöð í vikunni, var að kaupa mér pylsu, ef ég man rétt, og þarna stendur glaðlegur maður á mínum aldri og heilsar kumpánlega og það



ELLERT B. SCHRAM Í DAG | Árstíðirnar

rifjast upp fyrir mér að þarna var kominn jafnaldri minn frá því í gaggó í den tid, kvennaflagari og djammari á þeim sokkabandsárum og mikið var hann breyttur og mikið fannst mér hann vera eldri en ég. En þarna stóð hann í biðröðinni og brosti til mín og við hlöðina á honum stóð kona og brosti líka til mín. Og þá mundi ég það sem ég átti auðvitað að muna að þetta var kona mannsins, sem líka var skólasystir mín og þau höfðu skotið sig saman, strax í gaggó og hún var skvísá á þeim árum,

Haustið í lífi þessara gömlu skólasystkina minna var uppskera heitra ásta og ævarandi kynna...

þótt hún bæri það ekki með sér lengur, miðaldra konan, svo ég sé kurteis í lýsingarhættinum.

En þarna stóðu þau glaðleg og kímín og ég sá strax að hér fóru hjónakorn sem ennþá voru eins og nýslegið kærustupar og þau höfðu haldið þetta út í gegnum áratugina og enda þótt sexapíllinn væri ekki lengur sjáanlegur og haustblöðin hefðu fallið í þessu hjónabandi, ríkti ást og umhyggja í garð hvors annars og þau „jú á leið í sumarbústaðinn“,

til að eiga þar rómantíska helgi og njóta einverunnar saman.

Hamingjan og kærleikurinn. Vináttan og umhyggjan. Hún skein úr andliti þessara tveggja einstaklinga, þessara hjóna, þessara gömlu jafnaltra minna, sem höfðu á sínum tíma horfið út í mannhafið og höfðu verið þarna einhversstaðar, allan þennan tíma, þangað til ég hitti þau aftur á þessari bensinstöð! Það var komið haust í lífi þeirra, æskubökkinn var horfinn, hárið hafði gránað, göngulagið breyst og þau voru bæði eins og veðurbarðir bautasteinar, sem höfðu gleymst og týnst. En mikið var gaman að sjá þau, svona ljóslifandi tákngervinga þeirrar kynslóðar, sem hafði gengið í gegnum árstíðir lífsins, sumar, vetur, vor og haust og nutu nú haustsins út í æsar, skildu og virtu þau óhjákvæmilegu örlog að tíminn leið og allt hefur sinn tilgang og tilverustað. Hvað segir ekki Steinn Steinarr í kvæðinu: „Og þú ert eins og geisli frá sumar-sólinni, sem ekki hverfur, þó haustið komi.“

Haustið er uppskera sumarsins. Það ber með sér sólargeislana frá sumrinu inn í veturinn. Haustið í lífi þessara gömlu skólasystkina minna var uppskera heitra ásta og ævarandi kynna, já haustið, sem var komið í lífi þeirra, var afrakstur áralangrar viðleitni til að rækta það sem sáð var og njóta uppskerunnar. Eða til hvers er sáð ef fólk vill ekki líta við uppskerunni, ævikvöldinu, haustinu og ástinni sem það hefur ræktað með sér? Ef það vill ekki njóta birtunnar af sólargeisla sumarsins, sem ekki hverfur þótt haustið komi.

Þannig er árstíð haustsins, jafnglárstíðum lífsins, sem stíga og hníga, koma og fara. Sól rís, sól sest.

Tölum við unglingana okkar

Umræðan

Ungt fólk og forvarnir

Unglingsárin eru skemmtilegur tími í lífi hvers einstaklings. Mikið vaxta-skeið, andlega og líkamlega. Nýjar upp-götvanir á hverjum degi sem eiga þátt í því að breyta barni í unglung. En unglingsárin vara líka í svo ótrúlega stuttan tíma af heilli mannsævi, einungis sjö ár. Það er því mikilvægt að nýta þessi ár vel, lífa heilsusamlegu lífi og grípa tækifærin sem gefast til aukins þroska.

Umhverfi unglunga hefur breyst mikið frá dögum pabba og mömmu svo maður tali nú ekki um afa og ömmu. Á hverjum degi slást ýmsir aðilar um að markaðssetja sig í veröld unglunganna, aðilar eins og tiskuhönnuðir, fjölmiðlar, fíkniefnasalar, sprúttusalar og svo er það netið með öllu því aðgengi sem þar er. Það er því mikilvægt fyrir okkur fullorðna fólk að fylgjast vel með unglungum okkar. Halda utan um hann og láta hann vita hvað okkur þykir vænt um hann, styðja hann og hvetja til að taka þátt í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi og tala við hann um lífið og tilveruna. Hvað ber að varast og umfram allt að kenna honum að segja NEI. Það er nefnilega of seint að byrgja



HELGA GUÐJÓNSDÓTTIR

brunninn eftir að barnið er fallið í hann. Verjum sem mestum tíma saman.

Þann 28. september var forvarnardagur haldinn í grunnskólum landsins undir heitinu Taktu þátt! Hvert ár skiptir máli. Sérstök dagskrá var í öllum 9. bekkjum og eins voru skilaboð send inn á öll heimili landsins. Markmið forvarnarsins er að kynna þrjú heillaræð sem geta forðað börnum og unglungum frá því að verða fórnarlömb fíkniefna. Dagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samstarfi við Ungmennafélag Íslands, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Skátahreyfinguna,

Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Átakið er stutt myndarlega af lyfjafyrirtækinu Actavis.

Spyrjum unglingana okkar hvað fór fram í skólunum þennan dag, ræðum hver þeirra upplifun var og lesum vel skilaboðin sem voru send inn á heimili okkar. Þannig sýnum við að hvert skref, hver dagur og hvert ár skiptir máli þegar velferð unglingsins okkar á í hlut. Sýnum ábyrgð og umfram allt verum góð fyrirmynd.

Höfundur er aðstoðarskólalastjóri og varaformaður UMFÍ.

BT LEIKJA-TROLL

19"

VAXTALAUSI
1.GREIÐSLA 1.DES.

250GB
harður diskur

1 GB
Vinnsluminni

Media Bay

-kortalesari

5.378 **

FYLGIR

COMPANY HEROES

AMD

-Fyrir kraftinn

Práðlaust net

-Engir kaplar

ATI skjákort

-Fyrir leikinn

FYLGIR

11.999

5.378

**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

11.999

Vaxtalaust 12 mán.

143.988

Staðgreitt

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

LKN:DAN-889240-049
FSC Scaleo H1
AMD64 AM2 örgjörvi
ATI X1600Pro 256MB skjákort
1024MB Vinnsluminni DDR2
250GB Harður diskur
Media Bay að framanverðu
DVD Skrifari
Innbyggð þráðlaust netkort
Lyklaborð og mús
Microsoft Windows XP home
Microsoft Works
Norton Internet Suite 2006
WinDVD

20 ÁR
TOSHIBA

FÁRÁNLEGT VERÐ

15,4"

VAXTALAUSI
1.GREIÐSLA 1.DES.

2.681 **

TOSHIBA

PSAA2E-05J02CED

TOSHIBA A100

Intel® Celeron M 360J
512MB DDR Minni (Mest 2GB)
40GB S.M.A.R.T. Harður diskur
15.4" WXGA skjár (1280 x 800 upplausn)
ATI Radeon® Xpress 200M
DVD Super Multi brennari
FireWire - DV Ready
Práðlaus netstýring 802.11BG
Windows XP Home
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

40GB

harður diskur

512MB

Vinnsluminni

20.000
VERÐLÆKKUN

Kortalesari

Intel Celeron M

ATI X200

2.681

**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

5.799

Vaxtalaust 12 mán.

69.588

Staðgreitt

VIÐ LÆKKUM
MATAR

~~14%~~ → 4%

FINNDU MUNINN



SKATTINN

föstudag – laugardag – sunnudag

Skv. heimildum fréttastofu RÚV
ætlar ríkisstjórnin að lækka virðisaukaskatt
af matvælum sem bera 14% í 4%.

KRÓNAN SÝNIR FRUMKVÆÐI!

Frá föstudegi til sunnudags mun
KRÓNAN lækka virðisaukaskatt af matvælum
sem bera 14% í 4%.

**KOMDU Í KRÓNUNA – FYLLTU KÖRFUNA
og FINNDU MUNINN**

Láttu drauminn
rætast!

30%
afsláttur
af
sérsmíðuðum
sófasettum

Þú velur áklæði
stærð og gerð og við
smíðum fyrir þig

Einungis fáanlegt í
Hagkaupum Smáralind
og á Akureyri



Gildir til 5. Október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

MAÐUR VIKUNNAR

Strangheiðarlegt en sjálfhverft hágæðablóð

ÓMAR RAGNARSSON
SJÓNVARPSMAÐUR

Maður vikunnar er sjálfkjörinn að þessu sinni. Ekki verður um það deilt. Ómar Ragnarsson fékk því áorkað sem fáum öðrum hefur og hefði tekist þegar hann síðastliðið miðvikudagskvöld stóð fyrir einhverri stærstu mótmælagöngu Íslandssögunnar með litlum sem engum fyrirvara. Hátt í fimmtán þúsund manns tóku höndum saman og fylgdu eldhuganum Ómari niður Laugavegin, niður hliðarvegi og mynduðu saman mannfur sem streymdi niður að Alþingishúsinu í þeirri veiku von að frá því yrði horfið að koma böndum á sjálfa Jöklu. Mótmæli sem hljóta að fara á spjöld sögunnar og marka straumhvörf.

Hvert mansbarn þekkir Ómar Ragnarsson. Svo áberandi hefur hann verið í um hálföld. Og þegar nánar er að gáð er hann sá sem hann sýnist. Opinn og orkumikill. Ómar kemur til dyranna eins og hann er klæddur.

Ómar lætur ekkert stöðva sig. Svo gagntekinn verður hann af viðfangsefni sínu hverju sinni. Sem er kostur en jafnframt galli. Þannig er Ómar egóisti í þeim skilningi að allt má víkja þegar hann fer af stað. Þó segja þeir sem til þekkja að fyrir um tíu árum hafi runnið upp fyrir honum ljós. Ómar hafi þá orðið sér meðvitaður um að fjölskyldan eigi – jafnvel – að njóta vafans. Að Ómar hafi um fleiri að hugsa en sjálfan sig. Fjölskyldunni þurfi að sinna þótt óbyggðirnar kalli. Og þar er verk að vinna. Ómar á með konu sinni, Helgu Jóhannsdóttur, sem hann kvæntist 1961, 7 börn og 19 barnabörn.

Þeir sem til þekkja segja að Ómari sé best lýst með orðunum: Ofboðslega góður maður. Hann myndi aldrei fara með ósannindi. Og aldrei ljúga upp á neinn. Heiðarleiki er Ómari í blóð borðinn. Hann hefur aldrei notfært sér sambönd sín sér og sínum til hagsbóta eða framdráttar. Hann er prinsippmaður í þessum efnunum. Strangheiðarlegur, hvernig sem á það er litið. Heiðarleiki hans birtist meðal annars í því að sé hann á vegum fyrirtækis síns úti á landi þá sefur hann heldur í bíl sínum fremur en að leigja sér hótél-

herbergi á kostnað vinnuveitenda sinna. Þiggur frekar brauðsneið af bónda fremur en að fara á veitingahús og skrifa reikninginn á kompaníð.

Því miður, segja þeir sem standa honum næst, nær þessi hagsýni ekki til þess sem snýr að honum sjálfum. Ómar á ekki neitt þegar litið er til efnislegra gæða. Hann er hræðilega lélegur peningamaður. Menn ganga svo langt að segja engan hafa eins litið vit á peningamálu og Ómar Ragnarsson. Og ef ekki væri fyrir konu hans væri hann eins og drusla til fara. Helga hugsar fyrir Ómar þegar kemur að praktískum málum. Hann væri algerlega ósjálfbjarga án hennar en Helga passar upp á að Ómar fari í hrein fót og að hann eigi yfirleitt fót til að fara í. „Hann væri Gísli á Uppsölum án Helgu sinnar,“ segir einn heimildarmanna blaðsins. Húsvörk eru honum lokuð bók. Væri hann einn síns liðs væri Cheerios í öll mál. Borðað beint upp úr pakknum.

Ómar er mikill tilfinningamaður og rómantískur svo af ber. Um það vitna mörg ljóða hans. Var til þess tekið í framlagi Ómars til forkeppni Eurovision-söngvakeppninnar, þar sem hann skrifaði fagan brag um ástir foreldra sinna. Og öllum er ljóst, þeim sem hann þekkja, að hann elskar konu sína út af lífinu. Dyrkar götuna

sem hún gengur á. Ómar veit sem er að án hennar væri hann ekkert. Heimildarmenn blaðsins segja þau hjón aldrei rífast. Enda er eitt helsta mottó Ómars það að öll dýrin í skóginum eigi að vera vinir. Allir sátir. Og ekki síst það skýrir hvers vegna hann gengst nú fyrir mótmælunum, eins öfugsnið og það kann að hljóma. Ómar er ósáttur við ósáttina. Hann finnur hversu þjóðin er klofin í afstöðu sinni til Kárahnjúkavirkjunar og því kallar hann eftir sáttaleið.

Einhverjum kann að koma á óvart að Ómar átti einungis örlítið eftir af lögfræðinámi þegar skyldan kallaði. Ómar útskrifaðist sem stúdent frá MR og fór þaðan í lögfræði. Ekki galið þegar til þess er litið að Ómar er orator og sannfæringsarkrafti hans við brugðin. En þegar aðeins var ár eftir af því námi var orðið svo mikið að gera hjá honum við að skemmta að námið var lagt á hilluna.

Allir sem eitthvað vita þekkja hinn ofvirka dellukarl sem Ómar er. Sjónvarpsmaðurinn og skemmtikrafturinn sem flengist landshluta á milli við að greina frá og skemmta. En þeir sem til þekkja telja þó víst að hann hefði ekki verið greindur ofvirkur færi hann í slíka skoðun. Ómar getur setið tímunum saman og lesið. Þá gjarnan bílablöd, flugvélablöd, hnefaleikatímarit og bækur. Þá mun vera vonlaust að ná við hann sambandi. Hann hverfur í sínar bækur og sín blöð. Og á það jafnframt til að sitja klukkustundum saman og gera ekki neitt. Þá væntanlega er verið að hlaða batterfín.

Ahugamál Ómars utan þeirra sem lýsa sér í lesefninu áður nefndu eru Ísland, þjóðin og náttúran. Hann er þjóðernissinni í þeirri merkingu. Þann hafsjó fróðleiks sem hann býr yfir um land og þjóð má rekja til þess að sem drengur fékk hann lömunarveiki. Lá þá lengi í rúmi sínu og hlustaði á veðurfréttir. Hann lærði að þekkja allar veðurstöðvar. Og rýndi í landakortið þar til hann kunnir það utanbókar. Þá er hann og vel lesinn í Íslendingasögum. Hann elskar þessa þjóð og þetta land. Sú setning hljómar klén um flesta aðra en Ómar.



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



RÝMINGARSALA!!!

Laugardag 11-16 og sunnud. 13-16.
Aðeins þessa helgi. Fyrstir koma, fyrstir fá!



ALLT AÐ
600%
AFSLÁTTUR



Álftanes-
vegur

Reykjavík

Keflavík-
vegur

Fjarðar kaup



Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234

mafia - s: 551 4285

Skakkar kým og stóriðja

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá áhrifalitlum hagsmunahópi og nýjum stöðumælavörðum. Kær vinur er kvaddur, vikið að Ómarsgöngunni og fjallað um eldfim umræðuefni eins og ferðamenn, stóriðju og skakkar kým.

Kæra
Dagbók

Þráinn Bertelsson skrifar



FÖSTUDAGUR, 22. SEPT.

Draumastarf fyrir stjórnálmenn

Fyrir utan að leiða til stjórnarskipta höfðu sænsku þingkosningar þann kost með sér að eldri borgurum fjölgaði á þingi.

Um síðustu áramót var fjórðungur sænskra kjósenda 65 ára eða eldri, það er að segja 25 prósent, en aðeins 1,2 prósent þingmanna höfðu náð þessum aldri.

Hætt er við að jafnréttissinnuðu fólki þyki þetta undarleg hlutföll og þau þættu örugglega árnæmisverð ef um kynjahlutfall væri að ræða.

Ekki veit ég hvernig ástandið er á Íslandi en miðað við eftirlaunalögjöfina virðast eldri borgarar þurfa að vera duglegri við að halda fram sínum málum. Hafi hagsmunahópar góðan þingstyrk eru eftirlaunamálin í lagi, samanber smá grín sem alþingismenn samþykktu handa sjálfum sér ekki alls fyrir löngu.

Sannarlega væri það til góðs fyrir Alþingi og landsstjórnina ef fólk sem hefur skilað góðu dagsverki á öðrum sviðum væri til í að láta til sín taka í stjórnálmum í eitt eða tvö kjörtímabil.

Stjórnálmenn sem fara

á eftirlaun og eru við góða heilsu ætti að gera að stöðumælavörðum, því starfi fylgir útivera, holl hreyfing og persónuleg og gefandi samskipti við almenning í staðinn fyrir senila einangrun í seðlabönkum og sendiráðum.

SUNNUÐAGUR, 24. SEPT.

Óli vinur minn

Þetta hefur verið langur dagur. Afmælisveisla í tilefni af þriggja ára afmæli Sólveigar litlu var haldin með fjölda gesta og miklu taumleysi í súkkulaði- og rjómaneyslu. Allt fór það vel fram.



Þetta var hinn ánægjulegi hluti dagsins. En skömmu eftir að veislunni lauk skar Andri sig í putta með ostahníf og pabbi hans þurfti að fara með hann á slysó. Svona tekur ein kynslóð við af annarri. Ekki kem ég tölu á þær ferðir sem ég þurfti að

fara með syni mína á slysavarðstofuna, brotna, brennda, skorna, skrámaða eða tognada.

Rétt fyrir kvöldmat kom svo Magnús Brimar, vinur minn frá árunum þegar ég var að vinna hjá Air Atlanta suður í Arabíu. Því miður ekki í kurteisishéimssókn heldur til að tilkynna mér lát sam-eiginlegs vinar. Óli Smith er dáinn.

Varð bráðkvaddur í dag í Kúala Lúmpúr þar sem hann var stöðvarstjóri.

Ólafur Roy Viner Smith hét hann reyndar fullu nafni, en flestir þekktu hann sem Óla Smith. Hann var lengi hjá Flugleiðum eða Loftleiðum eða Flugfélaginu eða hvað það nú hét, stöðvarstjóri í Glasgow og seinna

í London. Hann var greiðvinkasti maður sem ég hef nokkurn tímann kynnst, vildi öllum gott gera.

Á þeim árum þegar vantaði allt til alls brugðu margir á það ráð að hringja í Óla og biðja hann að kippa með sér einhverju smáræði þegar hann ætti næst leið til landsins, og hvort sem um var að ræða vindlakassa eða vinstra framskiftbretti af Dodge Weapon módel 1943 sagði Óli að ekkert væri sjálf-sagðara og minnst aldrei á borgun.

Það er sorglegt að þessi brosmildi öðlingur skuli vera farinn.



Við ætluðum að verða gamlir saman, við ætluðum að veiða saman og segja hvor öðrum sögur og hlæja saman. Ég ætlaði alltaf að heimsækja hann í Kúala en kom því aldrei í verk. Og nú er hann farinn og skilur eftir sig sóknud og dýrmætar minningar.



ÞRIÐJUDAGUR, 26. SEPT.

Ómarsgangan

Ég er einn heima með börnin. Frú Sólveig fór í Ómarsgönguna að mótmæla Kárahnjúkum.

Vonandi verður sú mótmælaalda sem nú rís til þess að landsfeðurnir og -mæðurnar axli nú þá sjálfsgöðu ábyrgð að gera skynsamlegar áætlanir um landvernd og orkuvinnslu á næstu áratugum.

Ég veit ekki hvort ég hefði farið í gönguna ef ég hefði átt heiman-gengt. Ég hef hingað til treyst stjórnvöldum í þessu máli og trúað því að þetta virkjanabákn sé þjóð-arhagur – og sérdeilis mikill búhnykkur fyrir fólk sem langar að búa á austanverðu landinu.

Fyrst gekk allt af göflunum út af Eyjabökkum en þangað hef ég aldrei komið. Þá var ákveðið að ráðast í Kárahnjúkavirkjun en þangað hef ég heldur aldrei komið. Einhvern veginn stóð ég í þeirri trú að þetta væri málamiðlun, en svo virðist ekki vera. Aldeilis ekki.

Fyrir mína parta hlýt ég að vera undir áhrifum frá Einari Ben. Mér finnst eitthvað tignarlegt við að virkja fallvötn og beisla orku- lindir

náttúr-unnar, fólk til hagsældar. Mér þykja virkjanir yfirleitt fallegar – en verksmiðjur ljótar. Ég væri til í að mótmæla álbræðslunni á Reyðarfirði, álverinu í Straumsvík, Grundartanga og fleiri eiturspúandi skrímslum. Svo þætti mér frábært ef náttúruverndar-sinnar mótmæltu einhvern tímann einhverju sem ég hef séð,

FIMMTUDAGUR, 28. SEPT.

Skakkar kým

Áðan voru götuljósín slökkt.

Ég þori ekki annað en vera mjög hrifinn af myrkvuninni þegar Sólveig kemur inn aftur. Hún fór út með Andra að skoða myrkrið – og stjórnum. Ástandið á heimilinu hefur verið svolítið ótryggt síðan ég álpaðist til að segja um Ómarsgönguna að mér þætti full seint í rassinnu gripíð að mótmæla þegar búið er að framkvæma.

Í myrkrunu sit ég inni og les erlend dagblöð á netinu.

Athyglisverð þykir mér frétt í Ekstra Bladet um Ion nokkurn Astaroia, bónda í Rúmeníu.

Ion þessi virðist hafa frétt af því að íslenskir bændur hafi lengi haft það fyrir satt að kým mjólki betur ef þeim er sköfðu afþreying, svo sem harmóníkutónlist eða útvarpsmessur. Nema hvað þessi rúmneski bóndi tók sig til og fór að blanda kannabíspöntum í kým-fóðrið hjá sér og viti menn: Nytin í kúnum rauk upp úr öllu valdi.

En því miður fyrir Ion bónda og kýmarnar hans tók það að spyrjast út að beljurnar hans væru rammkakkar alla daga og því kom-



ust yfir-völd á snóðir um þessa sérkennilegu landbúnaðar-tilraun og gerðu það sem yfir-völd telja að þau eigi að gera: Bönndu Jónsa að blanda hassi í kvöldgjöfina. Hins vegar vilja þessi sömu yfirvöld laða til sín bæði ferðamenn og stóriðju.



Iokadagur

10 daga

afmælistilboð

20.-30. september

Mora Temp
Handlaugartæki með lyftitappa, mjúkar línur og þægindin í fyrirrúmi.

TILBOÐ:
11.900 kr.

Ifú Kreta m/nuddi
Falleg hönnun sem skapar vellíðan fyrir alla fjölskylduna.

TILBOÐ:
99.000 kr.

Mora Marena
Hitastílt sturtutæki með ömmustöng, sturtuhaus og tilheyrandi búnaði.

TILBOÐ:
28.000 kr.

Í tilefni af 25 ára afmæli Tengis bjóðum við afslátt af völdum vörum, þar á meðal 25% afslátt af sturtuhurðum. Hjá okkur getur þú skapað baðherbergi drauma þinna en við erum með fjölmörg frábær vörumerki sem bjóða upp á glæsilega hönnun á baðkerum, hreinlætistækjum og eldhúsvöskum. Verið velkomin í stórglæsilegan sýningarsal okkar að Smiðjuvegi 76.

HANNAÐU HEIMILIÐ MEÐ TENGI

Opið:
Virka daga 08-18
Laugardaga 10-15

VISA

MasterCard

Nú getur þú greitt með léttgreiðslum Euro og Visa – vaxtalaust í 3 mánuði.

Smiðjuvegur 76 200 Kópavogur Sími 414 1000 Fax 414 1001 tengi.is



2


fyrir 2000

Nújar plötur í 2 fyrir 2000

Þú velur 2 plötur og borgar samtals aðeins kr. 2000



Red Hot Chili Peppers
Blood Sugar Magic



Rod Stewart
Story So Far



Frank Sinatra
My Way, Best Of



Madonna
Greatest Hits Vol. 2



Green Day
International Superhits



Coldplay
X&Y



Queen
Greatest Hits




Robbie Williams
Greatest Hits



Depeche Mode
Playing The Angel



James Blunt
Back To Bedlam



Eagles
Very Best Of



Johnny Cash
American Recordings



Eric Clapton
24 Nights



REM
In Time...Best Of



Michael Buble
It's Time



Cream
Royal Albert Hall 2005



Iron Maiden
Greatest Hits



KT Tunstall
Eye Of The Telescope



Chris Rea
Best Of



Damien Rice
O

Þetta er aðeins brot af úrvalinu!

2 fyrir 2.000 tilboðið er fánlegt í öllum betri plötuverslunum um land allt

NÓATÚN



RISA HÖRPUSKEL
Í VEISLUNA
2.498 kr.
kg




LAMBALÆRI
PESTOSSO
998 kr.
kg



ANDABRINGUR
INNFLUTTAR
2.729 kr.
kg



KRÓNHJARTARFILLET
HIGHLANDGAME STEIK
4.998 kr.
kg



LAMBAGÚLLAS
Í HVÍTLAUKSSÓSU
1.398 kr.
kg



MIÐJARÐARHAFS SALTFIŠKUR
ÚR FIŠKBORÐI
998 kr.
kg



FERSKLEIKI OG GÆÐI ERU UNDIRSTAÐA
ÍTALSKA ELDHÚSSINS



FRESCHETTA ROMA PIZZUR
SPECIALE, FORMAGGI OG ROYALE
299 kr.
stk.



KARTÖFLUSALAT
M. ÓLÍFUM OG SÓLPURK. TÓMÖTUM
269 kr.
stk.

Bestir í kjöti
★★★★★

„Beinlausir fuglar“


Spennandi uppskrift

Ungnautainnræri „beinlausir fuglar“

800 g nautainnræri skorið mjög þunnt
1 gul paprika, skorin í strimla
1 græn paprika, skorin í strimla
1 blaðlaukur, skorin í strimla
4 hvítlauksrif, smátt söxuð
pipar, olía til steikingar og tannstonglar

Kryddið sneiðarnar með pipar, nuddið með hvítlauk og dreifið grænmeti yfir sneiðarnar. Rúllið sneiðunum upp og festið með tannstonglum. Brúnið í olíu á pönnu og bakið 180° heitum ofni í 12 mínútur.

UNGNAUTAINNRÆRI **1.998** kr.
ÚR KJÖTBORÐI kg



GRÍSAHNAKKI
Í BEIKONMARINERINU

1.198 kr.
kg



32%
afsláttur

LAMBAHRYGGUR
LÉTTREYKTUR

1.189 kr.
kg



35%
afsláttur

ÍTÖLSK OFNSTEIK
GÓÐA GOURMET

1.198 kr.
kg



SACLA GÆÐAVARA
ÍTALSKT PESTÓ Á BRAUÐIÐ

25%
afsláttur



GÓÐA EL TORO
PURRVERKAÐUR NAUTAVÖÐVI

33%
afsláttur



NÝTT FRÁ SACLA
BRUSCHETTINA Á BRAUÐIÐ

30%
afsláttur

„Buon' appetito“

“UMMÆLI VIKUNNAR”

„Ég velti fyrir mér í upphafi hvort það sem gerðist 15. mars væri tilefni til að segja samningnum upp og hætta þessu samstarfi.“

Geir H. Haarde forsætisráðherra um varnarsamninginn við Bandaríkin.

„Það er ekki minn still að kvarta undan körlum.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.

stjórnmmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

Skrifæði og pennaleti

Samkvæmt upplýsingum frá Alþingi halda þrjátíu þingmenn úti heimasíðum. Ritgleðin er misjöfn en þeir duglegustu skrifa daglega. Aðrir skrifa sjaldnar og raunar eru nokkur dæmi um að þingmenn hafi ekki sett svo mikið sem staf á síður sínar í fjögur ár. Þegar svo háttar til

má reyndar deila um réttmæti þess að segja að viðkomandi haldi úti síðu. Siv Friðleifsdóttir, Björn Bjarnason, Össur Skarphéðinsson, Sigurjón Þórðarson og Ögmundur Jónasson eru meðal þeirra þingmanna sem dugl e g - astir

eru við skrifin en Lúdvík Bergvínsson og Rannveig Guðmundsdóttir eru sýnu lötust. Þau sáu ástæðu til að stinga síðast niður penna árið 2002. Guðjón A. Kristjánsson og Guðrún Ögmundsdóttir verða líka seint sökuð um ofskrif á sínar síður, þau rituðu síðast greinir árið 2004.

Í vikunni sem er að ljúka skrifuðu sautján þingmenn pistla eða hugleiðingar á síður sínar og sjö til viðbótar hafa skrifað eitthvað í septembermánuði. Hjalmar Árnason og Magnús Stefánsson skrifuðu síðast í júní.

Finna má slóðir á heimasíður þingmanna á síðu Alþingis, althingi.is



VIKA Í PÓLITÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

Á þing

Ég er að fara á þing. Alþingi Íslendinga. Og býst við að sitja þar fram á vor. Ég hef þó hvorki tillögu- né atkvæðisrétt í þinginu og get því ekki barist fyrir hugsjónum mínum. Ég verð þingfréttaritari Fréttablaðsins og er ætlað að flytja tíðindi af baráttu annarra fyrir sínum hugsjónum.



Mér er sagt að starf þingfréttaritarara geti verið skemmtilegt, ekki sist á kosningavetri. Störfín eru þá jafnan liflegri en ella enda tekur lagasetningin og andróðurinn við hana mið af því að kosningar eru í nánd. Þingmenn hafa sig meira í frammi en vanalega og gera ýmislegt til að komast í sviðsljósið.

En mér er líka sagt að starfið geti verið leiðinlegt – jafnvel hundleiðinlegt. Var það ekki Agnes Bragadóttir sem entist til hádegis sem þingfréttaritari Morgunblaðsins? Og svei mér þá ef Davíð Oddsson hefur ekki talað um hve honum leiddist sem þingfréttaritara á sínum tíma.

Umræður á Alþingi hljóta að vera – eins og flest annað – misjafnlega áhugaverðar. Þingmennirnir sjálfir hafa líka mismikla unun af að sitja undir ræðum hver annars, að minnsta kosti skilst mér að hvert sæti þingsalarins sé ekki alltaf settið.

Alþingi er um margt ólíkt öðrum vinnustöðum; hefðirnar og reglurnar eru margar. Mér er til dæmis óheimilt að stíga yfir nokkra þröskulda í þinghúsinu. Verð að halda mig innan þeirra og svei mér þá ef mér er ekki óheimilt að tala yfir þá. En ég má horfa.

Og í matsalnum eiga menn að geta ræst við án þess að til þess sé vitnað og þar er bannað að eiga viðtöl við þingmenn.

Það er ætlast til að menn séu snyrtilegir í þinghúsinu og Levi's og Wrangler eru á óopinberum bannlista. Ætli ég klæðist ekki jakkafötum í vetur, líkt og karlþingmennirnir fjörutíu. Og beri bindi. Sem minnir mig á að fá mér bindi til skiptanna.

Hvað felst annars í snyrtimennsku? Ætli ég þurfi alltaf að vera nýrakaður? Um það verð ég að spyrja.

Starfsaðstaða fjölmiðlamanna í þinghúsinu kallast Bolabás. Þar er ekkert grænt kjarr eins og í kvæði Jónasar en veggirnir hins vegar fagurlega rauðmál- aðir og gluggar snúa út að Reykjavíkurtjörn. Ég get því fylgst með mávunum ræna ætinu af öndunum á meðan ég hlusta á þingmennina ræða um lands- ins gagn og nauðsynjar. Og laga bindishnúttinn um leið.

Þinghald á kosningavetri

Sex þeirra 63 þingmanna sem setjast á Alþingi á mánudag hafa tilkynnt að þeir muni hætta á þingi í vor. Sjö hafa hætt þingmennsku á kjörtímabilinu. Í það minnsta fimm fyrirverandi þingmenn sækjast eftir að komast aftur á þing.



FRÁ ALÞINGI Þing verður sett á mánudag og verður fjárlagafrumvarpinu þá dreift. Umræður um það hefjast á fimmtudag.

Alþingi verður sett á mánudag. Þingsetning verður með hefðbundnum hætti; guðsþjónusta í Dómkirkjunni, forseti Íslands setur þing, aldursforseti stýrir fundi, þingforseti kjörinn, fjárlagafrumvarpinu dreift, kosið í nefndir og hlutast til um sæti þingmanna.

Þótt dagskráin fyrstu daga og vikur geri ráð fyrir venjulegum þingstörfum er hætt við að hugur margra þingmannanna verði heima í héraði, enda standa prófkjör fyrir dyrum. Sagan sýnir að við slíkar aðstæður er meira um umræður utan dagskrár og um störf þingsins en vanalega enda gefst þingmönnum þá tækifæri til að láta ljós sitt skína. Viðbúið er að strax á fyrstu dögum þingsins verði nokkrar utandagskrárum-

ræður, til dæmis um nýja varnar- áætlun Íslands, hleranir og njósnir stjórnvalda á tímum kalda stríðsins og jafnvel umhverfismál.

Nokkur umfangsmikil frumvörp verða tekin til umræðu í haust. Frumvörp um Ríkisútvarpið og fjölmiðla eru væntanleg frá menntamála-

ráðherra og vatnalagafrumvarp iðnaðarráðherra bíður einnig afgreiðslu. Þá verður frumvarp dómsmálaráðherra um meðferð sakamála lagt fram í vetur.

EKKI liggur annað fyrir en að 57 af þeim 63 sem nú eru á þingi sækist eftir endurkjöri í vor. Flestir þeirra þurfa að fara í gegnum prófkjör og er allur gangur á hvort þingmennirnir þurfi að berjast hatrammlega fyrir „öruggu“ sæti á lista. Í sumum tilvikum stefna tveir og jafnvel þrjár þingmenn á sömu sæti en í öðrum tilvikum eru menn svo að segja sjálfkjörnir.



ÁRNI MAGNÚSSON varð starfsmaður Glitnis.

ÞESSI HÆTTU Á KJÖRTÍMABILINU



BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR varð deildarforseti á Bifröst.



DAVÍÐ ODDSSON varð seðlabankastjóri.



GUÐMUNDUR ÁRNI STEFÁNSSON varð sendiherra.

ÞESSI VILJA INN Á NÝ



ÁRNI JOHNSEN þingmaður 1983-1987 og 1991-2001.



ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASSON þingmaður 1995-2003.



GUÐMUNDUR ÁRNI STEFÁNSSON varð sendiherra.



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON hefur ekki tekið við nýju starfi.



TÓMAS INGI OLRICH varð sendiherra.



KARL V. MATTHÍASSON þingmaður 2001-2003.



KRISTJÁN PÁLSSON þingmaður 1995-2003.



SIGRÍÐUR JÓHANNESDÓTTIR þingmaður 1996-2003.

ÞESSI HÆTTA Í VOR



HALLDÓR BLÖNDAL



JÓHANN ÁRSÆLLSSON



JÓN KRISTJÁNSSON



MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR



RANNVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR



SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.

550 5600



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



13.01.06 † Sæbraut
Pétur Sigurðsson
59 ára



19.01.06 † Hnífsdalsvegur
Þórey Guðmundsdóttir
17 ára



23.02.06 † Bæjarbraut
Halla Margrét Ásgeirsdóttir
15 ára



28.02.06 † Sæbraut
Guðrún Jónsdóttir
18 ára



04.03.06 † Hjalteyrargata
Sesar Þór Viðarsson
19 ára



07.05.06 † Kjósarskarðsvegur
John Joseph Cramer
47 ára



06.06.06 † Elliðavatnsvegur
Hallgrímur Páll Guðmundsson
34 ára



02.07.06 † Varmahlíð
Sigrún Kristinsdóttir
20 ára



02.07.06 † Óræfasveit
Heiðar Þórarinn Jóhannsson
52 ára



23.07.06 † Drangsnæsvegur
Þórður Björnsson
83 ára



23.07.06 † Eystri-Rangá
Birkir Hafberg Jónsson
26 ára



07.08.06 † Suðurlandsvegur
Rósa Björg Guðmundsdóttir
36 ára



16.08.06 † Kjalarnes
Linda Björg Rafnsdóttir
16 ára



16.08.06 † Garðskagavegur
Guðmundur Adam Ómarsson
21 árs



16.08.06 † Garðskagavegur
Jóhann Fannar Ingibjörnsson
34 ára



20.08.06 † Vesturlandsvegur
Eugeniusz Leszek Lojko
47 ára



23.08.06 † Vesturlandsvegur
Dariusz Wojewoda
25 ára



27.08.06 † Faxabraut
Bryndis Zophoniasdóttir
74 ára



28.08.06 † Borgarfjarðarvegur
Unnur Bettý Guðmundsdóttir
18 ára



14.09.06

NÚ SEGJUM VIÐ STOPP!

Það sem af er þessu ári (12. september) hafa nítján einstaklingar látið lífið í umferðarslysum á Íslandi. Þetta er hræðilegur fórnarkostnaður og við hljótum að spyrja hvort lífi einhvers þeirra hefði ekki mátt bjarga með betri umferðarmenningu.

Við skorum á alla Íslendinga að segja stopp. Þú getur lagt þitt af mörkum með því að fara inn á www.stopp.is og skrifa undir yfirlýsingu um betri hegðun í umferðinni.

Við vottum aðstandendum hinna látnu okkar dýpstu samúð og þökkum þeim fyrir að leggja okkur lið í þessu brýna verkefni.

www.stopp.is



UMFERÐARSTOFA

PETTA GERÐIST: 30. SEPTEMBER 1955

Lifði hratt og dó ungur

Bandaríski kvikmyndaleikarinn James Dean lést í bílslysi á þessum degi árið 1955. Dean var að þenja nýja Porsche 550 Spyder sportbílinn sinn þegar hann lenti framan á bíl sem kom úr gagnstæðri átt. Sagan segir að síðustu orð Deans hafi verið „gaurinn hlýtur að víkja“ en það er vitaskuld enginn til frásagnar þar sem Dean var einn í bílnum og lést samstundis. Dean hafði nýlengi við að leika í myndinni Giant, þar sem hann lék olíufursta í Texas. Framleiðendur kvikmyndarinnar höfðu bannað honum að stunda kappakstur meðan á tökum stóð, en hann notaði tækifærið um leið og færi



gafst með þessum hörmulegu afleiðingum. Pennan örlagaríka dag var James Dean á leiðinni til Salinas í Kaliforníu þar sem hann ætlaði að taka þátt í kappakstri á nýja bílnum. Fyrir um daginn var hann reyndar stöðvaður fyrir of hraðan akstur. Með honum í bílnum var Rolf Wutherich, bifvélavirki, sem slasaðist illa en náði sér eftir nokkra mánuði. Ökumaður hinnar bifreiðarinnar var 22 ára piltur sem slapp ómeiddur. Kvikmyndin Rebel Without a Cause var frumsýnd 9. október, daginn eftir að James Dean var jarðaður. Giant var frumsýnd ári síðar.

MERKISATBURÐIR

- 1148 Bæjarbruni verður á Mýrum. Þetta er mannskæðasti eldsvoði á Íslandi þar sem meira en sjötíu manns fórust, meðal annars Magnús Einarsson biskup.
- 1399 Hinrik IV verður konungur yfir Englandi eftir að Ríkarður II lætur af völdum.
- 1846 Eter er notað í fyrsta sinn sem svæfingalyf í tannlækningum.
- 1954 Tekin var ákvörðun um að láta smíða fyrsta kjarnorkuknúna kaubát heims, sem bera átti heitið Nautilus.
- 1966 Sjónvarpið hefur útsendingar.
- 1996 Eldgos hefst í Vatnajökli og stendur í tvær vikur. Þetta er talið fjórða stærsta gosið á tuttugustu öld.

tímamót

timamot@frettabladid.is

TRUMAN CAPOTE
FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI

„Allar bókmenntir eru slúður.“

Rithöfundurinn lét mörg gullkornin flakka á sínum tíma.



Þökkum hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar

Ívars Björnsson

frá Steðja, Bólstaðarhlíð 41.

Jarðsungið verður frá Grafarvogskirkju föstudaginn 22. september kl. 13.00.

Gunnar Páll Ívarsson Jónína Ragnarsdóttir
Símon H. Ívarsson María J. Ívarsdóttir
Andrea Margrét Gunnarsdóttir
Katrín Sýlvía Gunnarsdóttir Gunnþór Jónsson
Katrín Sýlvía Simonardóttir
Ívar Simonarson Ástrún Friðbjörnsdóttir
Svandís Ósk Simonardóttir Axel Örn Sigurðsson
Gunnar Páll, Heimir Páll og Hinrik Snær.



Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar dóttur okkar og barnabarns,

Bryndís Evi Hjörleifsdóttir

Heiðarbóli 10, Keflavík.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Barnaspítala Hringins og öllum þeim sem studdu okkur í veikindum Bryndísar Evi.

Hjörleifur Már Jóhannsson Bergþóra Ólöf Björnsdóttir
Jóhann Guðnason Sóley Vaka Hjörleifsdóttir
Björn Viðar Björnsson Birna Oddný Björnsdóttir
Eyjólfur Örn Gunnarsson



Elskulegi vinur okkar og frændi

Kristinn Breiðfjörð

(Dinni) frá Flatey á Breiðafirði, Blesugróf 29,

lést þriðjudaginn 26. september. Jarðsett verður frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 3. október kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Styrktarfélag vangefinna.

Heimilisfólk Blesugróf 29 og aðstandendur.

Legsteinar



Rein ehf. Steiniðnaður
Lækjarmel 2, Síðumúla 17
566-7878 WWW.rein.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Á AÐ BAKI TUTTUGU OG ÁTTA ÁRA FERIL Óli segir framtíðina vera óljósa en að dagskrárgerð og blaðamennska heilli hann enn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÓLI H. ÞÓRÐARSON: HÆTTIR SEM FORMAÐUR UMFERÐARRÁÐS

Stoltur af bílbeltunum

Óli H. Þórðarson lætur af störfum sem formaður Umferðarráðs 1. október, en hann á að baki tuttugu og átta ára feril sem framkvæmdastjóri og síðar formaður ráðsins. „Það er bara tími til kominn að leyfa öðrum að taka við kyndlinum,“ sagði Óli, en að sögn hans hefur ýmislegt gengið á á þessum árum. „Einn eftirminnilegasti slagurinn var sá sem við háðum um lögleiðingu bílbelta á Íslandi. Það voru mjög margir á móti því,“ sagði Óli.

Nú lítur út fyrir að annar erfiður slagur standi fyrir dyrum hjá Umferðarráði, en á sama fundi og Óli tilkynnti brottför sína sendi Umferðarráð frá sér ályktun um ofsakstur, sem Óli segir vera vaxandi vandamál. „Við lýsum þarna yfir mjög miklum áhyggjum af þessari þróun,“ sagði hann. „Það er fullt af fólki víða um land sem á um sárt að binda vegna einhverra kjána sem skilja ekki ákveðna eðlisfræði í umferðinni. Það er ekki mjög gleðilegt að hætta við þær aðstæður.“ Óli segist trúna því að margar ástæður séu fyrir ofsakstrinum og almennu kæruleysi í umferðinni. „Það er nokkuð

mikið agaleysi í þjóðfélaginu sem endurspeglast í umferðinni eins og á öðrum sviðum. Viðurlög eru ekki heldur nógu ströng.“ Umferðarráð hvetur í ályktuninni til þess að viðurlög verði stórhert. „Við viljum láta hækka sektir, endurskoða refsipunktakerfið og það fyrirkomulag sem nú er á þar sem fólk hefur skilyrðislaust ökuleyfi til sjútu. Við viljum geta kallað fólk inn til endurmenntunar og ekki síst þá sem haga sér svona illa.“ Framtíðina segir Óli vera óljósa. „Ég verð í einhverjum verkefnum fram að áramótum og í rannsóknarvinnu á næsta ári. Svo sé ég bara til hvað verður, en ég býst ekkert frekar við því að það verði á sviði umferðarmála.“ Óli var dagskrárgerðarmaður í útvarpi og sjónvarpi áður en hann hóf störf fyrir Umferðarráð. „Það heillar mig ennþá, en ég geri mér fullkomlega grein fyrir að aldurrinn vinnur ekki með manni í því!“ sagði Óli. „Hvað sem verður vil ég bara þakka öllum þeim fjölmörgu sem ég hef haft samskipti við í gegnum tíðina, og þar meðtöldum gríðarlegum fjölda blaðamanna og fréttamanna.“

-sun

Elsta kona Norðurlands látin

Jóhanna Þóra Jónsdóttir, elsta kona Norðurlands og næstelsta kona á Íslandi, lést á Dvalarheimilinu Hlíð aðfaranótt 26. september. Hún var þá 106 ára gömul. Jóhanna fæddist á Illugastöðum í Fnjóskadal 12. febrúar árið 1900, en fluttist til Akureyrar árið 1934. Hún bjó í Aðalstræti 32 í 67 ár, eða þar til að hún fluttist á Dvalarheimilið Hlíð á 102. aldursári.

Á 104 ára afmæli sínu sagðist Jóhanna aldrei hafa neitt áfengis né tóbaks. Hún taldi reglusamt lífverni og létta lund vera lykilinn að langlífi.

JÓHANNA ÞÓRA JÓNSDÓTTIR

Með nokkrum niðja sinna á 106 ára afmælinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐBJÖRG BIRGISDÓTTIR





KRAFTMIKILL OG SNARPUR
Reynsluakstur Volvo S80
BÍLAR 2

SVART, ÞRÖNGT OG KARLMANNLEGT
Jakkafötin í haust eru aðsniðin og klassísk
TÍSKA 6



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[FERÐIR BÍLAR TÍSKA
MANNLEGI ÞÁTTURINN]

Fimmta tölublað Útiveru er komið út. Að þessu sinni er áherslan lögð á ferðasögur Íslendinga erlendis og sagt er frá ferðum til ítölsku Dólómítanna, Pýreneafjalla og Alicantefjalla svo eitthvað sé nefnt.

Herragarðurinn í Kringlunni hefur nú opnað verslun sína aftur eftir gagngerar endurbætur og stækkun.

Bílabúð Benna verður opin á laugardögum í allan vetur. Verslun Bílabúðar Benna er opin frá kl. 10-13 og Bílasala fyrir Chevrolet og SSangYong er opin frá kl. 12 - 16.

Íslenskir karlmenn hafa flutt sig um set og eru nú á Laugavegi 7. Þar fást sem fyrr herraföt í úrvali fyrir alla sanna íslenska karlmenn.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn
30. september, 273. dagur
ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 7.33	13.18	19.01
Akureyri 7.19	13.02	18.44

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Árni segir nýjustu BMW bílana ekki heilla sig og er mun hrifnari af eldri og einfaldari týpum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Með blæjuna niðri

Árni Björn Kristjánsson er mikill BMW áhugamaður og þrátt fyrir ungan aldur hefur hann átt fjóra slíka bíla. Nú á hann BMW E30 325i Cabrio.

Árni er búinn að eiga bílinn í einn og hálfan mánuð en er nú þegar farinn að leita sér að nýjum bíl. „Ég hef mikinn áhuga á öðrum bíl þannig að ég er að reyna að selja þennan,“ segir Árni. Þetta er í annað sinn sem bílinn kemur inn í fjölskyldu Árna því fyrir tíu árum flutti faðir hans hann inn. Hann átti bílinn í rúm fimm ár og seldi hann síðan.

Árni er ekki einn af þeim sem veigrar sér við að hafa blæjuna niðri. „Það er hægt að keyra hvenær sem er, svo lengi sem ekki er rigning. Ég tek blæjuna niður ef það er ágætt veður en það þarf ekkert að vera heitt ef maður er með góða miðstöð,“ segir Árni og hlær.

Þótt hann sé einungis 19 ára hefur Árni átt fjóra BMW bíla og stefnir nú á að eignast þann fimmta. Allir bílarnir eru eldri árgerðir. „Þeir eru mun einfaldari en nýju bílarnir svo ég er mun hrifnari af þeim.“ Fyrir grúskara og áhugamenn er líka mun auðveldara að eiga við eldri bíla vegna þess að í nýjustu árgerðunum er varla hægt að gera við nokkurn hlut án þess að hafa háskólapróf í tölvunarfræði. Allt er orðið tölvustýrt en í nýjustu BMW bílunum í 5-línunni er meiri og öflugri tölvubúnaður en í Apollo 11 sem kom Armstrong til tunglsins.

Árin fékk bílaáhugann í arf frá föður sínum en eins og oft vill verða eru faðir og sonur ekki alveg samstíga í áhugamálinu. „Hann er mikill Benz-maður og hann er hundfúll yfir því að ég skuli keyra BMW.“

Þeim sem hafa áhuga á bíl Árna er bent á spjallvefinn www.live2cruise.com þar sem hann er auglýstur. tryggvi@frettabladid.is

www.bifreið.is

Varahlutir
Aukahlutir
BMW - Benz - Opel
Bestu fáanlegu gæði frá Þýskalandi

VERDÖRYGGI
Besta verðið miðað við sambærileg gæði
Ekta xenonsett í alla bíla

Bifreið.is
Hjallahrauni 4 - sí: 555 0885



TAKTU NÆSTA SKREF
ÚT Í BUSKANN

BÍLALÁN

Við lánum fyrir nýjum og notuðum bílum á hagstæðum kjörum án tillits til þess hvar þú tryggir bílinn eða hefur þín bankaviðskipti. Reiknaðu lánið þitt á www.frjalsi.is, hringdu í síma 540 5000 eða sendu okkur línu á frjalsi@frjalsi.is. Við viljum að þú komist sem lengst!

ALLT AÐ
100%
LANS
HLUTFALL

LÆGRA
LANTÖKUGJALD
LÆGRI
VEXTIR

ENGIN
SKILYRÐI UM
TRYGGINGAR-
FÉLAG

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN



HÆTTIÐ AÐ PRÍLA
RAFSTÍRÐAR YFIRBREIÐSLUR
 FYRIR VÖRUBÍLA, VAGNA OG GÁMA

G.T. ÓSKARSSON EHF
 VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
 Sími 554 6000 • www.islandia.is/scania



- Réttum og málum allar tegundir bíla
- Við vinnum fyrir öll váttryggingarfélagin
- Fíjót og góð þjónusta
- Útvegum bílaleigubíla
- Yfir 20 ára reynsla

CABAS tjónamat

Smiðshöfði 12
 110 Reykjavík
bilasprautunama@simnet.is

Sími 567 1101
 Gam 868 8317
 Fax 567 1182

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.

Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi

Sími: 567 7360 · www.bfo.is



Þjónusta



Þjónusta



Þjónusta



Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bíla vegna hitavandamála?

Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni. Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.

Bifreiðastillingin ehf. · Smiðjuvegi 40d · Sími 557 6400

Smágrafa
 Lyftari
 Gripló
 Snjóokstur
 Snjóblásari
 Götusópari
 Trjákurflari
 Sláttuvél
 Dráttartæki
 Heyvinnutæki
 Úðari o.m.fl.



MULTI ONE
fjölnota tæki

Afar fjölhæf og sterk smátæki sem henta verktökum og smærri sveitarfélögum m.a. til snjóoksturs jarðvinnu o.m.fl.

STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14
 101 Reykjavík
 Sími: 551 4630
www.sturlaugur.is

HVELLUR.com
 Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum

Viðgerðir
 Breytingar
 Þjónusta

Súðavogi 6 104 Reykjavík Sími 577 6400



Kraftmikill og snarpur

Reynsluakstur Volvo S80.

Á morgun frumsýnir Brimborg nýjan Volvo S80. Við fyrstu sýn virðist sem hann hafi aðeins fengið smá andlitslyftingu, en við nánari athugun kemur í ljós að um alveg nýjan bíl er að ræða sem að mestu leyti er byggður á Ford. Meginbygging bílsins er byggð á hönnun Ford, sem kölluð er EUCD, sem eru einingar sem jafnframt eru notaðar í meðalstóra Ford-bíla í Evrópu og hinn nýja Land Rover LR2. Í stuttu máli má segja að bestu hlutar Volvo S40/V50/C70, Ford Focus og Mazda 3 hafi verið stækkaðir og styrktir þar sem þurfa þótti, og utan um þá sett skel sem er jafnstór og BMW 5 línan. Í bílnum sem var reynsluekinn er ný 6 þrepa dísilvél sem malar eins og köttur á veginum og hefur skemmtilegt upptak, enda togar bíllinn 400 Nm. Fyrir vikið er bíllinn afar snarpur og jaðrar við að þessi bíll sem er hæglátur á að líta, sé nettur sportbíll inn við beinið. Það leynir sér sérstaklega ekki þegar teknar eru snarpar



REYNSLUAKSTUR

Volvo S80 hefur verið breytt mikið og má því segja að um alveg nýjan bíl sé að ræða.

beygjur og bíllinn liggur þétt á veginum, eins og kappaksturbíll. Stýrissvörun er mjög góð, sem veldur því að maður hefur það á tilfinningunni að maður hafi mjög gott vald á bílnum. Bremsubúnaðurinn er eins og best verður á kosið og þegar hemlað er snögglega stöðvast hann hratt og örugglega, en svo mjúklega að maður finnur varla fyrir því.

Volvo hefur ætíð verið tákni um öryggi og er þessi bíll þar engin undantekning, enda búinn fyrsta flokks öryggisbúnaði. Öryggistilfinning hrísast um öikumanninn um leið og hann sest undir stýri þar sem bíllinn er stór að innan og vegahljóð er í lágmarki. Sætið er notalegt, en kemur þó á óvart að það sé ekki rýmra um öikumann í svona stórum bíl. Rúðurnar liggja þannig að notaleg stemning myndast í bílnum, en gallinn er sá að manni finnst að maður ætti að geta séð aðeins betur út. Það á sérstaklega við þegar bílnum er bakkad, en þá kemur sér vel að hafa bakkvörn í bílnum, sem hægt er að fá í bílnum sem aukabúnað.

Þar sem S80 er fyrst og fremst

lúxusbíl þá er staðalbúnaður hans mjög kræsilegur, en heimikið er fánlegt af spennandi aukabúnaði, til dæmis áreksrarvörn og þjófa-vörn sem skynjar hjartslátt inni í bílnum. Spurning er þó hversu nauðsynleg slík vörn er, þar sem bíllinn er þannig úr garði gerður að mjög erfitt á að vera fyrir óboðna gesti að komast inn í hann. Ekki er á allra færi að aka um á lúxusbíl sem þessum og kannski of fáir sem íhuga hann sem fjölskyldubíl. En eins og Volvo er von og vísa er fyrst og fremst hugsað fyrir öryggi fjölskyldunnar og bæði rýmis- og farangursþörfum þeirra mætt. Bíllinn er því ekki einungis sniðinn fyrir ráðherra, stórstjórnur og bankastjóra, heldur hentar hann öllum. Og það sem kemur manni mest á óvart við hann er hvað hann virðist fær á mörgum sviðum og getur brugðið sér í ölfk hlutverk.

Volvo S80 er kraftmikill og snarpur bíll sem leggur alúð í að koma farþegum sínum á milli staða á sem öruggastan og þægilegastan máta.

kristineva@frettabladid.is



Mælaborðið er sérstaklega vel hannað, þar sem það er einfalt í notkun og afar smekklegt. Tvískipt og vel rúmt geymslu-pláss er á milli framsætanna með av innstungu og 12V tengi.

VOLVO S80

Vél: 2.4i D5 Turbo dísil
 185 hestöfl/400 Nm
 Eyðsla bl. akstur: 7,3 l/100 km
 0-100 km/klst: 9,5 sek
 Farangursrými: 480 l

PLÚS:
 Dísilvélin er hljóðlát en kraftmikill
 Mælaborð er fallegt og einfalt í notkun
 Vegahljóð í lágmarki

MÍNUS:
 Skyggni mætti vera betra

Verð: 5.190.000 kr.



Vel fer um farþega í aftursætinu, auk þess sem þau eru hönnuð fyrir barnabílstóla. Hægt er að fá hita í aftursætin sem aukabúnað.



Þægilegt er að ná til allra takka sem eru í hurðinni, sem stýra rúðum o.fl.



Volvo S80 hefur fengið smá andlitslyftingu, sem má sérstaklega sjá á framljósunum.



Mælarnir eru einfaldir og smekklegir í útliti.



Þjónusta

Þjónustuaðili:

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
 Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 · 220 HAFNARFIRÐI · SÍMI 555 6670 · FAX 555 6671 · velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.

Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.

Styttist í val á bíli ársins 2006

34 bílar í fjórum flokkum keppa um hylli íslenskra bíla- blaðamanna.

Hinn 20. október næstkomandi verður tilkynnt um val Bandalags íslenskra bíla- blaðamanna á bíli ársins 2006.

34 nýir bílar taka þátt í forvalinu en hinn 13. október verður tilkynnt hvaða tólf bílar komast áfram úr því, eða þrjú bílar úr hverjum flokki. Einn bíll úr hverjum flokki stendur svo uppi sem sigurvegari og af þeim verður einn bíll ársins og hlýtur Stálstýrið.

Bakhjarlar að vali bíls ársins eru Skeljungur, TM og Stilling en þetta er í þriðja sinn sem valið fer fram. Árið 2004 var það Volvo S40 sem hlaut Stálstýrið, en í fyrra var það Suzuki Swift.

JEPPAR/JEPPLINGAR/PALLBÍLAR

Audi Q7
Ford Explorer
Ford Explorer Sport Trac
Hyundai Santa Fe
Mazda CX-7
Mercedes-Benz GL
Mitsubishi L200
Saab 97X
SsangYong Kyron
Suzuki SX4
Toyota RAV4
Toyota Hilux

Bíll ársins 2005 að mati íslenskra bíla- blaðamanna, Suzuki Swift.



SMÁBÍLAR

Citroën C1
Fiat Grande Punto
Kia Rio
Mazda2
Renault Clio
Renault Modus
Toyota Yaris
Peugeot 207

STÆRRI FJÖLSKYLDUBÍLAR

Chevrolet Tosca
Honda Civic
Lexus IS
Mercedes-Benz R
Nissan Note
Saab 93 Sport Combi
Volvo S80
Alfa Romeo 157

SPORTBÍLAR

Ford GT
Ford Focus ST
Mazda MX-5
Porsche 911 Turbo
Porsche Cayman
Volvo C70



Dagur Jónasson

Arctic Trucks jeppamiðstöð

Arctic Trucks jeppamiðstöð er þjónustufyrirtæki og vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum. Hér er flest það sem jeppaeigandinn þarf á að halda: Dekkja- og smurþjónusta, ástandsskoðun, jeppabreytingar, jeppasala, fagleg þjónusta og ráðgjöf.



Eyjólfur M. Teitsson

Bílaleigubílar – mikið úrval. Allir bílarnir eru ástandsskoðaðir!



Toyota Land Cruiser LX – 3,0 dísel sjálfskiptur. 02/2005 ek. 79 þ. km. Verð 3.990.000



MMC Montero Limited – 3,8 bensín sjálfskiptur. 04/2004 ek. 58 þ. km. 8 manna. Verð 3.200.000

Tækifæri, nokkrir Toyota Land Cruiser LX sjálfskiptir á góðu verði.

ÚTSÖLUVERÐ á nokkrum MMC Montero Limited.

Mikið af góðum jeppum á sölu. Líttu inn hjá okkur á bílasöluvæðinu Kletthálsi.



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is


Hyundai hefur gæðin

Hyundai er í 3. sæti í nýjstu IQS gæðakönnun J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus. Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega 63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að sönnu að Hyundai hafi gæðin.



Top 5 Nameplates in 2006 Initial Quality Study Problems per 100 Vehicles

Lower score indicates higher initial quality



Source: J.D. Power and Associates 2006 Initial Quality Study™ (IQS)



Frá kr. 1.390.000

Getz

- ESP stöðugleikastýring
- ABS bremsujöfnun
- 4 loftpúðar
- Pokuljós að framan
- Litaðar rúður
- CD/MP3 spilari, 4 hátalarar

Með mesta rýmið í sínum flokki



Frá kr. 2.290.000

SONATA

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- ofl.

Nú fáanlegur 2.0 dísel - sjálfskiptur

HYUNDAI hefur gæðin





Mannlegi þátturinn

ÁSDÍS OLSEN

Ég var í tossabekk

Skólagangan mín byrjaði ekki vel. Ég var sett í tossabekk – ég las svo hægt. Ég gat ekki lært margföldunartöfluna – ég var mömmu til skammar. Ég gat ekki lært ljóð – ég var svo heimsk. Á kvöldin sat ég við eldhúsborðið og skrifaði og mamma strokaði út. Ég var hrædd við kennarann minn, ég var hrædd við gangavörðinn, ég var hrædd við fullorðið fólk.

Ég var 9 ára – lítil og mjó. Hrekkjusvínin voru í mínum bekk – Maggi feiti og Kalli kúdo. Það var búið að senda Magga feita til skólalastjórans þennan dag. Sigfríður sat við kennaraborðið. Hún var að slípa neglurnar. Ég var með hjartslátt, hnút í maganum, sveitt í lófunum.

Ég átti að fara með Heilræðavisurnar uppi á töflu. Mín beið niðurlæging og skömm. Og samt var ég með nokkur orð í lófanum. ... óttast guð sinn herra, ... virðing þverra, ... heiður næra, ... dyggð – styggð, ... viljirðu gott barn heita, ... spjátur, hæðni, hlátur.

Púfff. Ég var reyndar alveg búin að ná þessu með þursinn heimka sem þegja hlýtur. Heilræðavisurnar eru ekkert sérlega uppbyggilegar. Þær



Nám þarf ekki aðeins að fara fram í skólastofu með nefið ofan í bók. Til er margs konar greind sem þróast við leik og störf í lífsins nið.

lýsa gildum frá gamalli tíð – menntasnobbi, dómhörku og valdboðum. Heilræðavisurnar ala á fordómum, lítilsvirðingu og mismunum. Og aðeins fáir eiga upp á pallborðið hjá Hallgrími Péturssyni – þeir vitru, lærðu, alvarlegu og orðvöru. Og Hallgrímur beindi máli sínu bara til drengja svo það var alveg ljóst að stúlkur komu ekki einu sinni til álita.

En Hallgrími gekk gott eitt til – hann ætlaði sér örugglega ekki að terrorisera margar kynslóðir af íslenskum börnum. Enda vissi hann ekkert um dyslexíu eða tilfinningagreind. En það gerum við í dag. Nú er það viðurkennt að manneskjan getur haft gildi á marga vegu og allir hafa eitthvað til síns ágætis.

Þekktu sjálfan þig

„Know Thyself“ sagði Sókrates á 5. öld fyrir Krist ... en hvað gerðist svo?

Sjálfsgreind er í raun ekki nýtt fyrirbrigði. Það var í raun Sókrates sem áttaði sig á gildi sjálfsþekkingar fyrir hundruðum ára. „Þekktu sjálfan þig“ sagði Sókrates. Þessi einfalda heimspeki hans er í dag þekkt sem það námsferli sem á sér stað með lífsleikninni í því skyni að bæta sjálfsvitundina.

Fjölgreindarkenningin breytti öllu. Ég fagnaði fjölgreindarkenningunni með húrrahrópum og tárur. Þvílík léttir og uppreisn æru. Maður hafði þá kannski eitthvað til síns ágætis eftir allt saman. Og pabbi – sem var næstum alveg hættur að tala af ótta við þágu-fallssýki – hann hafði kannski eitthvað merkilegt að segja? Ég vissi vel að pabbi gat ýmislegt – hann gat gert við allan fjandann – smíðað hús og flogið flugvélum – en hann var næstum alveg hættur að tala – eins og þursinn í vísunni.

Já, fjölgreindarkenningin breytti öllu. Nú höfum við vísindalegar sannanir fyrir því að félags- og tilfinningaþroskinn segir best til um velgengni í lífinu. Og svo kom það líka í ljós eftir allt saman að heilinn virkar ekki vel þegar við erum örugg og hrædd. Og fullur haus af niðursöðinni þekkingu hjálpar manni ósköp lítið á upplýsingaöld. Það eina sem raunverulega skiptir máli er hvernig okkur líður.

Mikilvæg prófspurning: Hvernig líður þér? Lífsleiknin er ný námsgrein sem er ætlað að efla félags- og tilfinningaþroska nemenda. Það má því auðveldlega færa rök fyrir því að lífsleiknin sé mikilvægasta námsgreinin. Að lífsleiknin sé í raun eina námsgreinin sem við ættum að hafa samræmt próf í ... ef við viljum meta það sem raunverulega skiptir börnin okkar máli.

Og eina spurningin sem væri til prófs hljóðaði svona: Hvernig líður þér?

ULTRATONE

Megrún - styrking - og ekkert vesen !

Nú skal grennast !!!


Nú hefur tekið til starfa nýtt heilsustúdíó, staðsett í glæsilegu húsnæði á 2. hæð að Reykjavíkurvegi 68 í Hafnarfirði. Þarna er notuð glæný og byltingarkennd tækni frá Ultratone.

Ultratone tækin nota rafskilaboð til þess að örva ákveðin svæði líkamans og ná fram þeim árangri sem fólk leitast eftir, hvort það er megrun, styrking eða jafnvel markviss líkamspjálfun. Ultratone fyrirtækið hefur lengi leitt markaðinn í rannsóknnum og sú einstaka fullkomnunarárátta sem þar ríkir hefur fætt af sér hið geysimagnaða Futura Pro tæki.

Önnur tæki á markaðnum nýta stundum rafskilaboð til þess að reyna að ná sama árangri og Ultratone en stóri munurinn er sá að önnur tæki hafa almennt aðeins eina tegund rafstraums á meðan Ultratone hefur fundið upp 30 mismunandi rafmerki sem hvert hefur sinn tilgang og þessum rafmerkjum er raðað saman til þess að skapa nákvæmari og mun áhrifaríkari meðferð en áður hefur náðst. Rafmerkin eru gríðarlega þróuð og ekki skaðar að slátturinn er miklu mýkri og því finnur viðskiptavinurinn mun minna fyrir rafmerkjunum en áður hefur þekkt.

Opnunartilboð

Hafðu samband strax og kynntu þér opnunartilboðin okkar, en þau eru hreint útsagt frábær. Til dæmis 50% afsláttur af 10 tíma kortum. Rétt verð er 25.000 kr. Tilboðsverð er 12.500 kr. Einnig er hægt að fá frían prufutíma. Hringið strax !



ULTRATONE

Reykjavíkurvegi 68
Hafnarfirði
Sími: 544 5300
www.ultratone.is

Lífsleikni eykur sjálfsvitund og samhygð

Lífsleikni hefur fyrst og fremst að gera með félags- og tilfinningabroska og er m.a. ætlað að auka sjálfsvitund og samhygð, góð tjáskipti og skapandi hugsun. Jákvæð sjálfsmýnd og samskiptahæfni eru meginmarkmið lífsleikninnar.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) er lífsleikni getan til að laga sig að mismunandi aðstæðum og breyta á jákvæðan hátt. Sú geta gerir okkur kleift að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er kjarni námsgreinarinnar lífsleikni mannrækt og sjálfsþekking, auk markmiða sem stuðla eiga að frumkvæði, sjálf-

stæðri, skapandi og gagnrýnni hugsun, aðlögunarhæfni og sið-



Fjölgreindarkenning Gardner's

Samkvæmt fjölgreindarkenningunni felst félags- og tilfinningahæfni í að...

- þekja tilfinningar sínar og geta tjáð þær
- gera sér grein fyrir líðan annarra
- hafa heilbrigða sjálfsmýnd
- setja sér eðlileg markmið
- ráða við að leysa mál
- standast freistingar
- ráða við andstreymi
- ráða við fjölbreytt félagsleg verkefni.

viti til að taka ákvarðanir í síbreytilegum veruleika. (Aðalnámskrá grunnskóla: Lífsleikni. 1999: 7)

Við höfum átta tegundir af greind Sálfræðingurinn Howard Gardner á heiðurinn að fjölgreindarkenningunni. Hann taldi að greindarhugtakið ætti að ná yfir fjölbætta getu og hæfileika fólks. Samkvæmt fjölgreindarkenningunni hefur hver manneskja ekki aðeins eina takmarkaða greind heldur margs konar greind sem má efla og styrkja. Samkvæmt Gardner er erfitt að magnbinda og mæla greind heldur fær hver greind best notið sín í náttúrulegum aðstæðum og daglegu lífi.

Heilræðavísur – í anda lífsleikninnar

RAPPEXTI EFTIR KARL ÁGÚST ÚLFFSSON

Ungum er það allra best
Að eiga val sem allra mest,
Að leika sér útum allar trissur
Og óttast hreint ekki að gera skyssur.

Að lesa og skrifa list er góð,
En líka að dansa og yrkja ljóð,
Að kunna að ærslast og eignast vini,
Ýmist af sam- eða gagnstæðu kyni.

VIÐLAG:

Litla gula hænan fann –
KÓR: Gagn og gaman – gagn og gaman –
Úr því eigin styrk hún spann –
KÓR: Gagn og gaman – gagn og gaman –

Ungum er það allra best
Að spyrja hvorki kóng né prest
Um hver megi gráta og hver megi kvarta,
En hlusta á sitt eigið hjarta.
Já, veröldin er full af formum,
bæði hringlóttum, köntuðum,
keilum og gormum,
og það er afleitt, þótt það sé normið
að þvinga okkur öll inn í sama formið.

VIÐLAG:

Litla gula hænan fann –
KÓR: Gagn og gaman – gagn og gaman –
Úr því eigin styrk hún spann –
KÓR: Gagn og gaman – gagn og gaman –

Ungum er það allra best
Að setja sig á háan hest.
Það verður ekki öllu lýst með orðum
Þótt allt væri forðum
í föstum skorðum –
Því sumt verður albest sagt með dansi
Og sumt með litum eða blómakransi,
Og sumt verður best sagt með því að brosa
Eða breiða út faðminn og hömlurnar losa.

VIÐLAG:

Litla gula hænan fann –
KÓR: Gagn og gaman – gagn og gaman –
Úr því eigin styrk hún spann –
KÓR: Gagn og gaman – gagn og gaman –



Karl Ágúst Úlffsson samdi heilræðavísur í rappformi.

Geggt kúl, marr ;-)

Allt næstum því ókeypis!

- Nánast á kostnaðarverði!



AMERICAN



LINEA CLEAN



ANTARES

(Hinn sívinsæli Framsóknarsófi á kosningatíð)

40-70%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU



BOX COM BAÚ

Fullkomin lausn!
Nýttu plássíð. Frábærar lausnir í unglíngaherbergið, sumarþústaðinn eða hvar sem er.

BUONO

Mjög vandað rúm með Bonnel sjálfstæðu gormakerfi. Sérstýrkt á hliðum og miðju. Ofnæmisprófað, og vandað rúm.

Sérstakt tilboð fyrir „unga“ eldri borgara á rúmum.



Ódýrasta fellihýsið á markaðnum!

DUPLO BOX

Nýttu plássíð. Frábær lausn í unglíngaherbergið

Unglingavandamálín leyst í eitt skipti fyrir öll!



RÚM & SÓFI
húsgagnaverslun

Borgartúni 28 · 105 Reykjavík · Sími 5618833

www.rumogsofi.is

Opnunartími 12–18, um helgar 11–17



Full búð af nýjum vörum!

Athugið breið og gróf vetrarstígvél komin!



23.600,-



Gull í Grjóti

Stærðir 36-42



24.600,-

Gull í Grjóti • Skólavörðustígur 4, 101 RVK. • s. 551-5050. • www.gulligrjoti.is

Svart, þröngt, aðsniðið og karlmannlegt

Jakkafötin í haust eru aðsniðin og klassísk. Það eru engar dúllur og borðar, ekkert auka-skraut og heldur ekkert pláss fyrir vöðva.

Þetta á við um hátískuna. Fæstir karlmenn fylgja henni í þaula en hún hefur samt áhrif á öll þau fót sem við kaupum. Hún hefur lagt línurnar og línurnar eru þröngar. Svo þröngar reyndar að mörgum finnst nóg um. Flestir almennir framleiðendur og hönnuðir láta sér nægja að hafa fötin vel aðsniðin og sést það í flestum búðargluggum.

Litadýró sumarsins hefur vikið fyrir svörtum og gráum tónum vetrarins þó svo að eitt rautt bindi og önnur blá skyrtu þvælist með. Brúnt er líka inni í myndinni en svo lengi sem fötin séu ekki sandbrún eða Afríkuleg. Flestir karlmenn eiga ein dökkblá eða dökkgrá jakka-föt inni í skáp sem þeir nota jafnt við jarðarfarir sem brúðkaup. Ekki er ráðlegt að skipta þeim út núna því þau aðsniðnu eru aðeins of töff fyrir líkvökurnar. Viljir þú hins vegar auka við fjölbreytnina er rétti tíminn núna því fötin eru þannig að þau fara seint úr tísku. Við erum ekki að tala um neonliti og risaaxlapúða jakka-fata frá nýnda áratugnum sem flestir fela innst inni í skáp eða einfaldlega á haugunum.

Sem dæmi um karlmenskuna og innblásturinn sem sóttur er aftur í árdaga jakka-fatanna er farmiðavasin. Ef þú hefur einhvern tímann velt fyrir þér hvað litli vasinn fyrir ofan

Ralph Lauren hannaði þessi jakka-föt og sýndi þau á tískusýningu sinni í New York á dögnum. Aðsniðin og herra-leg í hæsta gæðaflokki.

NORDICPHOTO/GETTY IMAGES



Sævar Karl er konungur herrafatanna hér á Íslandi. Í sumar voru það jakkar í skærum litum en líkt og aðrir hefur Sævar flutt sig yfir í hefðbundnari lit. FRETABLADIÐ/HÖRÐUR

aðalvasann hægra megin framman á jakka-fötunum sé að gera þarna þá er hann fyrir farmiða. Á þeim tíma er ferðalög voru lúxus fyrir þá efnameiri þótti það fásinna að fela farmiða innan á sér. Þess í stað var hann hafður þar sem allir sáu og ríki-dæmið auglýst um leið. Núna hins vegar er vasinn einungis til skrauts því maður kemst til Köben fyrir 6.000 kall. Lítið ríki-dæmi það.

tryggvi@frettabladid.is

Playhound collection er fyrir þá sem vilja taka meiri áhættu. Ekki er mælt með þessum fötum í jarðarförina en fyrir bæinn á góðum laugardegi eru þau fullkomin. Ég veit hins vegar ekki með hárið.

NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

Dúnúlpur
Rúskinnsúlpur
Leðurjakkar
Vattkápur
Hattar - Húfur
Leðurhanskar
Ullarsjöl
Góð gjöf

Útsöluhorn
50% afsláttur
Góðar vörur

TOPP HÚSIÐ

Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opíð virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 10-16

Kynningar laugar- og sunnudag.
Frábært verð

Einstakt tækifæri til þess að eignast kínverska listmuni beint frá framleiðendum

Úti- eða inniblómapottar myndir - lampar - skilrúm matarstell - vasar - skálar og fleira

Gallery Kína

Ármúla42
sími 895 8966
Opíð alla daga vikunnar frá kl. 10-18

LÚXUS GJAFIR OG SÖFNUNARVÖRUR – GÓÐ FJÁRFESTING

Ný þrjónabók

Lopi 26

Handþrjónasamband Íslands
Skólavörðustíg 19 • sími: 552 1890
www.handknit.is

Fisléttar - Harðar - Sterkar

Bjútytá taska algjör sníll

TITAN

Léttustu ferðatöskurnar
Pantanir óskast sóttar.

Drangey


Smáralind, sími 5288800,
www.drangey.is

5 ára ábyrgð

Sól í púðurformi

BURSTAÐU SÓLINNI Á ÞIG

Í dag er óþarfi að fara í ljós þar sem brúnkukremið er á markaðnum eru orðin mjög góð. Eftir að hafa borið eitthvað gott brúnkukrem á þig um kvöldið er svo upplagt að ljúka verkinu með góðum förðunarvörum sem gera „tanið“ enn fallega. Hér eru þrjár vörur frá Þýska fyrirtækinu BeYu sem sérhæfir sig í framleiðslu snyrtivara og margskonar fylgihluta. Sólarpúðrið frá BeYu kemur bæði í föstu og perluformi. Húðin fær fallega glansandi áferð og ljómar líkt og þú sért nýkominn inn úr sólbaði. Einfalt og fljótlega en að liggja í ljósalampa eða grilla sig á sólarströnd. Í miðjunni er Sparkling Blush frá BeYu. Ófurfingerðar glimmer agnir sem sjást varla með berum augum en gefa húðinni glans og einstaklega ferska áferð.



Veiðisumarið með Stefáni Jóni Hafstein

Fleiri veiðifrétir og heilræði við veiðar á www.flugur.is.

Göfgi fiskanna

Þar sem veiðivertíð er formlega lokið fyrir utan nokkar undanþegukindur í sjóbirtingi þykir rétt að hætta pistlum sem bera heitið „Veiðisumarið með...“ Samt er það ekki svo að maður hætti að veiða á veturna. Þá veiðir maður aftur fiskana frá liðnu sumri, í huganum, og dreymir fiska næsta sumars. Nóg er af efni í frekari áætlanir um veiðar á flugur.is, ef menn vilja bæta hernaðaráætlunum í draumasafnið sitt!

Hvaða fiskur ber af öðrum?

Tækifærið er því nú að fjalla um göfgi fiskanna. Laxinn er réttnefndur „konungur Atlantshafsins“, og er um leið ofmetnasti sportfiskur á Íslandi. Það er hann ef verð veiðileyfa er skoðað, því það er fjarstæðukennt hve miklu munar á laxveiði og silungslæyi sé ánægjukvarðinn hafður til hlíðsjónar. Laxinn er ekki betri matfiskur en flestir silungar, hann er alls ekki fjörugri á færi en silungur af sömu stærð. Fjögrurra punda lax er ekki nærri jafn skemmtilegur á færi og jafn stór sjöbleikja eða urriði í straumvatni. Spennan við laxveiðir er einkum sú að laxinn verður almennt stærstur þeirra fiska sem við veidum á stöng. Það er frábært að setja í stóran lax, en sjaldgæf skemmtun fyrir flesta. Svo ef spurt er um stærð, þá er laxinn göfugastur, en hann er bara ekki nærri alltaf stærstur!

Vatnafiskur

Margir halda vatnafiskinn sístan. Vötnin eru þéttsetin bleikju og urriða sem eru þegar best lætur óborganlegir sportfiskar. Stórir vatnafiskar hafa svo mikið rými til að þjóta um að veiðimaður getur lent í verulegum vanda. 10 punda urriði í Veiðivötnum fer hæglega út með alla línu og



Lax sem Móðir Jörð hefur alið sjálf er miklu hæfari til að bjarga sér í hörðum heimi en seiði sem mennirnir sleppa í árnar til að hækka verð á veiðileyfum.

undirlínu; Þingvallavatnsbleikja í meðalstærð er ótrúlega sterk. Og svo hefur vatnafiskurinn annað: Maður getur veitt ótrúlega mikið af honum við réttar aðstæður. Stóri „hittingurinn“ er oft í stöðuvötnum. Tugir fiska á klukkutíma! Eða, risafiskar sem fara langt í 20 pund! Og silungur úr jafn ólíkum vötnum og Veiðivötnum og Elliðavatni er hnoss-gæti sem tekur fram flestum laxi.

Sjógengnir silungar

Oft finnst manni að sjógengnir silungar séu spretthörðustu fiskarnir. Þeir koma í árnar útbólgnir af æti, marfló og síli, og lætin maður þegar þeir taka! Þessir fiskar eru miklu fjörugri, pund fyrir pund, heldur en laxinn. Þeir taka meiri spretti, en laxinn vinnur þá á úthaldinu. Það er svo smekksatriði hvort maður vill snarpan slag eða langan. Og um þessa fiska gildir að þeir geta

verið ótrúlega krefjandi í veiði, en líka gefið mikinn fjölda fiska þegar hann loksins tekur!

Hvað er best í munni?

Af þessum fiskum er laxinn líklega leiðigjarnasta bráðin á borði. En sá sem ekki hefur bragðað eyruggafitu á nýrunnum sjóbirtingi veit ekki hvað orðið „gourmet“ þýðir. Eða hráa pundsbleikju úr sjó. Silungar eru hins vegar eins og góð vín frá ólíkum héruðum bestu vínbænda: bragðið fer eftir aðstæðum hverju sinni, því er hægt að halda „silungasmökkunarpróf“ fyrir matgæðinga og þeir skynja muninn á bragðinu eftir því hvaðan fiskurinn kemur. Og hver er þá niðurstaðan um göfgi fiskanna? Engin, sem betur fer, því á meðan höfum við nóg að hugsa hver fyrir sig og hlakka til vorsins.

Hittumst á flugur.is, með þökk fyrir veiðisumarið, Stefán Jón.



Ingvar E. fer með annað aðalhlutverk í Hamskiptum eftir Kafka sem boðið er upp á í London. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leikhús í London

Borgarleikhúsið og Express ferðir efna til leikhúsferðar til London 20.-23. október.

Tvær góðar leiksýningar eru í boði fyrir þá sem vilja bregða sér til London með Express ferðum. Þær eru Hamskiptin eftir Kafka í leikstjórn Gísla Arnar Garðarssonar með Ingvar Sigurðsson og Nínu Dögg Filippusardóttur í aðalhlutverkum. Einnig söngleikurinn We Will Rock You með öllum vinsælustu Queen lögunum. Ef farþegar óska verður farin skoðunar-

ferð um borgina með Ingibjörgu Þórðardóttur, fréttamanni hjá BBC.

Sérstakur fararstjóri verður Guðjón Petersen leikhússtjóri. Gist verður á Grafton-hótelinu í hjarta borgarinnar.

Verð fyrir kortagesti Borgarleikhússins er 45.900 á mann í tvíþýli. Innifalið er flug með sköttum, gisting á 4* hóteli með morgunverði og akstur til og frá flugvelli. Allar upplýsingar veitir Lilja Hilmarsdóttir hjá Express ferðum sími 5900100 www.expressferdir.is

Flogið á leik Breiðabliks

EINSTAKT TÆKIFÆRI GEFST TIL AÐ SJÁ BREIÐABLIKSSTÚLKUR MÆTA STÓRLIÐI ARSENAL Í LONDON.

Express ferðir hafa ákveðið að bjóða upp á ferð á leik Arsenal og Breiðabliks í London sem fram fer 19. október. Þetta verður seinni leikur liðanna í átta liða úrslitum í Evrópukeppni félagsliða kvenna. Sá fyrri fer fram á Kópavogsvelli hinn 12. október. Express ferðir telja nauðsynlegt að styðja Blíkastelpurnar í baráttu sinni við ensku meistarana í liði Arsenal sem fór taplaust í gegnum síðasta tímabil bæði í deild og bikar. Verðið á þessari ferð er 49.900 krónur á mann miðað við tvo saman í herbergi. Innifalið er flug, gisting á The Strand í tvær nætur og miði á leikinn sem háður verður á Borehamwood-leikvöllinum í London, heimavelli Arsenal-stúlkunnanna. Allar nánari upplýsingar um ferðina fást á vefsíðu Express ferða, www.expressferdir.is



Breiðabliksstúlkur eiga stuðning vísan hjá þeim sem fljúga til London á leik þeirra og Arsenal.

Lúxus - Jólaferð Vínarborg

30. nóvember - 3. desember

Vínarborg er mikil tónlistarborg og skartar sínu fegursta á adventunni, enda eru jólamarkaðir á mörgum stöðum í borginni sem er nokkuð óvenjulegt. Í þessari ferð ætlum við að fara í skoðunarferð um borgina, þar sem sagan og tónlistin eru í fyrirrúmi. Skoðum Stefánsdómkirkjuna og förum í hina stórkostlegu höll Schönbrunn þar sem m.a. keisaraynjan Sisi bjó á sínum tíma. Hægt er að komast á Vínartónleika þar sem tónlist eftir Mozart og Strauss er spiluð. Gist á hinu glæsilega Radisson SAS Palais Hôtel. Lúxusferð til fallegar borgar sem hefur upp á margt að bjóða!

Fararstjóri: Hin eina sanna Diddú
Verð: 98.860 kr. á mann í tvíþýli.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BENDA FERÐIR

www.baendaferdir.is s: 570 2790 ferdabjonusta.baenda.is

Vikulegt morgunflug

200 sæta tilboð!

Kúba í vetur

frá 49.190 kr.*

- Glæsilegir gististaðir
- Havana og/eða Varadero
- 1 eða 2 vikur
- Frábærar kynnisferðir
- Perlur Kúbu, fegurstu staðirnir - ein ferð

Ótrúlegt verð - bókaðu núna!

Verð frá ***49.190 kr.** Flugsæti með sköttum, 7. eða 14. janúar

Vikuferð frá **69.990 kr.** Netverð á mann m.v. gistingu í tvíþýli með morgunv. í viku á hóteli Arenas Doradas ****+, 18. mars.

Glæsilegir gististaðir í Havana og Varadero í boði

Mundu MasterCard ferðaávisunin! Ferðaskilyrta

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG
LAUGARDAG 9-17 SUNNUDAG

8-18
8-19
11-16

MIKIÐ ÚRVAL AF NOTUÐUM BÍLUM

Á FRÁBÆRU VERÐI!

LÍTTU VIÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP.

50.000 kr. bensínkort frá
EGÓ fylgir öllum bílum!



ALLT AÐ 100% LÁN!

Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Keflavík Sími 421 8808 Akureyri Sími 464 7940 www.ih.is



ZV923 Opel Zafira Comfort 1.8 nýskr. 05/02 ssk. Ek. 104 þús. km. Verð 1.280.000. Tilboð 690.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



MH326. Subaru Legacy Wagon nýskr. 11/00, ssk. Ek. 132 þús. km. Verð 1.080.000. Tilboð 750.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



DO710. Nissan Micra Visia nýskr. 06/04 bs. Ek. 65 þús. km. Verð 1.180.000. Tilboð 880.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



PS775. Opel Astra 1.6GL nýskr. 02/00 bs. Ek. 121 þús. km. Verð 720.000. Tilboð 490.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



ML941 Nissan Almera SLX nýskr. 007/99 ssk. Ek. 130 þús. km. Verð 530.000. Tilboð 380.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



VX632 Subaru Impreza LX nýskr. 08/99 bsk. Ek. 104 þús. km. Verð 620.000. Tilboð 450.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



TIO68. Subaru Legacy Wagon nýskr. 03/01 ssk. Ek. 135 þús. km. Verð 1.090.000. Tilboð 740.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



NH116. Suzuki Liana 4WD nýskr. 06/03 bs. Ek. 61 þús. km. Verð 1.230.000. Tilboð 770.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



JY572. Subaru Legacy Wagon nýskr. 06/00 bs. Ek. 116 þús. km. Verð 1.040.000. Tilboð 680.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



PS775. Opel Astra 1.6GL nýskr. 02/00 bsk. Ek. 121 þús. km. Verð 720.000. Tilboð 490.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



OU279 Toyota Avensis Executive nýskr. 12/05 ssk. Ek. 7 þús. km. Verð 3.090.000. Tilboð 2.580.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



SR949 Subaru Legacy GL nýskr. 11/00 ssk. Ek. 124 þús. km. Verð 1.060.000. Tilboð 690.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

notaðir bílar
Ingvar Helgason

notaðir bílar
Ingvar Helgason

notaðir bílar
Ingvar Helgason

notaðir bílar
Ingvar Helgason



VD685 Subaru Impreza LX nýskr. 07/99 bsk. Ek. 139 þús. km. Verð 580.000. Tilboð 290.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



BI342 Subaru Forester CS nýskr. 06/98 ssk. Ek. 142 þús. km. Verð 690.000. Tilboð 480.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



YB247. Subaru Legacy Wagon nýskr. 02/02 bs. Ek. 120 þús. km. Verð 980.000. Tilboð 650.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



IX877. Opel Zafira Comfort 1.8 nýskr. 01/00 bs. Ek. 131 þús. km. Verð 880.000. Tilboð 560.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



LI717. Mitsubishi Pajero Sport nýskr. 01/00, bs. Ek. 137 þús. km. Verð 1.660.000. Tilboð 1.180.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



PX360 Nissan Terrano II SE nýskr. 11/98 bsk. Ek. 123 þús. km. Verð 960.000. Tilboð 580.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



YF106 Subaru Legacy Wagon nýskr. 06/01 ssk. Ek. 90 þús. km. Verð 1.280.000. Tilboð 980.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



KF404 Renault Laguna nýskr. 02/02 bsk. Ek. 92 þús. km. Verð 1.290.000. Tilboð 970.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



VB472. Subaru Legacy Wagon nýskr. 03/03 ssk. Ek. 69 þús. km. Verð 1.590.000. Tilboð 1.270.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



LO603. Opel Astra 1.2 nýskr. 06/02 bs. Ek. 72 þús. km. Verð 740.000. Tilboð 450.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



NI096. Toyota RAV4 nýskr. 11/03 ssk. Ek. 74 þús. km. Verð 2.350.000. Tilboð 1.960.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



ZP671 Opel Zafira Comfort 1.8 nýskr. 07/02 bsk. Ek. 57 þús. km. Verð 1.330.000. Tilboð 990.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



KM712 Opel Combo C Van nýskr. 06/03 bsk. Ek. 54 þús. km. Verð 1.050.000. Tilboð 690.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



RJ519 Subaru Legacy Wagon nýskr. 10/02 ssk. Ek. 71 þús. km. Verð 1.520.000. Tilboð 1.220.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



Draumahús Hafnarfirði 530 1820

Glæsileg nýbygging með 90% láni!



Sölusýning

laugardag og sunnudag
kl. 16:00 - 17:00



Kirkjuvellir 3 - 221 Hfj

Glæsilegar og vel skipulagðar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í fjölbýlishúsi á sjö hæðum með 27 íbúðum, allar með 24,6 fm svölum á góðum stað á Völlumum. Íbúðunum verður skilað fullbúnum án gólfefna, þó flísar á baðherbergi og þvottahúsi. Nánari upplýsingar, teikningar og skilalýsing á skrifstofu Draumahúsa í Hafnarfirði.

Bóas sölumaður Draumahúsa tekur á móti gestum s. 699 6165

VERÐDÆMI:

	79,5 FM. 3JA HERB.	128 FM. 4RA HERB.
KAUPVERÐ	KR. 17.300.000,-	KR. 24.900.000,-
HÁMARKSLÁN FRÁ ÍBÚÐARLÁNASJÓÐI	KR. 13.840.000,-	KR. 17.000.000,-
LÁN FRÁ SPARISJÓÐUM (UPP AÐ 75%)		KR. 1.675.000,-
LÁN FRÁ SELJANDA (20 ÁRA LÁN, 6,9% VEXTIR)	KR. 1.730.000,-	KR. 3.735.000,-
EIGIÐ FÉ (10%)	KR. 1.730.000,-	KR. 2.490.000,-
SAMTALS	KR. 17.300.000,-	KR. 24.900.000,-

Sölusýning

laugardag

kl. 14:30 - 15:30



Allt að 90% lán!

Akurvellir 1 - 221 Hfj

24.800.000 - 25.000.000

4ra herbergja 132 - 134,5 fm. horníbúðir í lyftuhúsi þar af 9,4 fm. sérgeymsla í kjallara í Vallarhverfinu í Hafnarfirði. Stutt er í alla þjónustu! Íbúðirnar skiptast í anddyri, stofu, eldhús, 3 svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Eignirnar verða afhentar fullbúnar að utan og innan, án gólfefna nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar. Innréttingar, hurðar og tæki eru frá Húsasmiðjunni. Lóð afhendist fullfrágengin, stéttar hellulagðar, bílastæði og göngustígar verða malbikaðir. Mynddyrasími verður í íbúðunum. Eignamappa með nánari upplýsingar af íbúðum á Akurvöllum 1 er fánleg á skrifstofu Draumahúsa Strandgötu 41 Hafnarfirði.

Bóas sölumaður Draumahúsa tekur á móti gestum s. 699 6165

VISSIR ÞÚ ...

... að smjörlíki var fyrst flutt til Íslands árið 1885 en fyrsta innlenda smjörlíkisverksmiðjan tók til starfa 1919 og þar var kona verkstjóri?

... að hver einasta opal-tafla var gerð í höndunum í tuttugu ár, þar til vélar leystu mannshöndina af hólmi?

... að verslunargluggar í Reykjavík voru raflýstir í fyrsta skipti fyrir jólin árið 1915?

... að innflutningstakmarkanir, höft og skömmtun hömluðu þróun iðnaðar á Íslandi á árunum 1930 til 1960?

... að dráttarbáturinn Magni sem var tekinn í notkun árið 1955 var fyrsta stálskipið sem smíðað var á Íslandi?

... að vélvæðing hófst á reykvískum verkstæðum árið 1897 þegar járnsmiðja og prentsmiðja fengu steinolíumótora til að knýja rennibekk og prentvél?

... að meira en fimmta hvert starf í iðnaði á Íslandi árið 1986 var skrifstofustarf?

... að „Vindlagjörðarfélag Reykjavíkur“ var stofnað árið 1900 en á þeim tíma blómstruðu vindlagerðir í bænum og nærri 100 manns unnu við tóbaksíðnað?

... að með eigin framleiðslu annaði Lífstykkiabúðin innlendri eftirspurn eftir lífstykkjum, brjóstahöldum og mjaðmabeltum árið 1932?

... að mesti vöxturinn í iðnaði á Íslandi í síðari heimsstyrjöld var í gosdrykkjagerð og sælgætisframleiðslu?

... að fyrsta tölvan kom til Íslands árið 1964, kostaði á við vænt einbýlishús og þurfti heilan sal undir sig?

... að þegar borað var eftir vatni í Vatnsmýrinni árið 1905 kom upp eitthvað sem líktist gulli og „gullæði“ greip um sig í Reykjavík?


... að Vinnufatagerð Íslands og Sjóklæðagerð Íslands urðu fyrstar til að fjöldaframleiða fatnað hérlandis og þar var unnið í ákvæðisvinnu í fyrsta sinn í verksmiðjurekstri á Íslandi?

... að aðeins 91 vél var í notkun í iðnaði og þjónustu í Reykjavík árið 1922 og sameiginlegt afl þeirra var 334 hestöfl?

Fengið af idan.is

Ert þú dæmigerður Íslendingur?

Þá innbyrðir þú 136 grömm af sykri á dag, en aðeins 1 gramm af hollum og góðum harðfiski eða bitafiski*



Snúðu við blaðinu og hafðu hollustu í hverjum bita!



Gæðafiskur
Fæst í 10-11,
Hagkaup og
Skeljungsbúðunum



Gullfiskur
Fæst í Bónus



*Miðað við innflutning á sykri árið 2005 og áætlaða heildarsölu á harðfiski á Íslandi á ársgrundvelli.

allt
matur

Alla föstudaga

Húsgagnna

Lagersala

Krókhálsi 10
sími: 557-9510
29. SEPT - 6. OKT.
09-18 virka daga
10-16 laugardag

Allt að 90%
afsláttur

Rúm — Sófasett — Eldhúsinnréttingar — Speglar — Nuddstólar — og margt margt fleira...



VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS



Hvað varð um rússnesku keisarafjölskylduna í októberbyltingunni?

Í kjölfar þess að Nikulás II Rússa-keisari afsalaði sér krúnunni í mars árið 1917 var keisarafjölskyldan sett í stofufangelsi í Alexandershöllinni í Petrograd sem nú heitir Skt. Pétursborg. Bráðabirgðastjórnin sem tekið hafði við völdum hugðist flytja fjölskylduna til Englands en þau áform mættu hins vegar andstöðu sov-étsins í Petrograd. Þess í stað var keisarafjölskyldan flutt til Tobolsk í Síberíu í ágúst 1917. Þar var hún handtekin eftir októberbyltinguna og höfðu forystumenn Bolsévika áform um að rétta opinberlega yfir keisaranum.



Rússneska keisarafjölskyldan.

Áform um að frelsa keisarann

Í maí 1918 var keisarafjölskyldan svo flutt til Ékaterínburg í Síberíu. Þá var hafin borgarastyrjöld í Rússlandi þar sem gagnbyltingarmenn, svokallaðir hvítliðar, börðust við stjórn Bolsévika í Pétursborg, og nutu stuðnings innrásarherja frá Bretlandi, Frakklandi, Bandaríkjunum og Japan. Hvítliðar í Síberíu lutu stjórn Alexanders V. Koltsjaks admírals, en hann hafði tekið völdin í Omsk og gerði sig líklegan til að sameina allar hreyfingar andsnúnar Bolsévikum austan Úral-fjalla í stóran og mikinn her. Hvítliðar sóttu mjög hart að Ékaterínburg og mun ætlunin hafa verið að frelsa keisarann og gera hann að leiðtoga uppreisnarrinnar gegn ráðstjórninni.

Keisarafjölskyldan tekin af lífi

Í júlí 1918 var Ékaterínburg her-tekin af tékknesku herdeildunum sem höfðu þá gengið til liðs við gagnbyltingarmenn. Þá hafði ráðstjórnin í borginni hins vegar látið taka keisarafjölskylduna af lífi. Það var gert í stofufangelsi þeirra, húsi sem áður hafði tilheyrt auðugum borgara af gyðingaættum, Nikolaj Ípatíev að nafni, og fóru aftökurnar fram aðfaranótt 17. júlí 1918. Ekki er nákvæmlega vitað hver fyrirskipaði aftökurnar, hvort það var ráðstjórnin í Ékaterínburg eða miðstjórnin í Moskvu. Þær framkvæmdi hins vegar Jakov Júrovskíj (1878-1938), leyniþjónustumaður frá Tomsk.

Margir aðalsmenn flýðu land

Tíu ættingjar keisarans voru myrtir eða líflátnir af byltingarmönnum, en 35 munu hafa flúið land. Margir rússneskir aðalsmenn flýðu land eftir byltinguna þar sem Bolsévikar vildu útrýma aðlinum sem stétt. Í nóvember 1917 voru lögbundin forréttindi aðalsins afnumin með tilskipun og í kjölfarið fylgdi eignaupptaka.

Formleg jarðarför eftir 80 ár

Í júlí 1991 voru lík keisarafjöl-

skyldunnar grafin upp en tvö barnanna fundust ekki. Keisarafjölskyldan fékk að lokum formlega jarðarför 18. júlí 1998, 80 árum eftir að hún var tekin af lífi. Sú goðsögn er lífseig að Anastasía, dóttir keisarahjónanna, hafi lifað af, og jafnvel einnig sonurinn Alexei, en það stangast á við frásagnir sjónarvotta af aftökunum. Samkvæmt frásögn Júrovskíjs skaut hann sjálfur keisarann og son hans. Önnur lífseig samsæriskenning sem finna má víða snýst um að Gyðingar hafi lagt á ráðin um aftökurnar. Sagnfræðingar taka hvoruga kenninguna alvarlega.

Sverrir Jakobsson, stundakennari í sagnfræði við HI

Hversu margar stjórnur sjást á heiðskírri nóttu?

Á himinhvelfingunni allri sjást einungis um 6000 stjórnur með berum augum við bestu aðstæður. Við sjáum þó aðeins hálfá hvelfinguna hverju sinni, það er að segja í mesta lagi aðeins um 3000 stjórnur. Staðsetning stjörnuskoðanda eða athugunartími skiptir engu máli því að stjörnuhjöldinn er nær óháður því hvorn helming hvelfingarinnar verið er að skoða.

Ekki sömu stjórnur á Íslandi og í Ástralíu

Staðsetning athugandans skiptir hins vegar sköpum um það hvaða stjórnur sjást á himninum. Sé athugandi til að mynda á Íslandi sér hann ekki sömu stjórnurnar og athugandi í Ástralíu því að jörðin byrgir mismunandi hluta hvelfingarinnar. Vegna möndulsnúnings jarðar sýnast stjórnurnar rísa í austri og setjast í vestri, rétt eins og sólin okkar, og vegna brautarhreyfingar jarðar umhverfis sólina breyta stjórnurnar smátt og smátt stöðu sinni á himninum.

Stjórnur af öllum stærðum

Að undanskildum reikistjórnunum er sérhver stjarna næturhiminsins fjarlæg sól, svipaðs eðlis og sólin okkar. Stjórnurnar framleiða sitt eigið ljós og hita og hafa ef til vill einhverjar reikistjórnur umhverfis sig. Stjórnurnar eru af öllum stærðum og gerðum. Margar stjórnur eru miklu stærri en sólin okkar, til að mynda stjarnan Betelgás í stjörnumerkinu Óríon, sem er svo stór að væri henni komið fyrir í miðju sólkerfis okkar myndi hún ná út fyrir braut Júpíters. Aðrar stjórnur eru miklu minni, eins og til dæmis hvítar dvergstjórnur sem eru sólir á stærð við jörðina.

Stjórnur nær og fjær

Fjarlægðin til stjarnanna er afar mismunandi. Fjarlægð til stjarna er mæld í ljósárum, en það er sú fjarlægð sem ljósið ferðast á einu ári. Nálægast stjarnan, Próxima Centauri, er til dæmis í 4,2 ljósára fjarlægð en bjartasta stjarnan, Sírius, er í um 8,7 ljósára fjarlægð. Áðurnefnd Betelgás er í um 520 ljósára fjarlægð en Pólstjarnan er í um 820 ljósára fjarlægð. Fjarlægasta fyrirbærið sem við getum séð með berum augum er heil vetrarbraut, M31, í 2,8 milljón ljósára fjarlægð.

Sævar Helgi Bragason, eðlisfræðinemi

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförunu eru: Hvað eru til mörg letidýr í heiminum, hver er uppruni orðasambandsins að finna einhvern í fjöru, var Haraldur hárfagri bara uppspuni Snorra Sturlusonar og verður maður brúnn eða kannski gular af því að borða gulrætur? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á síðinni www.visindavefur.hi.is.

NÝTT & FERSKARA BLAÐ



Nanna Guðbergsdóttir
hamingjan býr ekki í glamúrheimi



Björgvin Halldórsson
þetta var alveg stórbrotið



Hulda í Flash
ætlaði aldrei að opna verslun

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA





FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lygin bítur þig alltaf í rassgatið

En, Jón Atli. Hafðirðu ekki áhyggjur af því að komið væri kappnóg af og um Bubba Morthens?

„Aðrir höfðu áhyggjur af því. Meðal þeirra ég,“ svarar þá Bubbi og hlær. Bókin Ballaðan um Bubba Morthens eftir Jón Atla er á leið í prentsmiðjuna í næstu viku. „Skáldsaga“ sem byggir á ævi Bubba. Jakob Bjarnar Grétarsson hitti þá félagar á Radisson SAS í Hafnarstrætinu og spurði út í bókina sem er... já, mögnuð.

Éf þú ert að spyrja hvernig það tengist hugsanlegri sölu á bókinni þá er mér bara alveg sama. Ég er mjög ánægður – er stoltur af bókinni,“ segir Jón Atli í tengslum við hvort offramboð sé á efni um Bubba Morthens.

„Þetta var mikil vinna. Ég hef skrifað bækur sem hafa selst í fimm hundruð eintökum. Og eyddi alveg jafn miklum tíma í þær. Þetta snýst ekkert um það. Þegar maður er að skrifa þá bara skrifar maður. Mér finnst sá Bubbi Morthens sem maður sér í tímaritum ekki sami maður og ég skrifaði bók um. Það er bara einhver fígúra. Partur af einhverju tímarita „selebretí-rugli“. Þetta er eins og Andy Warhol sagði: Við erum orðin fixeruð á „selebretía“. Ég fíla kannski dauðann í því.“

Tímaritabúkl án fullnægingar
Er Bubbinn sem birtist í tímaritum skripamynd?

„Jahhh, það sem er skrifað um mig í fjölmiðlum er einhvers konar útgáfa af mér,“ segir Bubbi.

„Það voru liðin nokkuð mörg ár frá því ég hafði farið í tímaritaviðtal þegar Reynir Traustason tók við mig Mannlífsviðtal fyrir skömmu. En tímaritaviðtöl geta aldrei orðið nema tilraun. Þetta er þukl án fullnægingar. Auðvitað vilja þeir sem taka viðtölin gera eitthvað annað og meira: Gerum þetta öðruvísi. Förum dýpra. En ... af hverju gef

ég kost á viðtali í tímarit? Jú, ég er markaðsvara. Bubbi Morthens er líka markaðsvara eins og hann er listamaður. Partur af því að ég geti lifað af list minni er meðal annars þessi leikur. Ég verð að spila með. En þetta er ekki, eins og vinur minn núverandi, Eiríkur Jónsson, segir, að ég hafi misnotað fjölmiðla í 25 ár. Það er ekki þannig. En tímaritin geta í besta falli gefið einhvers konar þuklaða mynd af mér.“

Þú, Jón Atli, sem sagt, þuklaðir Bubba. Og fórst dýpra?

„Já,“ segir Jón Atli en kemst ekki öllu lengra.

„Já, það er bara þannig,“ segir Bubbi. „Ég er vel lesinn maður. Þessi bók á sér ekki hliðstæðu í íslenskri bókmenntasögu. Þetta

er eitthvað algerlega nýtt. Og ekki hægt að negla hana niður eða skilgreina. Sér á báti. Jón Atli er snillingur.“

Ílla á sig kominn Bubbi

Já. Bókin gefur dýpri mynd en þuklaða af Bubba. Það er víst. Hún byggir á brotum úr ævi Bubba, hvernig Bubbi varð til og hvernig Bubbi gat ekki orðið neitt annað en Bubbi: Verbúðalíf, dónneysla, slagsmál, ríðingar, fylleri og hljómsveitamennta – í það að verða sú almenningsseign sem Bubbi er. Jón Atli segir hugmyndina hafa komið upp fyrir tveimur árum í einhverju útgáfuspjalli á Bræðraborgarstígnum þar sem JPV útgáfan er til húsa. Þeir Bubbi og Jón Atli tóku annan

pól en útgefandinn lagði upp með: Að þetta yrði hin hliðin, eða framhald á ævisögu Bubba þeirri sem Silja Aðalsteinsdóttir skrifaði fyrir mörgum árum, það sem aldrei var sagt.

„Niðurstaðan varð sú að Jón Atli myndi bara skrifa það sem honum sýndist. Þetta er langur aðdragandi. Jón Atli þurfti að sækja hart að mér, banka upp á fyrst þar sem ég bjó í holu á Nesveginum. Mjög illa á mig kominn eftir skilnaðinn og allt það. Ég var í engum gir. Þetta var um vetur, leiðindavetur, enginn snjór og þá verður svo mikið myrkur. Og kuldi. Hann var að mæta, dag eftir dag. Stundum náði hann mér. Í girinn. Og stundum ekki. Stundum frestaði ég þessu. Mætti ekki. En í rauninni sagði ég bara sögur úr lífi mínu.“

Þurfti að trekkja Bubba í gang

Óvenjulegt er að skrifa bók sem lýtur lögmálum skáldsögu en fyrirmyndin – aðalpersónan – er fyrirbyggjandi, sprellífandi, þekkt og tekur fullan þátt.

„Það skrifa allir um fólkið sitt,“ segir Jón Atli. „Í síðustu skáldsögu sem ég skrifaði var aðalpersónan kona sem enginn þekkir og enginn vill þekkja. Nú tek ég fyrir mann sem allir þekka og allir hafa á einhverja skoðun. Bókin heitir Ballaðan um Bubba Morthens. Ballaða er söguljóð. Taktu eitthvert af lögnum hans Bob Dylan. John Wesley Harding ... Hann er að segja sögu þessara manna. Eðli ballöð-

unnar, þó hún sé kannski ekki upp á punkt og prik, er að innihalda sannleika. Sem þú nærð ekkert í þrjúhundruð síðna Mannlífsviðtali. Ég held að maður græði ekkert á því. Mín hugmynd er að segja sögu Bubba í gegnum fólkið hans, hvaðan hann kemur og hverja hann hittir.“

Jón Atli gefur aðspurður ekki mikið fyrir það að söguhetjan hafi verið erfið viðfangs. „Óneitanlega byrjuðum við á erfiðum tímamarki í lífi Bubba. En þetta var engin 9 til 5 vinna. Og þegar maður er að garfa í listum á maður auðvelt með að tengjast þeim sem eru í því saman.“

Bubbi vitnar í bókina: „Hann hafði ekki andlit. Heldur ásjónu heldur þjakaða fyrir minn smekk ... Þetta er flott opnun! Jájá, það þurfti að trekkja mig í gang. Ég þurfti að grafa djúpt. Líka að nenna. Ég var búinn að segja þessar sögur. Margar hverjar. En var ekki í neinu stuði. Óhamingjusamur. Mér leið ekki vel. En þá komu líka fram ný sjónarhorn. Varð ekki þessi rútína.“

Engar málamiðlanir

Margt hefur verið sagt og skrifað um Bubba. Og hann ekki legið á því sem á daga hans hefur drifið í gegnum tíðina. Þó varpar bókin nýju ljósi á manninn og umhverfi hans. Úr hvaða jarðvegi hið íslenska poppgóð er sprottið. Bubbi segist ekki hafa talað um ýmislegt sem fram kemur í bókinni – ekki á þennan



„Og af því að Bubbi var dómari í Idolinu. Mér fannst alltaf þessir krakkar vera að ljúga.“
Pau voru ekki með neitt nýtt heldur voru að endurtaka það sem aðrir hafa sagt. Í japanskri uppfinningu sem er karaókíð.

hátt. Og þó bókin sé í skáldsagnaformi halda þeir félagar sig við þann vitnisburð að þarna sé allt sannleikanum samkvæmt.

„Ekki eins og lögregluskýrsla,“ segir Jón Atli og veltir því fyrir sér hversu langt í eigi að seilast í leit eftir skilgreiningum.

„Þetta er sagan af Bubba Morthens. Hann endurspeglar það besta og það versta í fari þjóðarinnar. Eitt það besta er hversu umbúðalaus hann er. Segir bara já eða nei. Maður sér hann taka ákvörðunina. Og engir utanaðkomandi faktorar ráða. Ekkert: Hvað segja aðdáendurnir um þetta og svo framvegis. Slíkir menn taka radíkal ákvarðanir. Ég hef ekki fundið nema góðan stuðning. Veit ekki hvort margir hafa þetta hugrekki til að bera. Segja bara já, eða nei og svo fokk it. Það skiptir svo miklu máli. Ekkert markaðsplan, engar málamiðlanir, ekkert hálfkák. Ekki er hægt að skrifa bók sem þessa nema viðfangsefnið hafi til að bera slíka kosti.“

Lygin leynir sér ekki

Aðspurðir um hvort Bubbi sé ekki draumaviðfangsefni sé lítið til ævintýralegs lífshlaups líta þeir félagar hvor á annan og krefjast þess þá að á lesendur þessa viðtals verði skorað að lesa bókina Ísbismarkinn. Hún sé lygilegasta sannsögulega bók sem skrifuð hafi verið. Þar megi tala um ævintýralegt lífshlaup.

Í Ballöðunni um Bubba fléttar Jón Atli inn í prósan textum Bubba af mikilli kúnt. Þrátt fyrir það gefa þeir sig ekki með það að bókin rambi á mörkum skáldskapar og raunveruleika. Bubbi segist syngja um raunveruleikann. Þar sé enginn tilbúningur.

„Þú getur ekkert logið ef þú ert listamaður,“ segir Jón Atli. „Það bitur þig alltaf í rassgatið. Og af því að Bubbi var dómari í Ídolinu. Mér fannst alltaf þessir krakkar vera að ljúga. Þau voru ekki með neitt nýtt heldur voru að endurtaka það sem aðrir hafa sagt. Í japanskri uppfinningu sem er karaókiú. Þar endar umræðan um satt og logið. Það heyrst alltaf ef menn eru að ljúga. Annaðhvort virkar þetta eða ekki. Og það er sá mælikvarði og enginn annar sem gildir.“

Háður sinni markaðssetningu

Bókin spannar vítt tímasvið. Unglingurinn Bubbi á vertíð og poppstjarnan Bubbi fimmtug á milljóna króna tónleikum í boði Glitnis og OgVodafone. Ekki verður betur séð en rithöfundurinn sé skeptískur á þróun mála. Spurt er hvort þeir hafi alltaf gengið í takt, Jón Atli og Bubbi?

„Já, þetta var sirkus. Ég sá veisluna öðruvísi. En ef þú kaupir DVD diskinn þá heyrirðu ræðuna sem ég flutti í VIP herberginu. Og hún var jafn mikið á skjön við umgjörðina og Jón Atli skrifar,“ segir Bubbi.

„Ég er kannski ekki sammála sýn hans á Bjarna Ármanns og svona. En ég tók strax þá afstöðu að ritskoða Jón Atla ekki. Skipti mér ekki af því sem hann skrifaði. Ég tek eftir því að Geir Haarde er farinn að ritskoða blaðamenn með því að velja sér spurningar. Ef þú ferð að ritskoða ertu í vondum málum. Ég var í auga stormsins þarna. Og það eru tvær hliðar á þessum pakka. Að vera listamaður og svo er allt sölubatterið í kringum það. Ég get ekki aðskilið mig frá því. Ég er partur af því líka. Ég gæti reynt að ljúga því að ég sé fuglinn Fönix sem átti að flúga upp eftir brunann. Listamaður óháður öllu. Ekki partur af þessari maskínu. En sá er ekki til.

Sumir eru svo sterkir fjárhagslega að þeir ráða markaðssetningu sinni meðan aðrir fylgja öðrum leiðum. Nick Cave er háður sinni markaðssetningu rétt eins og Madonna er háð sinni. Bubbi Morthens er háður sinni markaðssetningu. Svo er bara spurning hvernig þetta er sett fram.“

Jón Atli segist ekkert hafa á móti markaðsfólki eða þeim sem

hvað. Fær ekki beint það sem hann langar í. Heldur það sem hann þarf,“ segir Jón Atli.

Gítarinn aðgöngumiði að lífslestinni

Þannig er þetta saga um mann sem átti ekkert val. Hann skyldi verða músikant. Eins óhjákvæmlegt og að setja vinstri fótinn fram fyrir þann hægri á göngu.

„Það er í bókinni. Músikantinn, ævin, persónan ... allt sami pakkinn. Óaðskiljanlegt.“

Mátti þá allt víkja?

„Ég var reyndar ekki sama skrímlið og Laxness – að bókstaflega allt mætti víkja fyrir þörfinni og lönguninni til að meika það. Og verða það sem þú varðst. Ég átti enga valkosti. Þetta var jafn nauðsynlegt og draga andann. Öðru vísi hefði ég ekki tekið með mér gítarinn á Bolungarvík á útilegubátinn að verða sextán ára. Ég bara vissi ekki að fingurnir eyðileggjast við beitingar. Enn er ég með ör á öllum fingrum eftir þennan eina

græða peninga. „Ég bara sá þessa tónleika og þetta ástand sem hálf-gert míkrocósmos sem mér fannst endurspeglar þjóðfélagsástandið að einhverju leyti.“

Getur þetta þá verið saga um sigurvegara? Jafnvel þó í bókinni segi að peningar séu hið nýja dóp? Bubbi segir það enga spurningu. En um leið er þetta saga halloka.

„Er það ekki bara þetta klassíska? Um mann sem langar í eitt-

túr. Svo spilaði ég. Ég var búinn að gleyma því en Jón Óskar myndlistarmaður minnti mig á það um daginn að ég spilaði og það lak blóð úr öllum fingrum.“

Köllun eða til að meika það? „Þetta var spurningin um að lifa af. Já, kannski brjótast út úr einhverjum aðstæðum. Gítarinn var miðinn minn. Með lífslestinni. Aðgöngumiðinn. Ég hefði ekki lifað af ef ég hefði ekki haft gítarinn.“



PENINGAR ERU HIÐ NÝJA DÓP

Brot úr bókinni Ballaðan um Bubba Morthens

„Ár dýrsins eins og það birtist okkur í Opinberunarbókinni. Í fyrsta sinn í hundrað ár myndi dagur mánaðar mánuður og árið mynda þessa alræmdu tölu. En það er bara biblíukóði. Í hliðarsal Laugardalshallarinnar er frelsi til sölu. Og Vodafone og Glitnir hafa keypt fimmtugsafmæli Bubba Morthens og skála fyrir honum í messuvíni frá Þúrgúndi og Napadal.“

Tónleikarnir verða sýndir á breiðtjöldum í salnum og þú getur setið í leðursófasetti og horft á beina útsendingu í sjónvarpi. Þú ert á staðnum en þarft ekki að taka meiri þátt í þessari athöfn en þú vilt. Forstjóri Glitnis heldur afmælisræðuna og skálar við ríkustu menn og konur landsins. En þetta er ekki honum að kenna. Nördarnir sigruðu og hann er í forsvari þeirra. Hjarðir af jakkalakkanörðum sem fjárfesta með peninga í hjörðum. Rafmagnsgítarum var skipt út fyrir tölvur og excelskjöl. Það sést varla vín á nokkrum manni. Enginn hér er í annarlegu ástandi. Peningar eru hið nýja

dóp og eini mælikvarðinn sem gildir í þessu samfélagi. Sieg Heil Für Das Kapital. Róm brennur og Reykjavík líka. Grindavík og Keflavík loga.

666. Tala dýrsins.

Einhvers konar dýrs. Kannski með lambshorn og kannski ekki. Nokkur koma nefnilega upp í hugann. Ungstjórmmálamenn ráfa um hjörðina eins og hýenur með dökka bauga eftir langar kosninganætur og akfetur bæjarstjóri minnir helst á risavaxið froskdýr þar sem hann hlær dimmum drekahlátri að brandara sem fyrrverandi forstjóri olúfélags hvíslar að honum.

Í loftinu er ilmur af framandi ostum og sósum og sérinnfluttu rauðvíni en líka nálykt og sviti og ótti því talan vekur ugg í brjósti margra. Á borðum eru exótískar snittur og auðmjúkir þjónar ganga um beina og tröða sér milli Prada pilsa og Armani jakkalacka. Forseti Íslands dýfir tígristrækju í rötsterka chillisósu og hrópar áttfalt hýrra fyrir kónginum. Reykjavík brennur og kokið á forsetanum líka.“

ÚTILJÓÐ

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið laugardaga: 11:00 - 16:00


- ★ **Barnabækur**
- ★ **Handbækur**
- ★ **Kiljur**
- ★ **Ritsöfn**
- ★ **Ættfræðibækur**

- ★ **Ævisögur**
- ★ **Skáldverk**
- ★ **Unglingabækur**
- ★ **Ljóðabækur**

LAGERSAL

Fellsmúla 28 (gamla World Class húsið)

Aðeins brotabrot af glæsilegu úrvali ...




2.499 kr.



1.499 kr.



999 kr.



2.999 kr.



999 kr.




999 kr.




799 kr.



1.299 kr.



1.299 kr.



799 kr.



599 kr.



999 kr.

★ Listaverkabækur

★ Fræðibækur

★ Stórvirki

A EDDU

OPIÐ
alla daga
kl. 11-19


15-90% AFSLÁTTUR!

Um 1500 bókatitlar undir 1.000 kr.

Frábær tilboð:

1.

Allir sem versla á markaðnum fá vandaða bók í kaupbæti.



199
kr.

399
kr.


599
kr.

799
kr.

999
kr.


Peir sem kaupa fyrir meira en 10.000 kr. fá Heim hryggleysingjanna í kaupbæti.

3.



Öll börn sem koma á markaðinn fá gefins Andrésblað!

Sparaðu þúsundir króna!



BÓKAMARKAÐUR ÁRSINS!



E d d a



VÍKINGASVEITIN VIÐ STÖRF Sveitin var stofnuð árið 1982 eftir röð atvika þar sem vopnum var beitt þar á meðal kom til skotbardaga í röð innbrotu í sportvöruverslanir. Fyrstu fjórir meðlimir sveitarinnar voru þjálfaðir af sérsvaitum norsku lögreglunnar.

Ísland er herlaust land frá og með deginum í dag eftir áratuga her-setu. Margir gleðjast og telja öryggi landsins nú betur tryggt en um langt skeið. Aðrir telja nauðsynlegt að auka varnargetuna og beita þeim rökum að ekki verði tryggt eftir á; óskilgreind hætta stafi að landinu og við verðum að vera viðbúin henni.

Eru ryðgaðar tinnubyssur allt sem þarf?

Um fátt annað er talað á Íslandi þessa dagana en öryggismál. Brottför varnarlíðsins á Keflavíkflugvelli er staðreynd og á borðinu liggur samningur Íslendinga við Bandaríkjamenn um viðskilnað þeirra og varnaráætlun til framtíðar. Þegar lítið er yfir sviðið á þessum tímamótum kemur í ljós að lítið hefur breyst í orðræðunni um varnarmál, eins og hún er nú og eins og hún var fyrir margt löngu. Það er þó eðlilegt að margir spyrji sig hvernig brugðist verði við, ef ógn stöðjar að.

Gömul saga og ný

Þorvaldur Gylfason, prófessor í Háskóla Íslands, rifjaði það upp í grein í Fréttablaðinu árið 2003 að landvarnarrök settu svip sinn á innanlandsdeilur í sjálfstæðisbaráttunni á sínum tíma. Þeir, sem heimtuðu algeran aðskilnað Íslands og Danmerkur, mæltu með því, að Ísland leitaði verndar „stórveldanna í heild sinni“, eins og Þorsteinn Gíslason ritstjóri orðaði það í blaði sínu Íslandi árið 1897. Hann gerði lítið úr hættunni

á því, að erlendum ríkjum „mundi sérlega umhugað um að ná Íslandi undir sig“. Einar Benediktsson skáld var á öðru máli. Hann kallaði skilnaðarkröfuna „gamalúr-elta uppástungu“ og taldi skilnað landanna bæði ófánlegan og óæskilegan og tefldi fram landvarnarrökum. „Hver hundadagakóngur, sem vildi, gæti enn þann dag í dag lagt þessa þjóð undir sig, með fáeinum ryðguðum tinnubyssum, væri ekki smáveldið danska til varnar.“

Hér vitnaði Einar í þá staðreynd að Ísland hafði eitt sinn verið tekið yfir af Jörgen nokkrum Jörgensen, eða Jörundi hundadagakonungi eins og hans er minnst af þjóðinni. Það var árið 1809 þegar Napóleonstríðin svokölluðu geisuðu í Evrópu og Engendingar herjuðu á Dani. Þeir gátu lítið sinnt málefnum Íslands, hvorki með verslun né varnar, og tækifærið nýtti Jörundur sér.

Ef ráðist verður á Ísland seinni partinn í dag, erum við þá varnarláus? Gæti hvaða hundadagakóngur sem er lagt landið undir sig, með fáeinum ryðguðum tinnu-

byssum, eins og Einar vildi meina undir aldamótin 1900? Hver verður fyrstur til að grípa inn í ef ógn stöðjar að landinu frá ótilgreindum hópi manna, innlendum eða erlendum?

Fremstir í flokki

Í fararbroddi í vörnum Íslands yrði hin fámenna en vel þjálfaða Víkingasveit. Sveitin var stofnuð árið 1982 og fyrstu fjórir meðlimir hennar voru þjálfaðir af sérsvaitum norsku lögreglunnar sem kallast Beredskapstorppen Delta. Tekin var ákvörðun um stofnun sérsvaitar eftir að nokkur alvarleg atvik komu upp hér á landi. Árið 1976 lenti á Keflavíkflugvelli þota sem hafði verið rænt en eins höfðu komið upp alvarleg tilvik um sama leyti þar sem brotist var inn í sportvöruverslanir og komið til skotbardaga. Í því tilvikum þurfti lögregla að keyra niður annan manninn sem átti í hlut. „Þessi atvik og önnur á þessum tíma kölluðu eftir því að íslensk lögregla kæmi sér upp slíkum búnaði og kæmi sér upp gagnaðgerðasveit vegna hryðjuverka-

ógnar,“ segir Jón F. Bjartmarz, yfirlögrelubjónn sem fer með yfirstjórn sérsvaitarinnar.

Frá þeim tíma hefur sveitinni vaxið fiskur um hrygg og telur nú 45 sérsvaitarmenn og fjölgar þeim í 52 á næsta ári. Þá er ótalinn hópur manna sem hefur fengið þjálfun í samningatækni og almennir lögreglumenn sem hafa fengið sérstaka þjálfun, til dæmis í meðferð handvopna. Allir sérsvaitarmenn fá sömu grunnþjálfun en þeim er síðan skipt niður í sérhópa eftir því við hvað er að glíma; meðhöndlun sprengiefna, sjóaðgerðahópur er innan sveitarinnar, einnig sérþjálfður riffilskyttuhópur og sjúkraliðahópur auk sérstaks aðgerðahóps.

Aðeins þeir bestu

Margir eru kallaðir en fáir útvaldir þegar sérsvaitin á í hlut. Á hverju ári sækja um 35 manns um að komast í sérsvaitina og tíu til fjórtán ná inn á nýliðanámskeið. Reynslan er að fjórir til tíu ná að klára námskeiðið og til þessa hafa það einungis verið karlmenn. Jón F. Bjartmarz útskýrir að námskeiðin séu hugsuð sem sía. „Menn þurfa að vera andlega mjög sterkir og líkamlega í afburða góðri þjálfun.“ Jón segir að þjálfunaraðferðir sveitarinnar séu áþekkar aðferðum norsku sérsvaitarinnar þó að einstakar þjálfunaraðferðir séu trúnaðarmál. Grunn- og framhaldsþjálfun fer fram innanlands en sérhóparnir taka þátt í margvíslegri þjálfun erlendis, aðallega á Norðurlöndunum og eins hafa erlendir sérsvaitarmenn komið hingað til lands til þátttöku á námskeiðum sérsvaitarinnar.

Hríðskotabyssa af Hecler&Koch gerð og Glock 17 skammbysa eru grunnvopn hvers einasta sérsvaitarmanns. Annar grunnbúnaður sérsvaitarmanna er sérstakur klæðnaður, skotvesti og hjálmur. Allir hafa þeir einnig sjóaðgerðagalla til að geta starfað hvort sem er á landi eða sjó. Sérhópar eru svo sérstaklega útbúnir.

HELSTU VOPN SÉRVEITARINNAR



Sveitin er einnig búin sérsmíðuðum dönskum leyniskytturifflum, Remington haglabyssum og Blazer R93 rifflum.

30. september 2006

En hvar eru þessi vopn geymd? Væri mögulegt fyrir hóp hryðjuverkamanna að ráðast á vopnabúr sérsvaitarinnar og afvopna hana þar með? Jón segir öll vopn sérsvaitarinnar og lögreglu í landinu geymd með afar tryggilegum hætti og afar erfitt eða ómögulegt fyrir hryðjuverkamenn eða aðra að reyna að komast yfir þau.

Árás hryðjuverkamanna á Íslandi er fjarlæg tilhugsun en þegar horft er til atburða í Evrópu á undanförunum misserum þá vaknar sú spurning hvort til séu í landinu viðbragðsáætlanir sem taka mið af svipuðum aðstæðum. Í samtölum Fréttablaðsins við sérfræðinga í varnarmálum fékkst það staðfest að slíkar áætlanir eru til en ekki í hverju þær felast nákvæmlega. Sérsvaitin færir þar fremst í flokki en nyti aðstoðar lögreglu, slökkviliðs ásamt Landhelgisgæslunni og fleirum. Það þarf því greinilega fleira að koma til en ryðgaðar tinnubyssur, til að reida til hogs gegn íslensku þjóðinni.

VARNARLIÐ ÍSLENSKU ÞJÓÐARINNAR

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

Mannafli alls: 150

- Varðskipin Týr og Ægir
- Pýrlurnar TF-SIF og TF-LÍF
- Flugvélin TF-SÝN



BJÖRGUNARSVEITIR INNAN LANDSBJARGAR

Mannafli alls:

Um 18 þúsund sjálfboðaliðar.

- Stórir björgunarbátar 9
- Slöngubátar 120



SÉRVEIT RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA

Mannafli alls: 52*

- Sprengjusveit
- Sjóaðgerðahópur
- Riffilskyttuhópur
- Sjúkraliðahópur
- Aðgerðahópur



*Tala miðuð við 2007. Margir sérsvaitarmenn hafa þjónað fyrir Íslands hönd við friðargæslu.

ÍSLENDINGAR Á HERSKYLDUALDRI 15-49 ÁRA

Mannafli alls: 130 til 140 þúsund karlar og konur



LÖGREGLA

(26 embætti á landsvísu)

Mannafli alls: 693

SKRÁÐ VOPNAEIGN ÞJÓÐARINNAR

Haglabysur 30.962
Rifflar 16.292
Skammbysur 1.389

ALLT ER ÞEGAR ÞRENNT ER!



HELGARBLAÐ DV ER KOMIÐ ÚT!

Helgarblað DV, Menning og DV sport!
Preföld ánægja um helgar.

DV

LIFANDI PAPPÍR!



TILBREYTING Samkvæmt Þú léttist eiga of þungir að brjóta upp vanafestuna í lífinu og vera opnir fyrir því að reyna eitthvað nýtt. Kvöldverður í sjónum er kannski fullöfgakenndur en hugmyndin er þó skemmtileg. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Megrún án megrunar

Bókin Þú léttist – án þess að fara í megrun er nýkomin út hjá Veröld og kynnir algjörlega nýja nálgun að því að léttast. Fréttablaðið fékk þrjár ungar konur til liðs við sig til að reyna þessar nýju aðferðir og næstu fjóra laugardaga verður fylgst með hvernig þeim gengur.

Allmargir þekkja baráttuna við aukakílóin í einhverri mynd og margir hafa reynt ýmsar leiðir til að ná þeim af sér. Kaloríur eru taldar, kolvetni útilokuð, töflur bruddar og bætiefnahristingar drukknir í öll mál. Það sem þessir megrunarkúrar eiga sameiginlegt er að þeir snúast um að neita sér um ákveðnar fæðutegundir. Smám saman linast fólk gagnvart fæðunni, gefst upp að lokum og fær þá nagandi samviskubít. Þannig hafa megrunarkúrar slæm áhrif á sálarlífið og fólki sem reynir þá finnst það jafnan vera misheppnað og reynir þá aftur og aftur.

Þrjár breskir vísindamenn hófu rannsóknir fyrir rúnum tuttugu árum sem leiddu í ljós að venjur grannra og of þungra í mataræði og hreyfingu eru almennt mjög svipaðar. Þess vegna hlýti það að vera eitthvað annað sem réði úrslitum um líkamsþyngd fólks. Í ljós kom eftir enn frekari rannsóknir að



Bókin býður upp á skemmtilega naflaskoðun hvort sem fólk ætlar sér að léttast eða ekki. Gaman verður að sjá hvort það ber í raun og veru árangur að breyta viðhorfum fólks til lífsins í baráttunni við aukakílóin.

munurinn liggur í lífsviðhorfum. Grannir hafa allt annað viðhorf til lífsins en fólk í yfirvigt. Fram kemur í bókinni að víðsýnt fólk hefur jafnan komið sér upp venjum og síðum sem halda því grönnu en of þungt fólk hefur á hinn bóginn tamið sér venjur sem tryggja að það þyngist stöðugt. Því sveigjanlegri og víðsýnni sem þú ert, því

meira greinistu. Að auki verðurðu hamingjusamari og ánægðari og nýtur mun meiri velgengni á öllum sviðum lífs þíns. Bókahöfundar lofa því að ef lesendur að fylgja eftir ráðleggingunum í bókinni léttast þeir um 3,5 kg eftir 28 daga, auk þess að vera orðnir hamingjusamari og ánægðari með lífið.

LIFABÍL TIL FULLNASTU

Aðferð bókarinnar Þú léttist snýst ekki um að telja kaloríur eða skipta um mataræði heldur að breyta hugsunarhættinum og lífsmunstrinu. Þeir sem eru of þungir tileinka sér í litlum skrefum hugsunarhátt hinna grönnu. Það felur í sér að brjóta upp vanann sem heldur fólki í yfirvigt en samkvæmt rannsóknunum eiga grannir það sameiginlegt að vera sveigjanlegri og jákvæðari en þeir sem eru of þungir. Til að ná þessum sveigjanleika og uppbroti á vanafestunni eru gerðar smávægilegar breytingar á hverjum degi. Sem dæmi gæti maður verið ákveðnari í einn dag ef maður er vanalega hlédrægur, farið aðra leið í vinnuna, sungið hástöfum í baði eða sleppt því að horfa á sjónvarpið í heilan dag. Allt þetta er hluti af megrunaraðferðinni, Þú léttist.

Fyrstu 28 dagana eru nákvæmar leiðbeiningar um hvað skal gera á hverjum degi. Yfirleitt eru það smávægileg atriði í daglegu lífi sem tekin eru fyrir. Að lokum er fjallað um framhaldið og hvernig á að ná kjörþyngd og halda henni til frambúðar. Lykillinn að því að halda sér grönnum felst í því að lifa svolítið öðruvísi á hverjum degi. Lifa til fullnustu. Stórra breytinga er ekki þörf.

NOKKRAR ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ LEIÐIN ÞÚ LÉTTIST GERIR ÞÉR GOTT:

1. Kílóin fara smám saman.
2. Þyngdartapið er varanlegt.
3. Hún er vísindalega sönnuð og byggð á traustum sálfræðilegum grunni.
4. Hún er skemmtileg.
5. Hún dregur úr kvíða og þunglyndi.
6. Hún leiðir til heilsusamlegra mataræðis.
7. Hún byggist ekki á bönnum og þú þarft ekki að neita þér um neitt.
8. Hún opnar nýjan reynsluheim.
9. Hún hefst í huganum, ekki maganum.
10. Hún beinist ekki að mat, svo hann verður ekki að þráhyggju og viðhorf þitt til matar verður ekki ónáttúrulegt.
11. Þetta merkir að þú nærð tökum á framtíð þinni en verður ekki fangi fortíðarinnar.
12. Ekki er þörf á lyfjum, sérstöku fæði eða kaloríu- eða kolvetnatöngum.
13. Hún kippir þér ekki úr sambandi við matarlystina og spillir ekki náttúrulegum hæfileikum þínum til að skynja hvort þú sért svangur eða ekki.
14. Hún gefur lífi þínu aukinn lit í stað þess að setja því takmörk.
15. Hún byggist á því sem þú getur gert, ekki því sem þú getur ekki gert.

ÁSTA SÓLVEIG HJÁLMAUSDÓTTIR

Ásta er 21 árs og er nýflutt í Stykkishól, ásamt sambýlismanni sínum og átta mánaða syni þeirra. Þar starfar hún við aðhlyningu aldraðra.

Hefurðu reynt margar megrunaraðferðir? Já, ég hef reynt Herbalife, átta vikna aðhaldsnámskeið, strata og lífsstílsbreytingu hvað varðar mataræði og slíkt.

Hvernig hefur það gengið? Yfirleitt ekki nógu vel. Þegar ég prófaði lífsstílsbreytinguna gekk mér reyndar vel en fékk svo matareitrun og hægði þá á mér í því. Þau kíló hafa samt ekki komið aftur enda hef ég haldið mig að nokkru leyti við það mataræði síðan.

Telurðu þig vera vanafasta? Kannski í sumu en ekki mikið held ég. Annars veit ég það ekki en kem eflaust til með að átta mig á því þegar ég byrja að lesa bókina.

Hvernig leggst verkefnið í þig? Mjög vel. Það verður gaman að sjá hvort þetta virki eða ekki.

Hefurðu einhverjar væntingar til þú léttist? Nei, eiginlega ekki. Ég hef ekki mikla trú á henni en samt



ÁSTA SÓLVEIG HJÁLMAUSDÓTTIR Ásta telur sig ekki vera mjög vanafasta en er samt spennt að komast að því hvort þú léttist aðferðin eigi eftir að virka. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

verður gaman að sjá hvort eitthvað gerist. Það er svo sem ekkert útilokað.

Hefurðu einhver markmið varðandi þyngd? Já, ég vil ná af mér þrjátíu kílóum en til að byrja með er markmiðið að ná þeirri þyngd sem ég var í áður en ég varð ólétt.

ELÍSBET ÓLAFSDÓTTIR

Elisabet, eða Beta eins og hún er jafnan kölluð, er ritari í umhverfisráðuneytinu. Hún býr í Vesturbæ Reykjavíkur, er 29 ára og einhleyp.

Hefurðu reynt margar megrunaraðferðir? Ég held ég sé búin að reyna allt nema einhverja brjálaða megrunarkúra. Ég er búin að fara oft í ræktina á alls konar námskeið.

Hvernig hefur það gengið? Ekkert sérstaklega vel. Þyngdin hefur rokkað mikið upp og niður. Það fara fimm til tíu kíló af og á til skiptis, sem er mjög dæmigert.

Telurðu þig vera vanafasta? Já, en ég uppgötvaði það ekki fyrr en ég fékk bókina í hendur. Ég fáttaði allt í einu að ég geri það nákvæmlega sama á hverjum einasta degi.

Hvernig heldurðu að þér eigi eftir að ganga að fylgja bókinni eftir? Ég geri alltaf allt sem mér er sagt og það er minn akkillesarhæll. Það fer bara eftir því hvað fólkið í kringum mig er miklir fávitar, hversu mikill fáviti ég verð. Mér var kennt það af foreldrum mínum að gera eins og mér er sagt þannig að þetta verður ekkert mál að fylgja þessu eftir.

Hvernig leggst verkefnið í þig? Það



ELÍSBET ÓLAFSDÓTTIR Beta áttaði sig á því þegar hún fór að skoða bókina að hún væri stíllt á sjálfstýringu alla daga og hlakkar til að brjóta upp hversdagslífið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

leggst mjög vel í mig og mér finnst mjög gaman að þæla í þessu.

Hefurðu einhverjar væntingar til þú léttist? Já, hvort sem ég léttist eða ekki þá er þetta svo skemmtileg naflaskoðun sem allir ættu að tileinka sér. Þetta er bara að læra að þekkja sjálfa sig og mér finnst ég ýkt skemmtileg þannig að ég er alveg ótrúlega ánægð með að kynnast mér betur.

SIGGA LUND

Sigga er útvarpskona í morgunþættinum Zúuber á fm 95,7. Hún er 36 ára og einhleyp en á 17 ára gamlan son.

Hefurðu reynt margar megrunaraðferðir? Já, ég held ég hafi reynt nánast allt. Ég hef tekið brennslutöflur, prófað alls konar megrunarkúra og síðan hef ég verið heilmikið í ræktinni. Ég held ég hafi verið á danska kúrnunum í viku en hann var ekki að virka fyrir mig.

Hvernig hefur það gengið? Upp og ofan. Það hefur verið þannig að þegar ég tek einhvern megrunarkúr þá kemur þetta alltaf aftur til baka og svo verð ég þyngri en ég var áður en ég byrjaði. Eftir að ég fór að æfa þá hef ég nú samt alveg haldið mér nokkuð góðri en annars hef ég verið mjög rokkandi í þyngd alla tíð.

Hvernig leggst verkefnið í þig? Þegar ég sá þessa bók þá hugsaði ég bara: „Æ, nei, enn ein bók! Hvað á eiginlega að hafa af manni mikla peninga í þessum endalause áróðri um að maður þurfi að leggja af?“ Síðan var ég kynnt fyrir bókinni og þá sá ég að þetta er eitthvað alveg splunkunýtt í þessari megrunarmæðu. Ég er alveg til í að prófa þetta. Kannski er það bara málið að ég hafi verið svona vanaföst allt mitt líf og það hafi haft áhrif á mataræðið og allt. Ég er alveg til í að tækka á því.


Telurðu þig vera vanafasta? Já, að mörgu leyti en að mörgu leyti



SIGGA LUND Sigga er alveg viss um að henni eigi eftir að ganga vel við að brjóta upp vanafestuna enda sé hún almennt mjög opin fyrir nýjungum.

ekki. Ég er alveg opin fyrir nýjungum og svona en þarf samt alltaf að hafa mitt nánasta umhverfi í föstum skorðum. Ég vil geta gengið að ákveðnum hlutum vísnum og það er eitthvað sem má alveg brjóta meira upp.

Hvernig heldurðu að þér komi til með að ganga? Ég hef enga trú á öðru en að mér eigi bara eftir að ganga vel. Ég tók prófið í bókinni um hvort ég sé tilbúin í þetta eða ekki og þar kom í ljós að ég er bara alveg tilbúin að byrja. Ég er opin fyrir breytingum og tilbúin að sjá hlutina í nýju ljósi. Mér finnst það svo frábært við þetta að það er ekkert sem ég þarf að neita mér um eða telja í mig hitaeningarnar.



"Hugely talented."
THE NEW YORK TIMES

"Elling is arguably the most interesting and innovative jazz singer to come along in years."
ARTIE SHAW

"The most flamboyantly creative male jazz singer to emerge in the last decade."
S.F. CHRONICLE

"...in an era when bona fide jazz singers are in perilously short supply... Elling seems hellbent on rewriting the definition of what jazz singing is all about."
CHICAGO TRIBUNE

"A musical phenomenon."
THE GUARDIAN (UK)

"Elling freestyles over complex jazz compositions with the ease of butter over hot corn... Elling is a vocal experience."
HITS!

"[possibly] the greatest jazz singer of all time."
JAZZ REVIEW (UK)

"Elling is a cool breeze in the desert of male jazz singers. Elling sings, scats, does vocalese, tells stories, and reads poetry in a baritone voice that bounces from sweet to tangy."
PHILADELPHIA DAILY NEWS

Stórtónleikar Kurt Elling

ásamt Laurence Hobgood Trio
Austurbæ í kvöld

*Kurt Elling var nýlega kosinn
"Male Vocalist of the year"
af gagnrýnendum Downbeat*

Fyrir tónleika Kurt Elling leikur
Eyjólfur Þorleifs/Andrés Þór kvartett

Kvartettinn skipa þeir Eyjólfur Þorleifs, Andrés Þór
Þorgrímur Jónsson og Einar Valur Scheving

Húsið opnar kl. 18.45

Miðasala:

www.midi.is

verslunum Skífunnar og BT úti á landi.

Miðar verða jafnframt seldir á tónleikastað

Allar nánari upplýsingar um þessa tónleika og
aðra viðburði á Jazzhátíð Reykjavíkur 2006
er að finna á

www.jazz.is



Útrás úr kjallaranum

Svíinn Mika Liias fagnar um þessar mundir tíu ára afmæli snyrtivörulínu sinnar Make Up Store sem fæst nánast um allan heim í dag. **Sigríður Hjálmarsdóttir** ræddi við Mika þegar Make Up Store opnaði í Kringlunni nýverið og spurði hann um þessa hröðu þróun undanfarinna tíu ára.

Fyrst eftir að Mika lauk námi sem förðunarfræðingur ferðaðist hann um Svíþjóð til að sjá um tískusýningar og farða fyrirseturnar. „Ég ákvað síðan fyrir sextán árum síðan að stofna förðunarskóla. Fljótlega lenti ég í vandræðum með að finna nægilega góðar vörur fyrir nemendurnar mína,“ segir Mika en hann fór þá að sérpanta snyrtivörur frá Bandaríkjunum. „Loks ákvað ég að framleiða mitt eigið merki fyrir nemendur mína og seldi vörurnar úr kjallaranum heima. Á skömmum tíma fjölgaði viðskiptavininum svo hratt að ég ákvað að opna verslun í miðbæ Stokkhólms. Mér bauðst að leigja verslunarhúsnæði til þriggja mánaða og þá var bara að hrökkva eða

stökkva.“ Mika segir verslunina hafa farið hræðilega af stað og fyrstu vikuna var nánast engin sala. „Þá fór ég að velta því fyrir mér hvernig ég gæti aukið áhuga fólks á vörunni minni og rifjaði upp að nemendur mínir höfðu oft spurt um einkakennslu í förðun fyrir venjulegt fólk sem ekki ætlaði sér í förðunarfræði. Ég ákvað því að prófa að bjóða upp á stutt námskeið og það gekk svo vel að fyrstu tvo mánuðina komu 500 manns á námskeiðin,“ segir Mika og hlær að minningunni.

Aðeins sex mánuðum eftir að fyrsta verslunin var opnuð réðst Mika í að opna aðra í Stokkhólmi. „Ég vissi að ef ég ætlaði að koma vörunni almennilega á framfæri þyrfti ég að hafa fleiri en eina búð.



ÓTRÚLEG VELGENGNI Mika Liias opnaði fyrstu Make Up Store verslunina í Stokkhólmi fyrir tíu árum síðan. Í lok þessa árs verða þær orðnar fleiri en hundrað.

Önnur búðin var þínulítill til að byrja með en er nú orðin mjög stór því við erum búin að kaupa húsnæðin í kringum hana.“

Förðun er lífsstíll

Í lok þessa árs verða Make Up Store verslanirnar orðnar hundrað talsins víða um heim. „Það eru verslanir í Singapore, Bangkok, Ástralíu, Bandaríkjunum, Gvatemala, Mexíkó, Spáni, Norðurlöndunum, Eyrstrasaltsríkjum, Íslandi og Rússlandi á næstunni,“ segir Mika og tekur það fram að ef aðrir snyrtivöruframleiðendur hefðu lagt eins mikið í vörurnar sínar væri Make Up Store ekki til í dag. „Förgangatriði hjá mér er að bjóða upp á veruleg gæði í vörum mínum og í öðru lagi að hafa verðlagninguna viðráðanlega. Ég legg líka mikið upp úr því að þjónustan sé góð og að fólk læri á réttan hátt að setja á sig farðann. Það gefur þér ekkert að vera með gæðavöru í höndunum en kunna ekki að nota hana. Þannig verður varan léleg.“

Sjálfur er Mika hættur að farða þar sem hann hefur ekki tíma fyrir það lengur. „Það er mjög gott að eiga það enn í bakhöndinni því þannig veit ég um hvað ég er að tala. Það sem ég geri aðallega í dag er að ákveða liti, tóna, áferð og útlit snyrtivara. Mitt aðalstarf í dag er að ferðast á milli landa til að opna nýjar verslanir, auk þess sem ég er alltaf að auka við úrval verslananna og endurskoða vörurnar sem við erum með fyrir. Ég reyni líka að heimsækja verslanirnar sjálfur eins mikið og ég get til að vita hvað viðskiptavinirnir vilja. Það eru ótrúlegustu hlutir sem þeir spyrja um, enda er þetta lífsstíll fyrir mörgum.“

Leyndarmál Make Up Store

Eitt af leyndarmálum Make Up Store er að skipta við margar verk-

smiðjur. „Mörg vörumerki fá aðeins einn aðila til að framleiða allar vörurnar fyrir sig en það hef ég aldrei gert. Ein verksmiðja er kannski góð í að framleiða naglaloð, önnur varalíti og enn önnur púður. Ég ákvað því að fá einungis bestu vöruna frá hverri verksmiðju fyrir sig, þrátt fyrir að það sé dýrari leið til framleiðslu. Aftur á móti er það eitt af því sem fólk líkar hvað best við vörurnar frá okkur að það veit að við erum með mjög góðar vörur. Samt seljum við þær alls ekki svo dýru verði,“

Hugsjónamaður

Mika segir það ótrúlega tilfinningu að sjá fyrirtæki sitt stækka svo ört á skömmum tíma en tíminn hafi liðið alveg ótrúlega hratt á þessum tíu árum. „Ég er ofboðlega þakklátur þeim sem hafa trúað á hugmyndirnar mínar í öll þessi ár og stutt mig. Án þeirra og fólksins sem starfar í verslunum hefði þetta aldrei gengið upp.“

Upphaflegt plan hjá Mika var að opna fleiri búðir en eina og hann segir að hann hefði verið hæstánægður með tvær. „Eftirspurnin

Á dögunum var opnuð Make Up Store verslun í Kringlunni og má þar finna ótrúlegustu snyrtivörur í öllum regnbogans litum.



Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt

Hrein þjónusta ehf
Dalbraut 3, 105 Rvk
897 2800 - 567 7773

varð síðan svo mikil að búðunum hefur fjölgað ört síðan. Þá er ég með langa lista af fólki sem vill opna verslanir úti um allan heim. Það er hins vegar meira en að segja það að fá leyfi til að opna verslun undir merkjum Make Up Store enda fá þeir eingöngu leyfi sem virkilega lifa fyrir snyrtivörurnar. Sjálfur hef ég aldrei hugsað um Make Up Store sem gróðaleið heldur er það hugsjón hjá mér að framleiða vöruna og það er mér mjög mikilvægt.“

Mörg fyrirtæki hafa boðið í Make Up Store á undanförunum árum en Mika hefur neitað öllum tilboðum. „Ég held að ef ég myndi selja fyrirtækið yrði ég kannski voða kátur í tvær vikur en síðan bara lenda í vandræðum með hvað ég ætti að taka mér fyrir hendur næst.“

HVERNIG ER AÐ...

VERA SKEGGAPI



ÁRNI ÞÓRARINSSON – SKEGGAPI

„Ég hef ekki fylgst með tiskunni síðan 1965. En ástæðan fyrir því að ég leyfði þessu að spretta um 21 árs aldur var ekki tiska heldur praktískar og lífsstílsbundnar ástæður. Sem fylgja því að komast á fullorðinsár: Ég fékk ekki afgreiðslu í ríkinu. Menn vísuðu mér frá. Ég fór að prófa þetta og eins og við manninn mælt: Um leið og ég sást með hjung þóttust menn geta afgreitt mig. Síðan hef ég gleymt þessu skeggi og það hefur verið síðan. Það er bara þannig.“



STEINDÓR ANDERSEN – SKEGGAPI

„Þetta er mér algerlega lífsnaðsynlegt. Þetta er eina líkamsræktin sem ég stunda. Að rækta skegg.“



SAMÚEL SAMÚELSSON – SKEGGAPI

„Það er voðalega þægilegt. Ekki síst svona norðarlega á plánetunni. Og yfir vetrartímann. Annars er þetta aðallega af leti og vanrækslu sem þetta er látið vaxa. En ekki má gleyma því að karlmenn líta svona út. Við norðurbúar. Þetta er hið eðlilega útlit. Rakstur er lýtaaðgerð.“



GUNNAR ÞORSTEINSSON – SKEGGAPI

„Þeir sem eru með kvenmannskjálkana þeir líta til okkar með öfund. Þeir gera það, taðskeggingarnir. Maðurinn er skapaður til að vera svona. Menn eiga ekki að vera á flóttu undan sjálfum sér með því að raka sig. Skafa fram úr sér skeggið. Þetta guðsgjöf. Karlmenntakákn.“



ÁSGEIR JÓNSSON – SKEGGAPI

„Það er aðallega af því að það kemur sér vel. Sést minna af andlitinu. Jú, reyndar er þetta guðsgjöf að vera vel hærður eins og sagt var. Kemur sér vel á veturna. Það er skjól í þessu. En það besta við að vera með skegg er að sleppa við raksturinn. Annars myndi ég þurfa að raka mig tvisvar á dag.“

Hvað er svalt?

Á föstudaginn fór fram CoolBrands-hátíðin þar sem svölustu vörumerki Íslands voru verðlaunuð. En hvernig verða vörumerki svöl og hver eru þau?

Að vera „kúl“ eða svöl þykir bráðnaðsynlegt innan markaðsgeirans þar sem að viðskiptavinir borga meira fyrir vörur sem eru álitnar „svalar“. Fyrirtækið CoolBrands er meðlimur hins alþjóðlega Superbrands, sem eru sjálfstæð samtök sem starfa innan vörumerkjapróunargeirans. Í ár tók Ísland í fyrsta skipti þátt í CoolBrands könnuninni sem fór fram á netinu. Með niðurstöðunum sem voru birtar á föstudaginn vonast samtökin til þess að fólk öðlist frekari

skilning og áhuga á vörumerkjapróun á Íslandi. Einnig er komin út glæsileg bók á ensku sem heitir „CoolBrands – An insight into some of Iceland’s coolest brands“ sem er prýdd myndum og greinum eftir Íslendinga um hvað „svalt“ þýðir í okkar augum. Það



FLUGFÉLAGIÐ ICELANDAIR VAR Í ÖÐRU SÆTI SEM SVALASTA VÖRUMERKI ÍSLANDS.

IPOD NANO

kemur að vissu leyti á óvart hversu fá íslensk vörumerki voru á topp tuttugu listanum en vonandi fara Íslendingar að

meta betur það sem kemur úr þeirra eigin svöla landi í norðri.

Topp tíu svölustu merkin

1. Icelandair
2. I pod
3. Sony
4. Diesel
5. Nike
6. Playstation
7. Nokia
8. Puma
9. BMW
10. Iceland Express

SONY

Allur pakkinn

32" Sony Bravia vegg sjónvarp og heimabíó saman



KDL32U2000
32 Bravia LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
HDMI tengi
PC tengi
Snúningsfötur

Heildarpakkinn!
16.662,- kr.
Á mánuði* í 12 mánuði
eða 199.950,- staðgreitt

verð áður 249.900

DAVDZ119
S-Master Digital Magnari
850W RMS
Útvarp FM/AM RDS
Fjarstýring

Innbyggður stafrænn sjónvarpsmóttakari

Skýrari mynd en þú átt að venjast...

og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.

Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is sími: 588 7669

like.no.other

Elín María fetar nýja braut



Matur
Woody Allen
Tíska
Öflugasta sjónvarpsdagskráin

birta
MEST LESNA • TÍMARIT LANDSINS

STUÐ MILLI STRÍÐA Að loknu kveldi

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR MÆLIR VINÁTTU Í UPPVASKI.



Um síðustu helgi hélt ég innflutningspartí og var þar heldur margt um manninn og enn meira um gleðina. Gleðskapurinn stóð fram eftir nóttu og efast ég ekki um að nágrannarnir hafi verið orðnir heldur pirraðir þegar síðasti gestur yfirgaf svæðið að ganga sjó um morguninn. Einn nágrannanna minna ákvað að hefna sín þennan sama morgun og hóf miklar framkvæmdir með hamri og sög nokkru áður en ég hafði hugsað mér að fara á fætur. Ég staulaðist ryðguð og rám fram úr rúminu, smeygði skítug-

um táslunum í innisko og rak nefið feimin fram í stofu, bara til að vera viss um að þar leyndist enginn afgangspartígestur sem hefði gleymt að fara heim. Nei, ég var víst ein í heiminum. Ég settist í sófann, dró andann og naut augnabliksins.

Mér finnst tilfinningin sem fylgir deginum eftir partí alltaf svo yndisleg. Maður horfir yfir skemmtanavígðvöllinn, les í gólf-slettturnar sem eru vitnisburður um hjartnæm augnablik, hlær með sjálfum sér að fyndnum bröndurum sem rifjast upp út frá einu glasi eða brotnum stól, þefar af blómum sem færð voru að gjöf eða veltir fyrir sér hver hafi byggt píramíða úr bjórdósum inni á baði.

Veitingar og bjórdósir liggja á víð og dreif, eitt jarðarber kúrir í horni þreytt eftir kvöldið og gítarinn sefur værum blundi eftir erf-iðisnæturvinnu.

Já, það fylgir því ákveðin sæl-tilfinning að vakna morguninn eftir partí. Verst er þó að þessi sæltilfinning rennur fljótt af manni, eða eftir um það bil fimm mínútur. Þá tekur eymdin við og ryksugan er sett í gang. Reglan er víst að því fleiri sem skítugu glösin eru, því fleiri vini áttu, og eftir mikið uppvask var ég orðin sannfærð um að ég ætti allt of marga vini. En þeir eru víst uppvasksins virði.

Gangið nú glöð um gleðinnar dyr og góða helgi.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



UNIVERSITY COLLEGE
VITUS BERING DENMARK



NÁM Í DANMÖRKU

Hjá VITUS BERING í Horsens bjóðum við upp á margvíslega menntun.

Í boði er:

Á ensku og dönsku

- Byggingafræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði

Á ensku

- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði

Á dönsku

- Véltaekni
- Véltaeknifræði
- Landmælingar
- Tölvutæknifræði
- Aðgangsnámskeið
- Byggingatæknifræði


Fulltrúi skólans Johan Eli Ellenderson, verður í Reykjavík á biluni 27.september - 7.október 2006.

Þeir sem hafa áhuga geta haft samband við Johan Eli Ellenderson, með því að hringja beint í Johan í síma í 845 8715.

UNIVERSITY COLLEGE
VITUS BERING DENMARK
CHR. M. OESTERGAARDS VEJ 4
DK-8700 HORSENS
TEL: +45 7625 5000
FAX: +45 7625 5803
EMAIL: CVU@VITUSBERING.DK

www.vitusbering.dk


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



5.090 kr. á mánuði til 5. desember

AFMÆLISTILBOÐ!

Stöð 2 BÍÓ fylgir frítt með!





Kl. 16.00

Tvær ljósmyndasýningar verða opnaðar í Þjóðminjasafni Íslands í dag. „Ókunn sjónarhorn“ sýnir myndir af óþekktum stöðum, húsum og fólki sem gestir safnsins eru beðnir um að gefa upplýsingar um. Á sýningunni „Myndir úr lífi mínu“ eru ljósmyndir Gunnlaugs P. Kristinssonar áhuga-ljósmyndara en myndirnar voru teknar um miðja síðustu öld.

menning

menning@frettabladid.is

Heyrist Romm Tomm Tomm

Havanabandið, latínsveit Tómasar R. Einarssonar heldur útgáfutónleika á skemmtistaðnum Nasa í kvöld í tilefni útkomu latíndjashljómplötunnar Romm Tomm Tomm.

Sveitin hefur starfað frá 2002, en þá kom út fyrsti geisladiskur Tómasar með frumsamdri latíntónlist, Kúbanska, en ári síðar kom síðan diskurinn Havana út en þá léku kúbanskir tónlistamenn tónsmíðar Tómasar. Á nýjasta diskinum er spilið íslenskra og kúbanskra tónlistarmanna fléttað saman en Tómas sækir jöfnum höndum í íslenska tónlistarhefð og kúbanska og



þar sem m.a. er að finna kraftmikinn hyllingaróð hans til eina kunna íslenska karnivalssins, Jörfagleðinnar, sem haldin var lengi á heimaslóðum hans í Dalasýslu. Tómas mun síðan halda aðra útgáfutónleika í Havana á Kúbu í nóvember.

Á tónleikunum í kvöld sem hefjast kl. 23 leika auk Tómasar, þeir Óskar og Ómar Guðjónssynir, Matthías M.D. Hemstock, Pétur Grétarsson, Samúel J. Samúelsson og Kjartan Hákonarson.

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR Á JAZZHÁTÍÐ

Romm Tomm Tomm á Nasa í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



> Dustaðu rykið af...

kvikmyndinni **Max** frá árinu 2002 þar sem greinir frá athyglisverðum kynnum **Adolfs Hitlers** og listaverkasalans **Rothmans**. Leikrit um annan vinskapa Adolfs við **bóksala** af gyðingættum er nú á fjöllum **Borgarleikhússins** en fjalir úr **leikhússtúku** Hitlers sjálfis liggja á gólfu **Hafnarhússins**.

Einstök forsyning á óvanalegum stað

Leikstjórinn Atom Egoyan kemur færandi hendi á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina sem nú stendur yfir í Reykjavík og sýnir nýjustu mynd sína, Citadel, í hátíðasal Háskóla Íslands á sérstakri forsyningu. Egoyan er meðal annars þekktur fyrir myndir sínar The Sweet Hereafter og Ararat en hin fyrrnefnda verður einnig sýnd á hátíðinni ásamt myndum hans The Adjuster og Exotica.

Egoyan heldur erindi og svarar spurningum gesta á þessari miðdegisfundun sem skipulögð er kl. 15, næstkomandi miðvikudag.

Fjölmörg málþing, fyrirlestrar og námskeið verða haldin í tengslum við kvikmyndahátíðina, til dæmis verður rætt um konur í kvikmyndum og sjónvarpi í dag þar sem samtökin WIFT, Women in Film and Television, halda stofnfund sinn á Íslandi. Félag þetta var stofnað til þess að auka fjölbreytni í myndrænum miðlum með því að virkja konur og stuðla

að þátttöku þeirra á öllum sviðum innan framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis.

Einnig er boðið upp á námskeið í handritsgerð með kanadíska leikstjóranum og handritshöfundinum Amnon Buchbinder í Iðnó kl. 14 en þar ræðir hann einnig við Sveinbjörn I. Baldvinsson rithöfund, en þeir hafa báðir mikla reynslu af handritaskrifum.

Áhugafólk um kvikmyndagerð getur einnig fræðst um brellur og brúður því aðstandendur Latabæjar munu sitja fyrir svörum í Kringlubíói í dag kl. 16 að lokinni sýningu á tveimur nýjustu þáttunum.

Í næstu viku verður síðan hægt að kynna sér kvikmyndagagnrýni og kvikmyndalestur auk þess sem málþing verða haldin um danskar kvikmyndir og um fangabúðirnar í Guantanamo.

Nánari upplýsingar um dagskrá RIFF, Reykjavík International Film Festival er að finna á heimasíðunni www.filmfest.is.



ÞÓRÐÍS AÐALSTEINSDÓTTIR, MYNDLISTARMAÐUR Klaufaleg hamingja og þunglyndisleg illkvitni koma við sögu á sýningu Þórdísar á Kjarvalsstöðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Háskinn og húmorinn

Í verkum Þórdísar Aðalsteinsdóttur má merkja undarlega kyrrð sem þó er hlaðin dramatískri spennu. Háskinn og þurr húmorinn eru áleitnir en gestir Listasafns Reykjavíkur fá að upplifa óræða veröld hennar á Kjarvalsstöðum í vetur.

Sýning Þórdísar, sem ber hinn uggvekjandi titil „Því heyrist þó hvíslað að einhverjir muni komast af“ verður opnuð í Vestursal Kjarvalsstaða en þetta er stærsta sýning hennar hérlendis. Þórdís hefur verið búsett í New York undanfarið en sjö ár eftir að hún lauk framhaldsnámi frá School of Visual Arts vorið 2003 hefur vegur hennar bara legið upp á við. Hún hefur þegar haslað sér völl í listalífi stórborgarinnar og unnið í samstarfi við hið virta Stux Gallery

þar í borg auk þess að halda sýningar víðar í Norður-Ameríku og í Evrópu. Málverk Þórdísar eru frásagnarkennd og vekja áleitnar spurningar um mannleg samskipti og tilfinningar sem líta samskipti eða samskiptaleysi. Í umsögn sýningarstjórans, Ólafar K. Sigurðardóttur, er þess getið að í verkum sínum skoði Þórdís náttúru mannsins með aðferðum málverkens og hinnar kviku myndar. „Hún birtir myndir af aðstæður sem afhjúpa sögu en fella ekki dóm um rétt eða rangt, eðli eða óeðli, sannleika eða lygi.“ Myndefnið er mennskan sjálf, samskipti fólks við hvert annað og við aðrar lifandi skepnur af öllu tagi.

„Ég er að vinna með málverk, veggverk, vídeó og myndlýsingar úr Gamla testamentinu á þessari sýningu,“ útskýrir Þórdís, „þetta eru verk frá síðustu þremur árum en þau eru sett saman í eina heild,“ segir Þórdís en margir muna eflaust eftir sýningu hennar í 101

gallerí í fyrirasumar sem vakti töluverða athygli.

„Ég er alltaf að vinna með mannleg samskipti og nota mikið af tilvísunum í tákmyndir, bókmenntir og önnur rit – bæði gömul og úr samtímanum,“ segir hún og bendir á að Gamla testamentið sé auðugur brunur að sækja í enda sé ritið merk heimild um mannlega hugsun. „Ég blanda þessu öllu saman við persónulega reynslu, samtöl eða ástarbréf. Ég vinn með tilfinningar sem ég tel sammannlegar, kenndir eins og klaufalega hamingju, þunglyndislega illkvitni. Þetta snýst um að taka alla þessa þætti, tryggja þá saman og spýta þeim síðan út aftur í einhverri mynd og vonast til að vekja einhverjar spurningar hjá áhorfendum.“

Sýningin á Kjarvalsstöðum verður opnuð í dag en þess má geta að á morgun mun Þórdís taka þátt í listamannspjalli og leiðsögn um sýninguna sem skipulögð er kl. 15.

krstrun@frettabladid.is



LEIKSTJÓRINN ATOM EGOYAN Veitir Íslendingum forskot á sæluna og sýnir nýjustu mynd sína í Hátíðarsal Háskóla Íslands.

Gluggapvottur

Fyrirtæki - einstaklingar

Tökum að okkur gluggapvott
Getum tekið allt að 18 metra háar byggingar
Vel tækjum búinir ...
Hafið samband tímalega

-allir gluggar hreinir
-gerum tilboð í stór/smá verk

H. Helgason & S.

MALNINGARFRÖMULSTA S: 896 1544

Á slóðum Einars Ben

Skógræktarfélag Reykjavíkur býður til fræðslugöngu um sögu-slóðir Einars Ben í dag. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur leiðir gönguna en hann skrifaði á sínum tíma þriggja binda ritverk um Þjóðskáldið Einar Benediktsson.

Elsti hluti Elliðavatnsbæjarins, gamla hlaðan, verður skoðaður og mun Guðjón lýsa lífi fjölskyldu Einars á þeim tíma þegar hann óx þar úr grasi. Gengið verður umhverfis bæinn og fræðst um líf og störf þessa merka skálds.

Gangan tekur um klukkustund og er þátttaka öllum opin, aðgangur er ókeypis.



GUÐJÓN FRÍÐRIKSSON Ræðir um æsku og uppvaxtarlóðir Einars Ben.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Allt á hvolf

Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar eftir Margréti Tryggvadóttur og Halldór Baldursson hlaut nýlega Íslensku barnabókaverðlaunin 2006.

Í bókinni er hefðbundnum söguþræði snúið á hvolf með óviðjafnanlegu samspili mynda og texta svo úr verður alveg nýtt ævintýri.

Vaka Helgafell gefur bókina út.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

27 28 29 30 1 2 3

Laugardagur

TÓNLEIKAR

- 19.00 Hljómsveit **Eyjólfs Porleifssonar** og **Kvartett Andrésar Þórs** leika í **Austurbæ** í tilefni af **Jazzhátíð** í Reykjavík.
- 20.30 Stórsöngvarinn **Kurt Elling** treður upp í **Austurbæ** ásamt **Laurence Hobgood Trio**. Tónleikarnir eru liður í **Jazzhátíð** í Reykjavík.
- 22.00 Hljómsveitin **Mimra Frenzy** heldur tónleika á **Café Rósenberg** við **Lækjargötu** bæði. Meðlimir sveitarinnar eru **Maria Magnúsdóttir** söngkona, **Egill Antonson** á hljómborð, **Ingólfur Magnússon** á bassa og **Porvaldur Ingvaldsson** á trommur. Á efnisská verður blanda af djassi, blues, smá fónki ásamt frumsömuð efni. Allir velkomnir og ekkert kostar inn.

LEIKLIST

- 14.00 **Leikfélag Patreksfjarðar** setur upp leikritið **Lína Langsokkur** eftir **Astríð Lindgren** í leikstjórn **Elvars Loga Hannessonar** leikara, leikstjóra og bæjarlistamanns Ísafjarðarbæjar. Verkið er sýnt í **Skjaldborgarbíói**.
- 20.00 Pólski látbragðsleikarinn **Ireneusz Krosny** sýnir **One Mime Theatre** í **Þjóðleikhúsinu**. Leiksýningin er liður í **Pólskum menningardögum** sem nú standa yfir í Reykjavík og á Ísafirði.
- 21.00 Leiksýningin **Mávur** verður sýnt í galleríinu **Populus Tremula** á Akureyri. Verkið, sem byggir á smásögu **Haldórs Laxness** um Jón í Brauðhúsum, er samið og flutt af **Köttu Aðalsteinsdóttur** og **Rögnu Gestsdóttur**. Húsið verður opnað kl. 20.30, aðgangur er ókeypis.

OPNANIR

- 12.00 **Pólsk handverkssýning** verður opnuð í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Þar verða meðal annars til sýnis óvenjulegar klippimyndir.
- 17.00 **Þóra Einarsdóttir** opnar málverkasýninguna **Margt býr í þokunni** á **Kaffi Sólon, Bankastræti 7a**. Sýningin stendur til 27. október. Viðfangsefni Þóru er aðallega íslenskt landslag sem hún hefur málað á silkí, vatnslitapappír og á striga.

ÚTIVIST

- 11.00 Fræðsluganga um **Einar Benediktsson. Guðjón Friðriksson** sagnfræðingur leiðir gönguna, lagt verður af stað frá **Elliðavatnsbænum**.

SÝNINGAR

- 13.00 **Guðmundur Karl Ásbjörnsson** sýnir landslagsmálverk í sal **Orkuveitu Reykjavíkur** við **Bæjarháls 1**. Sýningin er opin milli 8.30-16 og milli 13-17 á laugardögum.
- 14.00 Sýning á heildarsafnkosti **Nýlistasafnsins** stendur yfir í húsaýrnum þess á Laugavegi 26. Sýningin er opin til 1. október. Í dag veitir **Ólöf K. Sigurðardóttir** leiðsögn um sýninguna.
- 16.00 **Afríski kvenpresturinn hittir Shivu** er heitið á gjörningi sem **Ingibjörg Magnadóttir** og **Kristín Eiríksdóttir** standa fyrir í **Hafnarhúsinu** en þar stendur yfir sýningin **Pakkhús postulanna**. Nokkrir gestaleikarar taka þátt í gjörningnum en auk fyrrgreindra persóna kemur fram á sjónarsviðið egypskur prins.
- 16.00 Tvær ljósmyndasýningar verða opnaðar í **Þjóðminjasafni Íslands. Ókunn sjónarhorn** sýnir myndir af óþekktum stöðum, húsum og fólki sem gestir safnsins eru beðnir um að gefa upplýsingar um en á sýningunni **Myndir úr lífi mínu** eru ljósmyndir **Gunnlaugs P. Kristinssonar** áhugaljósmyndara en myndirnar voru teknar um miðja síðustu öld. Sýningarnar standa til 26. nóvember.

Shiva hittir afrískan kvenprest

Gjörningastöllurnar Ingibjörg Magnadóttir og Kristín Eiríksdóttir verða með gjörning undir merkjum Lekandi leikhúss í Pakkhúsi postulana í Hafnarhúsinu í dag en þá mun afrískur kvenprestur hitta Shivu.

„Þetta er annar gjörningurinn okkar á sýningunni. Þessi er alveg nýr og við erum búnar að skipta út sviðsmyndinni sem við notuðum í síðasta gjörningi,“ segir Kristín.

„Kvenpresturinn er tveir og hálfur metri á hæð og hefur ferðast út um allan heim og flutt fólki mikilvæg skilaboð,“ segir Ingibjörg. „Með henni í för er egypskur prins en áður fylgdi henni vera frá árinu 20847.“

Ingibjörg bætir því við að þetta

sé ekki í fyrsta skipti sem afríski kvenpresturinn kemur til Íslands. „Presturinn performeraði fyrir Norrænu menningarnefndina í Norræna húsinu í fyrra en nú hittir hún Shivu. Shivur eru eins og allir vita margarma fyrirbæri og þetta er kjörið tækifæri fyrir fólk sem vill hitta eina slíka.“

Það er ekki nóg með að presturinn hitti Shivu í þessum gjörningi heldur kemur sjálf Whitney Houston einnig við sögu. „Whitney er búin að ganga í gegnum margt í lífinu og flestir geta fundið einhverja samsvörun með sjálfum sér í henni.“

Ingibjörg segir gjörninginn í Pakkhúsinu hafa gengið vel og að framhald verði á þessu hjá þeim

vinkonunum. „Við verðum með þriðja gjörninginn í Safninu á Laugavegi þann 20. október. Hann köllum við Hulduorkan og holdkórinn og í honum verður Böddi brutal okkur til halds og trausts. Þá er kona í Lettlandi skotin í okkur og við erum kannski á leiðinni með þetta þangað.“

Ingibjörg segir það skemmtilega tilbreytingu fyrir þær vinkonur að gera gjörningana. „Það er gott að vinna í þessum sköpunarkrafti og gaman að láta klappa fyrir sér. Það er ekki oft gert á myndlistarsýningum þannig að ef maður vill láta klappa fyrir sér þá á maður að gera gjörning.“

Gjörningurinn byrjar klukkan 16 í Hafnarhúsinu og þeir sem



UNDIRVITUNDARGJÖRNINGUR Það er ekki á vísan að róa þegar Ingibjörg og Kristín eru annars vegar og það getur allt gerst á sviðinu þegar þær fremja gjörninga sína.

sækja hann fá ókeypis inn á sýninguna Pakkhús postulana.

Nýjasta tónlistin -fyrst í Skífunni



Brain Police – Beyond the Wasteland
Brain Police rokka feitt sem aldrei fyrr á sinni fjórðu plötu. Skyldueign fyrir flúsubeytara og alla hina!



Toggy - Puppy
Fyrsta plata Togga er hreint mögnuð frumraun. Stóttfull af frábærum lögum, m.a. Heart in Line, Turn Your Head Around og Sexy Beast




Fabúla - Dusk
Þriðja plata Fabúlu svikur engan. Ljúf og falleg plata í anda fyrri verka þessa sérstaka listamanns



Diana Krall - From This Moment On LTD
Glæný plata frá Íslandsvininum. Henni til halds og traust er Clayton/Hamilton Jazz Orchestra



Justin Timberlake - FutureSex/LoveSounds
Önnur sólóplata Justin Timberlake. Inniheldur stórsölmellinn SexyBack, sem er að slá allstaðar í gegn



Bob Dylan – Modern Times
Snillingurinn sendir frá sér sína 44. plötu, sína fyrstu í fimm ár



Beyoncé – B'day
Önnur sólóplata Beyoncé Knowles, en platan inniheldur hið feikivinsæla lag Deja Vu



U2 - Zoo TV: Live from Sidney
Klassískir U2 tónleikar frá árinu 1993 loksins fáanlegir á DVD



Snow Patrol - Eyes Open
Frábær plata sem inniheldur eitt vinsælasta lag landsins í dag "Chasing Cars"

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI
YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM



skemmtir þér ;)

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfufími 591-5310 · www.skifan.is

SITJI GUÐS ENGLAR

Sýning í dag og á morgun!



LEIKHÚSIÐ

Óperukórinn í austurveg

Íslenskir áheyrendur fá notið ferðagleði Óperukórsins sem hitar upp fyrir tónleikaför sína til St. Pétursborgar með tónleikum í Langholtskirkju í dag.

Mikið stendur til hjá kórnum sem mun syngja á sérstökum hátíðar-tónleikum í tilefni afmælis Pútíns Rússlandsforseta 7. október næstkomandi. Ásrún Davíðsdóttir, varaformaður kórsins, útskýrir að það sé árlegur viðburður þar í borg. „Okkur var boðið að koma og taka þátt í flutningi á 9. símfóníu Beethovens sem er um það bil það mest spennandi sem í boði er. Þetta er mjög kröfuhart og skemmtilegt verk og við gátum ekki hugsað okkur að sleppa þessu tækifæri.“ Kórinn hefur gert víðreist undanfarin ár meðal annars til Noregs, Ítalíu og nú síðast til Bandaríkjanna þar sem hann söng í Carnegie Hall tónleikahöllinni við góðan orðstír.

Fyrst þessi liðlega sextíu manna söngflokkur var þegar farninn að sýna á sér fararsnið þótti vel við hæfi að skipuleggja sérstaka tónleika og mun kórinn þar líka kynna íslenska tónlist.

Ásrún víðurkennir hæversklega að segja megi að kórinn sé eftirsóttur. „Það hefur í það minnsta frést af okkur. Við höfum sungið þetta verk með Símfóníuhljómsveitinni hérna heima og það efni hefur verið hljóðritað,“ segir hún og útskýrir að Íslendingur búsettur í Pétursborg hafi einnig haft milligöngu um ferðina.



ÓPERUKÓRINN SYNGUR Á STYRKARTÓNLEIKUM Í ST. PÉTURSBORG Í OKTÓBER. Hitar upp með kynningartónleikum í Langholtskirkju.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

„Allur ágóði af þessum tónleikum er gefinn til styrktar líknarstofnunar í Pétursborg en það eru þýskir og enskir aðilar sem standa straum af skipulaginu en allir listamennirnir gefa vinnu sína,“ segir Ásrún. Eðli málsins samkvæmt er nokkuð fyrirtæki að flytja heilan kór yfir til Rússlands og því er efnt til tónleika hér á landi þar sem efnisskrá síðari tónleikanna verður prufukeyrð.

„Tónleikarnir bera yfirskriftina „Austurleiðir vil ég halda“ en uppistaðan í efnisskránni eru

íslensk verk, til dæmis spennandi kórar úr óperum Jóns Ásgeirssonar en við verðum líka með nokkrar skrauttrakettur úr óperusögunni, svona léttmeti úr óperettum og skemmtitónlist í bland. Það eru fjórir efnilegir með okkur, þau Nanna María Cortes, Auður Guðjohnsen, Garðar Thór Cortes og Jón Leifsson sem verða öll með sín númer en syngja líka með kórnum,“ segir Ásrún.

Tónleikarnir hefjast kl. 17 í dag, meðleikari er Julian Hewlett en stjórnandi er Garðar Cortes. -khh

LEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00

ELDHÚS EFTIR MÁLI eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur. Lau. 7/10, fös. 13/10, lau. 14/10, fös. 20/10. *Allra síðustu sýningar!*

FAGNAÐUR eftir Harold Pinter. Sun. 1/10 kl. 21:00, sun. 8/10 kl. 21:00, sun. 15/10 kl. 21:00. *Allra síðustu sýningar!*

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ PINTER
Fyrirlestur um verk Nóbelskaldsins fyrir sýningu í Leikhúskjallaranum kl. 20:00, leikhúsgestum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á kvöldverð í anda leiksýningarinnar kl. 19:00, upplýsingar og pantanir í miðasölu s: 551 1200

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson. Í dag lau. 30/9 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 1/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, fös. 6/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 7/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 8/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00.

LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur. Frumsýning lau. 7/10 uppselt, sun. 8/10, lau. 14/10, sun. 15/10.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur. Í kvöld lau. 30/9 uppselt, sun. 1/10 kl. 17:00 uppselt, fim. 5/10 uppselt, lau. 7/10 uppselt, sun. 8/10 kl. 17:00 uppselt, mið. 11/10 uppselt, fim. 12/10 uppselt, fös. 13/10 uppselt, lau. 14/10 örfá sæti laus, sun. 15/10 kl. 17:00 örfá sæti laus, fim. 19/10 uppselt, fös. 20/10 uppselt, lau. 21/10 uppselt, sun. 22/10 kl. 17:00 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00

SUMARDAGUR eftir Jon Fosse. Sun. 8/10 kl. 17:00, sun. 15/10 kl. 17:00.

ONE MIME THEATRE, látbragsdrammarinn Ireneusz Krosny frá Póllandi í kvöld lau. 30/9, sun. 1/10

Miðasala í síma **551 1200** og á netinu: www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 8:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA

Carl Orff
CARMINA BURANA

Tónleikar í Langholtskirkju
sunnudag, 1. október kl. 17
miðvikudag, 4. október kl. 20

Einsöngvarar:
Hallveig Rúnsdóttir, Bergþór Pálsson, Einar Clausen

Píanóleikarar:
Guðrún St. Sigurðardóttir, Kristinn Örn Kristinsson

6 manna slagverkssveit, Drengjakór Kársnesskóla

Stjórnandi: Magnús Ragnarsson

Miðasala við innganginn og á www.midi.is, nánar á www.filharmonia.midi.is

HARMONIKUBALL á Hótel Örk Hveragerði

laugardaginn 30. september frá kl. 22:30.

M.a. leika fyrir dansi rússnesku feðgarnir Alexander og Vitaliy Dimitriev.

Harmonikufélag Reykjavíkur. Harmonikufélag Selfoss.

Stuðbandalagið frá Borgarnesi í kvöld

Fjölbreyttur sérreittaseill og tilboðsmataseill á leikhúskvöldum

Þrottnámið úr kvennabúrinu
W. A. MOZART

BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
2. sýn. sun. 1. okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt. kl. 20 – 5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20
6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20 – 7. sýn. fös. 20. okt. kl. 20 – 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 – 9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20
10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 – SÍÐASTA SÝNING

Kynning fyrir sýningu í boði Vínafélags íslensku óperunnar kl. 19.15

Námskeið um Mozart og Brotnámið úr kvennabúrinu hjá EHI hefst 3. október.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga – föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

„SKYLDI HÆNA HAFI SÁL?“

MEIN KAMPF

RONJA RÆNINGJADÓTTIR	MEIN KAMPF
Í dag kl. 14 Sun 8/10 kl. 14	Sun 1/10 kl. 14 Sun 15/10 kl. 14
Lau 7/10 kl. 20 Sun 8/10 kl. 20 Lau 14/10 kl. 20 Lau 21/10 kl. 20 Fös 27/10 kl. 20	Lau 7/10 kl. 20 Sun 8/10 kl. 20 Lau 14/10 kl. 20 Lau 21/10 kl. 20 Fös 27/10 kl. 20
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fös 13/10 kl. 20	Fös 6/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20
FOOTLOOSE	ÁSKRIFTARKORT
Lau 7/10 kl. 20 Fim 12/10 kl. 20	Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir!
Sun 8/10 kl. 20 Lau 14/10 kl. 20	5 sýningar á 9.900 kr.
HVÍT KANÍNA	Mein Kampf e. George Tabori Amadeus e. Peter Shaffer Fagra veröld e. Anthony Neilson Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson Söngleikurinn Greittir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarín Eldjárn og Egil Ólafsson Lík í óskilum e. Anthony Neilson Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren Viltu finna milljón? e. Ray Cooney Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson Manntafi e. Stefan Zweig Alveg brilljant skilnaður e. Geraldine Aron Íslenski dansflokkurinn og margt, margt fleira.
FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI	Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is
Börn 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum* *Gildir ekki á söngleiki og barnasýningum.	
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is	

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

MR SKALLA GRIMSSON
Benedikt Erlingsson

Sýningar í Landnámssetri í september og október

Miðvikudagur 27. september kl. 20 Uppselt
Fimmtudagur 28. september kl. 20 Uppselt
Fimmtudagur 5. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 6. október kl. 20 Uppselt
Laugardagur 7. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 8. október kl. 20 Uppselt
Fimmtudagur 12. október kl. 20 Uppselt
Föstudagur 13. október kl. 20 Uppselt
Laugardagur 14. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 15. október kl. 20 Uppselt
Fimmtudagur 19. október kl. 20 Uppselt
Föstudagur 20. október kl. 20 Uppselt
Laugardagur 21. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 22. október kl. 20 Uppselt
Fimmtudagur 26. október kl. 20
Síðasta sýning á árinu Laus sæti

kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800
TEKIÐ Á MÓTI ÞÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600
Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ og KVENFÉLAGIÐ GARPUR kynna:

GUNNLAÐAR SAGA

eftir Svövu Jakobsdóttur
í leikgerð Sigurbjargar Prastardóttur

5. sýning laugardaginn	30. sept.
6. sýning sunnudaginn	1. okt.
7. sýning fimmtudaginn	5. okt. UPPSELT
8. sýning föstudaginn	6. okt.
9. sýning laugardaginn	14. okt.

Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu.
Sýning hefst kl. 20:00.
Miðasala í síma 555-2222
www.hhh.is | www.midi.is

Ath. takmarkaður sýningafjöldi!!!



VERKAMENN Í LENÍN-SKIPASMÍÐASTÖÐINI Í GDANSK 1988 Verkfall þeirra leiddi að lokum til frjálsra kosninga í Póllandi árið 1989. MYND/CHRIS NIEDENTHAL

Pólland fortíðarinnar

Ljósmyndarinn Chris Niedenthal hefur getið sér gott orð sem víða um heim og í dag verður opnuð sýning á verkum hans í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Niedenthal hefur unnið sem fréttaljósmyndari fyrir Newsweek, TIME og Der Spiegel og var meðal annars svæðisljósmyndari fyrir alla Austur-Evrópu og Sovétríkin þegar hann vann fyrir tímaritið TIME.

Chris Niedenthal er af pólsku foreldri, með þýskt eftirnafn en hann ólst upp í London. Hann hreifst strax af Póllandi og hóf á unglingsárum að taka myndir af því sem fyrir augu bar þegar hann ferðaðist þangað með foreldrum sínum. Hann hóf nám í London College of Printing og lauk þaðan prófi árið 1972. Árið eftir hélt hann til Póllands til stuttrar dvalar - og er þar enn. Honum fannst þetta vera sinn staður þrátt fyrir harðræðið sem hið kommúnísta stjórnkerfi bauð þegnum sínum.

Í ljósmyndum Chris Niedenthals er hægt að rekja sögu Póllands allt frá því hann kom þangað fyrst upp úr 1960 og fram að þeirri byltingu sem kom með verkalýðssamtökunum Samstöðu og öllum þeim þjóðfélagsbreytingum sem fylgdu í kjölfarið, allt fram á daginn í dag í gjörbreyttu þjóðfélagi. Myndir hans frá árunum 1969 - 1989 sem nú eru til sýnis í Ljósmyndasafni

Reykjavíkur eru sterkur vitnisburður um hvíldarlausu baráttu stoltrar þjóðar, sem lét hvorki hervald né hugmyndafræði kúga sig.

Sem fréttaljósmyndari tók Chris Niedenthal myndir af því sem gerði Pólland svo ólíkt vestrænum nágrannalöndum sínum og sýna myndir hans á áhrifamikinn og oft kíminn hátt augnablik úr lífi fólksins í landinu, sýna tíma umbreytinga, sýna samfélag sem með baráttu fólksins losnar undan stjórnarháttum kommúnismans. Í ljósmyndum Chris Niedenthals er hægt að rekja sögu Póllands allt frá því hann kom þangað fyrst upp úr 1960 og fram að þeirri byltingu sem kom með verkalýðssamtökunum Samstöðu og öllum þeim þjóðfélagsbreytingum sem fylgdu í kjölfarið, allt fram á daginn í dag í gjörbreyttu þjóðfélagi.

Sýningin er opin 12-19 virka daga og 13-17 um helgar en hún stendur til 19. nóvember. Sýningin er hluti af dagskrá pólskrar menningarhátíðar sem stendur yfir í Reykjavík og á Ísafirði dagana 28. september - 1. október að frumkvæði Vináttufélags Íslendinga og Pólverja.

Á morgun kl. 15 mun Niedenthal halda fyrirlestur um verk sín í sýningarsal Ljósmyndasafns Reykjavíkur í Grófarhúsi við Tryggvagötu.

Íslenskur landslagsinnblástur

Myndlistarsýning Guðmundar Karls Ásbjörnssonar í sýningarsal Orkuveitunnar, Gallerí 100°, við Bæjarháls í Reykjavík verður framvegis einnig opin á laugardögum vegna mikillar eftirspurnar.

Landslagsmálverk Guðmundar Karls sýna íslenskt en á köflum draumkennt landslag þar sem litróf náttúrunnar nýtur sín fagurlega. Guðmundur Karl er búsettur í Þýskalandi en kveðst oft hugsa heim enda sé íslensk náttúra honum stöðugur innblástur.

Sýningin var opnuð 4. september síðastliðinn og er opin milli 8.30-16 virka daga og frá 13-17 um helgar.



GUÐMUNDUR KARL ÁSBJÖRNSSON MYNDLISTARMAÐUR Sýnir landslagsmyndir innblásnar af íslenskrí náttúru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HAUSTBÓKAMARKAÐUR SKJALDBORGAR

Paradís bókaormsins

Barnabækur, fræðslubækur fyrir börn og unglina, unglingsbækur, skáldsögur, handbækur, dulræn efni, ævisögur, krossgátublöð og margt fleira.

Allir sem versla fá gjafabók

Haustbókamarkaður Skjaldborgar er upplagður grundvöllur fyrir jólagjafakaup eða einfaldlega gott tækifæri til að komast í paradís bókaormsins.

Opið virka daga 9-17, nema fimmtudag 9-20, laugardaga 10-17 og sunnudaga 12-16.

Skjaldborg



MÖRKINNI 1



- vinsælasta viðbitið

> Mælum með

... legghlífum. eru til í öllum stærðum og gerðum í verslunum borgarinnar. Hentugar yfir skó og stígvél, við buxur sem og pils. Góð fjárfesting fyrir veturinn.

Útlit

utlit@frettabladid.is



SMEKKURINN ÁSLAUG ÍRIS KATRÍN FRÍÐJÓNSDÓTTIR MYNDLISTARMAÐUR

Kýs gæði fram yfir magn

Spáir þú mikið í tiskuna? Já, ég geri það. Ég er samt enginn þræll tiskunnar og eltist ekki við hvað sem er. Það er svo gaman að sjá hvernig myndlist hefur áhrif á tisku og svo öfugt.

Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum? Hann er bara frekar persónulegur og breytilegur. Allt frá rómantik til furðulegra hugmyndaríkra flíka. Það fer bara eftir skapi hverju sinni.

Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki? Emma Cook, 3as four, Undercover, Peter Jensen, Bernhard Willhelm, Alexander McQueen og Preen.

Flottustu litirnir? Svartur er alltaf góður með en svo er ég alltaf mjög veik fyrir öllum bláum litum alveg frá ljósbláum til fjólublárra og grænblárra lita.

Hverju ertu veikust/veikastur fyrir? Kjólum, ég verð alltaf svo hamingjusöm þegar ég klæðist fallegum kjól.

Hvaða flík keyptir þú þér síðast? Ég keypti mér mjög fallega, svarta, rómantíska kápu í Zöru.

Hvað finnst þér flottast í tiskunni núna? Ég er mjög ánægð með það hversu frjálst tiskan er í dag. Flíkur eru líka orðnar að meiri gripum sem hafa sjálfstæð form og nálgast það jafnvel að vera skúlptúrar.

Hvað ætlaðu að kaupa þér fyrir veturinn? Ég er að fara til Bandaríkjanna núna í vikunni og þar ætla ég að reyna að finna mér góðan jakka.

Uppáhaldsverslun? Kron Kron og Trilogia eru fallegustu búðirnar á Íslandi í dag.

Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði? Það er mjög misjafnt, alveg frá 0 kr. upp í svona 30.000 kr. Ég kys frekar gæði en magn.

Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án? Svörtu þröngu gallabuxnanna minna, ég nota þær örugglega mest af öllu sem ég á.

Uppáhaldsflík? Það er líklega kjöll eftir Peter Jensen sem ég fékk í Lakkrisbúðinni sem var og hét.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Til New York eða Berlínar.

Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér? Í fyrirasumar keypti ég mér jakka í Kolaportinu með svona Star Trek-prenti á. Hann er rauðleitur og úr einhvernvegin svona plast-pappírs efni, mjög sérstakur.



MÓÐUR VIKUNNAR

Álfrún fer yfir málin

Miðbæjarmambó

Ég tel mig í hóp miðbæjarrottanna. Flutti þangað fyrir rúmum þremur árum og losnaði þar með úr viðjum úthverfanna, sem einkennast af klíku-myndunum og sjöppuhangi. Það var mikil uppljómun fyrir mig að komast í miðbæ Reykjavíkurborgar sem er með eindæmum sjarmerandi og fallegur með gömlum byggingum og sérstöku samfélagi. Undanfarið hefur einnig verið í tisku að búa í miðbænum og ætli það hafi ekki spilað eilítið inn í ákvörðun mína um búferlaflutning sem og hin stutta vegalengd á skemmtistaðina. Röltfæri á barinn er góður kostur fyrir manneskju á mínum aldri.

Þess vegna var ég með eindæmum glöð þegar ég róltil niður Laugaveginum fyrir í vikunni og sá að fjórar nýjar búðir höfðu opnað í þessari hringiðu menningarinnar. Hingað til hefur meira verið af því að búðir hverfi úr miðborginni og flytji sig í verslunarmusterin tvö.

Ég tek ofan fyrir búðareigendum sem staðsettir eru á Laugaveginum enda veit ég af eigin raun að búðarlífið á Laugaveginum er ekki auðvelt. Hið ótrausta veðurfar klakans spilar mjög stóran þátt í því að ekki er auðvelt að fá viðskiptavini til að vaða slabb og himinháa skafila til að kaupa sér einn bol. Miðbærinn morar einnig í stöðumælavörðum sem gera ekki annað en að gera fólk lífið leitt með því að spreða himinháum sektum út um allt.

Ofangreindar búðir eru hins vegar keimlíkar í alla staði. Allar selja þær rándýran hátískufatnað sem flestir geta aðeins látið sig dreyma um og það er mjög gaman að skoða og fá að þreifa á fallegum fatnaði sem búðirnar hafa upp á að bjóða. Ætli Laugavegurinn og nágrenni sé að verða að „fínu hverfi“ eins og fyrirfinnst í næstum öllum stórborgum heims? Í þeim hverfum eru glæsivagnarnir á hverju strái og Chanel-búðir fylla hver götuhorn.

Sjáum hvað setur, en ég vona innilega að þessar búðir haldist á Laugaveginum og fleiri búðareigendur fari að fordæmi þeirra og opni þar búðir. Það er nauðsynlegt til þess að verslunargatan haldi sessi sínum sem miðpunktur Reykjavíkurborgar.



SLAUFU Svört slaufa um hálsinn. Dömullegt frá Yves Saint Laurent.



LEÐURPILS Seiðandi pils úr leðri frá Rokki og rósum.

KOKTEILTASKA Frábær taska úr Kronkron.

NYTSAMLEGT Leðurjakki með blazer-sniði úr Gallerí 17.

SÆTUR Litill hattur með slaufu að framan frá Rokki og rósum.

STUTTUR Jakki frá íslenska hönnuðinum Eygló og fæst í Kronkron.

Nú er útlitið svart

Éinn mest notaði litur í heiminum er tvímænalaust svartur. Liturinn fyllir fataskáp hverra konu enda liturinn bæði greinandi og fer hvaða húðgerð sem hárlit vel. Það geta sem sagt allir klæðst svörtu, en það er ekki hægt að segja um aðra liti litrófsins. Svartur passar einnig við alla aðra liti og því mjög öruggt að kaupa sér svarta flík. Ég þekki margar konur sem vilja helst ekki klæðast öðru en svörtu og verða öruggar ef þær eru ekki klæddar í neitt svart.

Sem betur fer fyrir kvenþjóðina er svartur meginlitur vetrartiskunnar. Það er í tisku að vera svartklæddur frá toppi til tásar sem áður fyrr hefði túlkast sem vanvirðing því svartur er auðvitað einnig litur sorgarinnar. Svartur er dularfullur og seiðandi litur. Háttsettar konur í atvinnulífinu nota mikið svartan lit til að undirstrika vald sitt.

Svartur er góður litur sem hægt er að nota og njóta við hvaða tækifæri sem er.

alfrun@frettabladid.is



LEÐUR Svört leður kápa frá Yves Saint Laurent fyrir veturinn 2006.

9 HVER VINNURI

FRUMSYND 29/09/06

WILL FERRELL

TALLADEGA NIGHTS

THE BALLAD OF RICKY BOBBY

SENDU SMS SKEYTIÐ JA TNF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO!

VINNINGAR ERU BIÓMIÐAR FYRIR TVO, DVD MYNDIR OG MARGT FLÉIR!

MasterCard

BIÓ.IS

SMÁRRÁBIÓ REGNBÖGINN

W. ÞEYKJAVÍKUR

Vinnigar verða afhendir hjá BT Smárráind Köpavogi. Með því að taka þitt erlu kominn SMS klubb 99 kr/kefni.



BELTI Mittisbelti með teygju og lakk. Frá Rokki og rósum.

HÁLSMEN Svartar perlur frá Rokki og rósum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

DEMANTAR Þeir hafa ávallt farið vel við svartan klæðnað. Kjöll frá Gallerí 17.

LAKK Dömulgir skor frá Rokki og rósum úr svörtu lakk.

ÖKKLASTÍGVÉL Öðruvísi stígvél franska hönnuðarins Eley Kishimoto, fæst í Kronkron.

TASKA Það er nauðsynlegt að eiga svarta tösku sem gengur við allt. Þessi er frá Gallerí 17.

FÍNAR Buxur með niðurmjóum skálum frá Kronkron. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dönsk fegurðardís

Hin danska ofurfyrirsæta Helena Christensen vekur athygli hvert sem hún fer enda með eindæmum falleg og með sérstakt útlit. Hún er fædd og uppalin í Danmörku en faðir hennar er danskur og móðir hennar frá Perú. Fáir vita að Christensen var valin ungfrú Danmörk aðeins átján ára gömul. Fegurðarheimurinn og tískuheimurinn hafa ekki átt mikið sameiginlegt en Christensen náði að slá í gegn á báðum vígstöðum. Hún hóf fyrirsætuferil sinn í París og er talin vera ein af aðal-

fyrirsætum tíunda áratugarins ásamt Cindy Crawford og Naomi Campbell.

Fatasmekkur Christensen er mjög rómantískur og hippalegur í senn. Hún klæðist mikið víðum sniðum og klæðilegum fatnaði. Það má eiginlega segja að Christensen sé mjög dönsk í klæðnaði, en Danir eru þekktir fyrir að vera með mjög rómantískan stíl. Hún hefur verið að hanna sína eigin línu af fötum sem hún selur í búð móðir sinnar í Kaupmannahöfn.

- áþ



KVENLEGT Flott niðurmjött pils og víð skyrtu við. Það er fátt sem fer Christensen illa.



SILFUR OG BLEIKT Flott lita-samsetning. Silfurgráar buxur og bleik skyrtu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



SVART-HVÍTT Hér sést Helena á rauða dreglinum í munstruðum satínkjól og opnum sandöllum.



FJÓLUBLÁTT Dragsiður gala-kjól í rómantískum stíl.



KYNÞOKKAFULLT Glæsilegt nærföt með dýramunstri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Kynþokkafull nærföt

Nærfatamerkið Agent Provocateur er eitt heitasta undirfatamerki í heiminum í dag. Merkið var stofnað



HÖNNUÐIRINN Serena Rees er hér ásamt tveimur árið 1994 í fáklæddum fyrirsætum.

Joseph Corre and Serena Rees, Joseph er sonur fatahönnuðarins Vivienne Westwood og fyrrverandi umboðsmanns hljómsveitarinnar Sex Pistols, Malcolms McLaren.



SEIÐANDI Fallegur gegnsær náttkjól.

Merkið gefur sig út fyrir að vera kynþokkafullt og er undirfatnaðurinn eftir því. Blúndur, sokkabönd og litrík nærfatasett eru þeirra aðalsmerki en aðeins sex búðir eru til í heiminum, þrjár í Bretlandi og þrjár í Bandaríkjunum. Fyrirtækið hefur vakið eftirtekt fyrir umdeildar auglýsingaherferðir þar sem kynþokki og seiðandi kvenlíkamar eru í aðalhlutverki. Popp-söngkonan Kylie Minogue hefur verið andlit merkisins og í ár er það ofurfyrirsætan Kate Moss sem er andlit Agent Provocateur. Nærfötin eru í dýrari kantinum en eru vel þess virði og meðal viðskiptavina eru Christina Aguilera, Paris Hilton og Nicole Kidman.



BLEIKT OG GRÁTT Undirfatasett með öllu tilheyrandi.

- áþ

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Sæktu þér þekkingu sæktu þér aukinn styrk

MENNING, SJÁLFSRÆKT, TUNGUMÁL

- // Mozart: Brottnámið úr kvennabúrinu
hefst 3. okt.
- // Austur-Evrópa: 1. hluti
hefst 4. okt.
- // Vínsmökkun II: Listin að meta vín
hefst 24. okt.
- // Íslenska - málpolitík. Hvaða hætta steðjar að íslenskri tungu?
hefst 10. okt.
- // Gæfuspor – gildin í lífinu
hefst 23. okt.
- // Starfið, heimilið, lífið – skipulag í stað álags
hefst 10. okt.
- // Inngangur að hebresku
hefst 9. okt.
- // Spænska I, fyrir byrjendur
hefst 10. okt.
- // Enska - hagnýt talþjálfun
hefst 12. okt.
- // Hagnýt sænska - fyrir fólk sem þarf að nota sænsku við vinnu eða í norrænni samvinnu
hefst 24. okt.
- // Draumalandið
hefst 2. nóv.

Nánari upplýsingar og skráning á endurmenntun.is eða í síma 525 4444

HIN markaðsáskipti / SIA

// AÐ VAXA OG DAFNA

Endurmenntun sinnir sí- og endurmenntun á háskólastigi og uppfyllir þarfor fólks hvort sem það vill auka möguleika sína á vinnumarkaði, styrkja sig í starfi, svara forvitninni eða einfaldlega skemmta sér konunglega. Í boði eru u.þ.b. 200 styttri námskeið á fjölmörgum fræðasviðum ásamt fjölbreyttu framboði á námi samhliða starfi.

sími 525 4444

www.endurmenntun.is



Frá höfundum „Training Day“ & „The Fast and the Furious“
Hörkumynd með Christian Bale úr „Batman Begins“ og Eva Longoria „Desperate Housewives“

Harsh Times

GLÆNÝ TEGUND AF FERÐAMÖNNUM

ÓBYGGDIRNAR „THE WILD“
Sýnd með íslensku og ensku tali!

með kyntröllinu Chamlingo í atvinnu
„She's the Man“

Deitmynd ársins.
Þegar þú færð annað tækifæri þarftu að taka fyrsta sporið.

Step Up

ÓLAFUR H. TORFASON RÁSA

BÖRN
Hörkumynd eftir Ragnar Bragason

Reykjavík International Film Festival
Sept 28 - Oct 8
2006

HÁSKÓLABÍÓ 30. SEPT. 2006

PRJÓTUR	16:00
ALLT ANNAD DÆMI	16:00
TJÓN	18:00
HINIR BJARTSÝNU	18:00
TÍMI DRUKKNU HESTANNA	18:15
SKJALDBÖKUR GETA FLOGIÐ	20:00
DRAUMUR Á PÖRLÁKSMESSUNÓTT	20:00
MEZCAL	20:10
ÉG ER	20:20
UMSÁTUR	22:10
SUMARHÖLLIN	22:15
SÓLIN	22:25

Latabær, RIFF, SAMBÍÓIN og Dolby kynna:

Fagsýning á Latabær

- HD sýning á 3D og 2D
- Spurt og svarað með höfundi og framleiðanda þattanna

Blóðugt meistarverk eftir Nick Cave með úrvalsteikurum í hverju hlutverki.

PROPOSITION

Hann var meistari á sínu sviði þar til hann hitti jafnoka sinn.

THE ALIBI

Þann 11. september 2001 var fjórur flugvelum raent. Þrjár þeirra flugu á skotmörk sín. Þetta er saga fjórðu velarinnar.

UNITED 93

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA	
HARSH TIMES	kl. 6 - 8 - 10:30 B.16
HARSH TIMES VIP	kl. 8 - 10:30
NACHO LIBRE	kl. 5:50 - 8 - 10:10 B.17
ÓBYGGDIRNAR M/- Ísl tal	kl. 1:45 - 4 - 6 Leýð
THE WILD M/- ensku tal	kl. 4 - 6 Leýð
THE ALIBI	kl. 10:10 B.16
STEP UP	kl. 5:50 - 8 B.17

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI	
HARSH TIMES	kl. 8 - 10:30 B.16
BÖRN	kl. 6 - 8 - 10:15 B.12
LATABÆR M/- ensku tal	kl. 4 (Fagsýning á RIFF) Leýð
ÓBYGGDIRNAR M/- Ísl tal	kl. 2 - 4 - 6 Leýð
STEP UP	kl. 3:40 B.7
UNITED 93	kl. 10:15 B.14
MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal	kl. 2 Leýð
BJÓLFSKVIÐA	kl. 5:50 B.14
AN INCONVENIENT TRUTH	kl. 8 Leýð

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK	
NACHO LIBRE	kl. 5:50-8-10:10 B.17
STEP UP	kl. 8 - 10 B.7
ÓBYGGDIRNAR M/- Ísl tal	kl. 2 - 4 - 6 Leýð
MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal	kl. 2 - 4 Leýð

SAMBÍÓIN / AKUREYRI	
BEERFEST	kl. 4 - 6 - 8 - 10 B.12
THE WILD M/- Ísl tal	kl. 2 - 4 - 6 Leýð
ANT BULLY M/- Ísl tal	kl. 2 Leýð
NACHO LIBRE	kl. 8 - 10 B.7

SPARBÍÓ 450 kr
á allar sýningar merktar með appelsínugula á laugardögum og sunnudögum

Glæsilegir bolir fyrir Iceland Airwaves-hátíðina

Sara María Eyþórsdóttir og Sveinbjörn Pálsson hafa hannað bolir sem seldir eru í tengslum við Airwaves-hátíðina í október. Á þeim eru þrjár íslenskar hljómsveitir.

Verzlunin Nakti Apinn í Bankastræti hefur gert bolir fyrir Iceland Airwaves-hátíðina. Þetta var gert fyrir hátíðina í fyrra líka og lögðust bolirnir vel í tónleikagesti svo ákveðið var að halda samstarfinu áfram. Bolirnir eru aðeins öðruvísi í ár en myndir af íslenskum hljómsveitum frá tónleikunum í fyrra prýða bolina.

Bolirnir eru hannaðir af Söru Maríu Eyþórsdóttur, eiganda Nakta apanum, og Sveinbírni Pálsyni, grafískum hönnuði. „Bolirnir eru allir handþrykkir og því mikil vinna á bak við þessa bolir“, segir Erling Egilsson verzlunarstjóri í Nakta apanum og fatahönnuður. Bolirnir kosta 2.500 krónur stykkið, og eru til í mörgum útgáfum og litum. Meðal hljómsveita sem fá heiður-



SARA MARÍA OG ERLING Sara María er hugmyndasmiðurinn að bolunum og situr sveitt við að handþrykkja þáa fyrir hátíðina. Erling er verzlunarstjóri í Nakta apanum sem hefur getið sér gott orð hér á landi fyrir að selja vörur ungra íslenskra hönnuða.

inn af prýða þess bolir eru Jeff Who?, Hairdoctor og Reykjavík!

„Það er vika síðan bolirnir fóru í sölu og viðtökurnar eru mjög góðar,“ segir Erling en bolina er hægt að kaupa í Nakta apanum og

á vefsíðunni www.dontbenaked.com. Þegar hátíðin hefst 18. október næstkomandi verða opnaðir sölubásar á helstu tónleikastöðunum sem selja bolina og annan varning tengdan hátíðinni.



HAIRDOCTOR



REYKJAVÍK!



JEFF WHO?

Sögð hætt saman

Sá orðrómur gengur um Hollywood þessa dagana að leikararnir Jennifer Aniston og Vince Vaughn séu hætt saman. Slúðrið byrjaði þegar Aniston hafnaði bönorði Vaughn í Mexíkó fyrir þremur vikum og hafa skóthjúin ekki sést saman síðan. Útvarpstöð í Los Angeles greindi frá þessu í fyrri-nótt og fylgdi sögunni að Aniston hafi sést mikið með Matthew Perry, samleikara sínum úr sjónvarpsþáttunum vinsælu Friends. Ekki er vitað hvort um er að ræða meira en vinskap milli þeirra.

Jennifer byrjaði með Vaughn stuttu eftir að hún skildi við hjartaknúsarann Brad Pitt og kynntust þau við tókur á kvikmyndinni Break up sem frumsýnd var í sumar hér á landi.



MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI Stjórnuparið Vince Vaughn og Jennifer Aniston eru hætt saman að sögn slúðurblaða í Hollywood.

SAMBÍÓIN

SparBíó* — 450kr

ÓBYGGDIRNAR „THE WILD“
Sýnd með íslensku tali!

ÓBYGGDIRNAR M/- Ísl tal. SÝND KL. 1:45 (ÁLFAB.) OG 2 (AKUREYRI)

MAURAHRELLIRINN
ROBERTS CAGE STREET GJAMATTI

MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. SÝND KL. 1:45 (ÁLFAB.) OG 2 (AK. OG KEF.)

OVER THE HEDGE
M/- Ísl tal. SÝND KL. 1:45 (ÁLFAB.)

BÍLAR M/- Ísl tal. SÝND KL. 1:45 (ÁLFAB.)

Nýtt

SparBíó* : 450 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 1:45 og 2 Laugardag og Sunnudag í SAMBÍÓUNUM ÁFABAKKA

Til vonar og vara

Vaseline
LIP THERAPY WITH ALOE VERA
PETROLIUM JELLY
POCKET SIZE

Nú líka með ALOE VERA

Vaseline
LIP THERAPY WITH ALOE VERA
PETROLIUM JELLY
POCKET SIZE

varasalvi

> Enginn að þjálfra ÍA?

Þó að Guðjón Þórðarson sé búinn að skrifa undir samning við ÍA er ekki enn búið að uppfæra heimasíðu knattspyrnu-deildarinnar og greina frá nýja þjálfaranum. Það tók aftur á móti skamman tíma að uppfæra heimasíðuna þegar skipt var um stjórn en stjórnarskiptin þykja kannski merkilegri en þjálfarskiptin? Á spjallborði félagsins skiptast menn á skoðunum um nýja þjálfarann og er misgott hljóðið í fólk þó að flestir séu jákvæðir. Bræðurnir fengu þó mun fleiri atkvæði en Guðjón í kosningunni á síðunni.



sport
sport@frettabladid

HIÐ UNGA LIÐ ÍR SLÓ Í GEGN Á MÓTI HAUKUM: VORU ALLTAF VISSIR UM STÓRSIGUR

Það mun ekkert lið vanmeta okkur eftir þennan sigur

Lið ÍR hefur gengið í gegnum miklar mannbreytingar síðustu tvö ár og uppistaðan í liðinu í dag er kornungir heimamenn. Þurfti því ekki að koma á óvart að þeim væri spáð neðsta sæti DHL-deildarinnar fyrir mótið. ÍR-strákarnir blésu rækilega á allar hrakspár þegar stórlíð Hauka kom í heimsókn í Austurbergið. Þeir rúlluðu yfir Hafniröðingana og unnu sex marka sigur, 36-30. Mesta athygli vakti leikur þeirra Björgvins Hólmeirssonar og Davíðs Georgssonar, sem báðir eru nítján ára og eru því leikmenn með 2. flokki félagsins. Björgvin skoraði 12 mörk úr 16 skotum en Davíð skoraði 11 mörk úr 12 skotum. Björgvin á ekki langt að sækja hæfileikana en bróðir hans er stórskyttan og landsliðsmaðurinn Einar Hólmeirsson sem leikur með Grosswallstadt í Þýskalandi. „Þessi sigur kom okkur ekkert á óvart. Við sögðum við alla í skólanum að við myndum vinna þennan leik með átta til tíu mörkum,” sagði Björgvin kokhraustur. „Það var frábær stemning líka í okkar liði. Það býst enginn við neinu af okkur þannig að við verðum að spila með hjartanu, sem var eitthvað annað en

Haukarnir, sem virtust líta á það sem skylduverk að klára leikinn og svo var greinilegt að þeir vanmátu okkur líka. Það mun ekkert lið gera eftir þennan sigur. Liðin verða frekar hrædd við okkur.“ Það mátti glöggst sjá í leiknum gegn Haukum að Björgvin hefur styrkt sig mikið á síðustu misserum. „Ég er búinn að þyngra mig um 4-5 kíló. Þetta er allt að koma en ég er samt ekkert fluttur í lyftingasalinn. Annars æfðum við eins og skepnur í sumar og allt upp í tíu sinnum á viku. Það skilaði sér strax í fyrsta leik og við munum græða á því,” sagði Björgvin, sem er greinilega með sjálfstraustið í lagi enda skaut hann sextán sinnum að marki í leiknum. „Maður hatar nú ekki að skjóta.“ Menntu eru þegar byrjaðir að bera Björgvin saman við bróður hans Einar en það fer ekkert í taugarnar á Björgvini. „Við erum geróflkir leikmenn. Hann hefur mun meiri styrk en ég og svo er hann örvhentur. Hann hefur alltaf verið þessi massaði en ég var mjóa týpan. Þess vegna er ég að bæta á mig núna. Ég er annars alltaf að bæta mig og þarf helst að bæta mig í vörninni og línusplið,” sagði þessi stórefnilegi leikmaður.



HVERJIR LYFTA BIKARNUM Í DAG? Keflvíkingar unnu síðast bikarinn fyrir tveimur árum en KR-ingar fyrir sjö árum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Ekkert mál að búa leikmenn undir úrslitaleikinn

Úrslitaleikur VISA-bikarkeppni karla fer fram í dag þegar KR og Keflavík mætast. KR-ingar hafa tíu sinnum unnið bikarinn en Keflvíkingar þrisvar.

Saga liðanna í úrslitum: KR-ingar sigursælastir

FÓTBOLTI Bikarkeppni karla hefur verið leikin allar götur frá árinu 1960 og KR-ingar hafa oftast allra liða hampað bikarnum, eða tíu sinnum, en þeir hafa þrettán sinnum leikið til úrslita. Síðast unnu KR-ingar bikarinn árið 1999 þegar liðið lagði ÍA að velli 3-1. Keflvíkingar hafa átta sinnum leikið til úrslita og þrisvar sinnum hefur liðið endað með því að lyfta bikarnum, nú síðast fyrir tveimur árum þegar Keflavík lagði KA í úrslitum, 3-0. KR-ingar leika í dag í sínum hefðbundnu búningum en Keflvíkingar leika í sínum rauðu varabúningum. - dsd

Heiðar Davíð Bragason: Fékk sjö fugla og komst áfram

GOLF Heiðar Davíð Bragason, kyllingur úr Kili, lék gríðarlega vel á fyrsta stigi úrtökumótsins fyrir evrópsku áskorendamótaröðina en hann lék lokadaginn í gær á sjö höggum undir pari. Samtals fór Heiðar Davíð hringina fjóra á níu höggum undir pari og endaði í átunda til tíunda sæti á mótinu. Þessi árangur þýðir að Heiðar Davíð hefur nú tryggt sér þátttökurétt á öðru stigi úrtökumótsins. - dsd



BJARNI FELIXSON Klár í slaginn.

Útvarp KR 98,3: Bjarni Fel lýsir leiknum

FÓTBOLTI Sjálfst Rauða ljónið, Bjarni Felixson, mun lýsa leik KR og Keflavíkur í Útvarpi KR 98,3 í dag og honum til aðstoðar verður Kristinn Kjærnsted. Það hefur lengi verið draumur útvarpsmanna að fá Bjarna til að lýsa fyrir KR og spurning hvort hann verði jafn hlutdrægur og fyrri lýsendur útvarpsins en það er nánast skylda að vera hlutdrægur á þessum fjölmiðli.

FÓTBOLTI KR og Keflavík mætast í dag á Laugardalsvelli í úrslitaleik VISA-bikarkeppni karla í knattspyrnu. Gengi liðanna hefur verið ólíkt í síðustu umferðum Landsbankadeildarinnar í sumar. KR hefur gengið allt í haginn og ekki tapað leik frá 17. júlí þegar liðið lá fyrir ÍA á heimavelli en síðan þá hafa KR-ingar leikið sjö leiki, unnið fimm og gert tvö jafntefli. Keflvíkingar hafa hins vegar ekki unnið fjóra síðustu leiki sína í deildinni. Síðasti sigurleikur Keflvíkinga var 2-1 sigur á Íslandsmeisturum FH í Keflavík en síðan þá hafa Keflvíkingar gert tvö jafntefli og tapað tveimur leikjum.

Keflvíkingar hafa haft gott tak á KR undanfarin ár og það var engin breyting þar á í leikjum liðanna í deildinni í sumar. Fyrri leikurinn í Keflavík endaði með 3-0 sigri heimamanna en síðari leikurinn á KR-vellinum fór 2-2.

En bikarkeppni hefur allt annan brag á sér en deildarkeppni. Þar kemur ekkert annað til greina en sigur og þjálfarar liðanna, þeir Teitur Þórðarson, þjálfari KR, og Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, sögðu að það væri

LEIÐ LIÐANNA Í ÚRSLITIN:

KR:	
Njarðvík-KR	0-1
Bjarnólfr Lárusson, víti	
KR-ÍBV	1-1 (v. 4-2)
Björgólfur Takefusa	
Þróttur-KR	0-1
Skúli Jón Friðgeirsson	
Keflavík:	
Leiknir-Keflavík	0-3
Stefán Örn Arnarson 2, Guðmundur steinarsson.	
ÍA-Keflavík	3-4
Guðmundur Steinarsson 2, Simun Samuelsen, Þóririnn Kristjánsson.	
Víkingur-Keflavík	0-4
Guðmundur Steinarsson 2, Jónas Sævarsson, Þóririnn Kristjánsson.	



FYRIRLIÐAR LIÐANNA Guðmundur Steinarsson, fyrirlíði Keflvíkinga, og Gunnlaugur Jónsson, fyrirlíði KR-inga, berjast hér um bikarinn en það verður hart barist á Laugardalsvelli í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ekki flókið verkefni að undirbúa leikmenn andlega fyrir þennan leik.

„Það er ekkert vandamál hjá okkur hvað það snertir. Margir af okkar strákum hafa áður spilað úrslitaleiki og þeir vita hvernig tilfinning það er og það er engin spurning að menn koma klárir í þennan leik,” sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR.

„Það er nú þegar komin mjög góð stemning í okkar hóp og við höfum líka stráka sem hafa spilað úrslitaleik áður og unnið bikarinn, þannig að við vitum alveg hvað þarf til að sigra,” sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, og hann var ekki í vafa um að þetta góða tak sem Keflavík hefur haft á KR myndi hafa sitt að segja í þessum leik.

Teitur Þórðarson sagði að undirbúningurinn fyrir þennan leik

væri á hefðbundnum nótum, æfingar væru ekkert öðruvísi, en KR-ingar ætla þó að vera saman síðasta sólarhringinn fyrir leikinn. Kristján, þjálfari Keflvíkinga, sagði hins vegar að breyting hefði verið gerð á undirbúningi liðsins fyrir þennan leik. „Við breyttum aðeins þjálfunaráherslum fyrir þrem vikum síðan, bæði með tilliti til þessa leiks og stöðunnar í deildinni á þeim tíma, en okkur finnst samt best að sofa heima,” sagði Kristján.

Stuðningsmenn liðanna ætla að sjálfsgöðu að gera sér glaðan dag í tilefni leiksins. Keflvíkingar ætla að koma saman í anddyri Laugardalshallarinnar og vera með ýmsar uppákomur og KR-ingar ætla að hittast í KR-heimilinu, en í dag fer fram uppskeruhátíð hjá yngri flokkum félagsins. dagur@frettabladid.is

Meiðsli Samuel Eto'ó gætu opnað dynnar fyrir Eið Smára Guðjohnsen:

Eðlilegast að Eiður leysi Eto'ó af

FÓTBOLTI Kamerúnski framherjinn Samuel Eto'ó, leikmaður Barcelona, getur ekki leikið með liðinu næstu fimm mánuðina en hann meiddist mjög illa á hné á miðvikudag þegar liðið lék gegn Werder Bremen í Meistaradeildinni.

Spænskir sparkspekingar virðast flestir sammála um að eðlilegast sé að Eiður Smári Guðjohnsen taki sæti hans í byrjunarliði Evrópumeistarann. Eiður hefur enn ekki leikið leik með liðinu sem byrjunarliðsmaður en hefur átt góðar innkomur.

Í íþróttablaðinu Marca í gær segir að áður hafi Svíinn Henrik



TÆKIFÆRIÐ KOMIÐ? Eiður Smári hefur beðið þolinmóður á bekknum og spurning hvort hans tími sé kominn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Larsson ekki brugðist þegar hann þurfti að fylla skarð Eto'ó á sínum tíma, nú sé hins vegar tími fyrir Eið Smára að sýna að hann geti einnig staðið undir slíkri ábyrgð. Valið virðist standa á milli Eiðs Smára og Argentínumannsins Javiers Saviola og spænskir fjölmiðlar eru flestir á því að tími Eiðs Smára sé runnin upp.

Fleiri ólíklegri möguleikar hafa einnig verið nefndir svo það verður spennandi að sjá hvað Frank Rijkaard, þjálfari Barcelona, gerir í dag þegar liðið mætir Athletic Bilbao í spænsku deildinni. - jse

Breytingar á landsliðinu: Fjórir nýir inn

FÓTBOLTI Eyjólfur Gjafar Sverrisson, landsliðsþjálfari í knattspyrnu, hefur tilkynnt 20 manna hóp sem mætir Lettum og Svíum í undankeppni Evrópumótsins. Fyrri leikurinn er gegn Lettum á útivelli 8. október en leikurinn gegn Svíum er hér heima 11. október.

Fjórar breytingar eru á hópnum frá leikjunum gegn Dönnum og N-Írum fyrir í þessum mánuði. Inn í hópinn koma Marel Baldvinsson, Daði Lárusson, Emil Hallfréðsson og Pétur Hafliði Marteinsson en fyrir þeim vikja þeir Ólafur Örn Bjarnason, Gunnar Heiðar Þorvaldsson, Heiðar Helguson og Kristján Finnbogason. Gunnar Heiðar er meiddur og Heiðar Helguson fær frí í þessum leikju út af persónulegum ástæðum

„Ég tók Pétur inn með það í huga að hann getur spilað á miðjunni, en tveir miðjumenn hjá okkur eru með gult spjald á bakinu og því gætum við misst þá í bann í seinni leiknum,” sagði Eyjólfur Sverrisson og bætti því við að hann sættir sig við eitt stig á útivelli gegn Lettum.

„Ég sá leik Letta og Svía og þar voru Lettarnir bara óheppnir að vinna ekki. Þeir eru eins og hálfgerf félagslið. Leikmennirnir eru búnir að spila lengi saman, þetta er nánast sami hópur og lék á EM í Portugal og það er greinilegt að þeir þekkja hvorn annan mjög vel.“ - dsd

Landsliðshópurinn:

ÁRNI GAUTUR ARASON	VÁLERENGA IF
DADI LÁRUSSON	FH
HERMANN HREIÐARSSON	CHARLTON
BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON	READING
ÍVAR INGIMARSSON	READING
ARNAR ÞÓR VIÐARSSON	TWENTE
EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN	BARCELONA
PÉTUR H. MARTEINSSON	HAMMARBY
INDRÍDI SIGURÐSSON	LYN
STEFÁN GÍSLASON	LYN
JÓHANNES K. GUÐJOHNSEN	AZ ALKMAAR
GRÉTAR RAFN STEINSSON	AZ ALKMAAR
KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON	BRANN
MAREL JÓHANN BALDVINSSON	MOLDE
VEIGAR PÁLL GUNNARSSON	STABÆK
HJÁLMAR JÓNSSON	IFK GÖTEBORG
KÁRI ÁRNASON	DJURGÅRDEN IF
HANNES P. SIGURÐSSON	BRÖNDBY IF
HELGI VALUR DANIELSSON	ÖSTER IF
EMIL HALLFRÉÐSSON	MALMÖ FF

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

27 28 29 30 1 2 3

Fimmtudagur

- LEIKIR**
- 14.00 KR og Keflavík mætast í úrslitum VISA-bikars karla.
- 14.00 Stjarnan og HK mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 15.00 Fram og Gróttá mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 16.00 FH og Haukar mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 16.00 ÍBV og Valur mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 16.00 HK og Fylkir mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 16.00 Valur og Akureyri mætast í DHL-deild karla í handbolta.

VISA-bikarinn 2006



Úrslitaleikur karla
Laugardalsvöllur
í dag kl. 14:00



KR – Keflavík

Aðgangseyrir:

Ef greitt er með VISA kreditkortl 1.200 kr.
Almennt verð fyrir 17 ára og eldri 1.500 kr.
Verð fyrir 11-16 ára 300 kr.
Frítt fyrir 10 ára og yngri

Mynd: Gunnlaugur Jónsson fyrirhöf KR og Guðmundur Steinarsson fyrirhöf Keflavík



ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„You spend the first nine months trying to get out and the rest of your life trying to get back in.“

Svar: James (John Travolta) úr Look who's talking frá 1989.

dagskrá



Í TÆKINU: SCARLETT JOHANSSON LEIKUR Í LOST IN TRANSLATION KL. 0.25

Ung og eftirsótt

Scarlett Johansson er fædd 22. nóvember árið 1984. Hún fæddist í New York en móðir hennar er pólsk og faðir danskur. Johansson á tvíburabróðir sem heitir Hunter og er fæddur þremur mínútum á eftir henni. Kvikmyndaferill Johansson hófst með hlutverki hennar í North en þá var hún einungis 10 ára. Árið 1998 vakti hún mikla athygli fyrir hlutverk sitt í The Horse Whisperer og í kjölfarið hefur stúlkan vart stigið feilsþor (fyrir utan The Island).

Myndin sem festi Johansson í sessi sem eina af efnilegri og athyglisverðari ungu leikkonum Hollywood var Ghost World frá 2001. Myndin vakti gríðarlega athygli og hlaut Johansson meðal annars TFCA- og Chlotrudis-



SCARLETT JOHANSSON

verðlaunin fyrir leik sinn. Myndin var einnig tilnefnd til óskarsverðlauna fyrir besta handritið byggt á áður útgefnu efni.

Scarlett Johansson varð svo ein af eftirsóttustu leikkonum Hollywood í kjölfar Lost in Translation þar sem hún og Bill Murray þóttu sýna einstakan samleik. Johansson uppskar fjölda verðlauna fyrir hlutverkið, meðal annars BAFTA-verðlaunin, en Sofia Coppola vann Óskar fyrir leikstjórn sína á myndinni.

Af fleirum góðum myndum Johansson má nefna The Girl With the Pearl Earring, Match Point og fyrir þá sem eru hrifnir af slíkum myndum: The SpongeBob SquarePants Movie. Johansson er ýmislegt fleira til lista lagt en leikur en hún hefur hannað fót fyrir ekki ómerkara fyrirtæki en Rebook.

Þrjár bestu myndir Johansson:

The Horse Whisperer - 1998, Ghost World - 2001, Lost in Translation - 2003

19.40
Gaman

AFSAKIÐ MEÐAN VIÐ AFMÆLUM

19.35
Gaman

FÓSTBRÆÐUR

21.50
Gaman

CHAPPELLE'S SHOW

22.25
Veruleiki

CASINO

19.50
Knattspyrna

ATL. BILBAO - BARCELONA

SKJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Besta hljómsveit í heimi 8.14 Jói og baunagrasið 8.43 Dindill og Agnarögn í umferðinni 8.53 Bóla gengur í svefni 9.04 Katla María syngur 9.11 Tónlistarhómið 9.20 Handlaginn maður handa mömmu 9.35 Sara Klara á réttu hillu 9.46 Krakkar á ferð og flugi 10.06 Uppáhaldslagið mitt 10.09 Dimmalimm 10.15 Að baka

vandræði 10.35 Karen og Adam - Heiðursdans 11.15 Kastljós 11.50 Formúla 1 13.15 Bikarkeppni karla í fótbolta 16.20 Íþróttakvöld 16.40 Kariús og Baktus 17.10 Táknmálsfréttir 17.20 Regína

18.54 Lottó 19.00 Fréttir, íþróttir og veður

► 19.40 Afsakið meðan við afmælum Skemmtipáttur í tali og tónum, tileinkaður sögu Sjónvarpsins í tilefni af 40 ára afmæli þess þar sem Spaugstofan, Jón Ólaf, Kastljóssólkið og fleiri sameina krafta sína.

22.20 Englar alheimsins Kvikmynd eftir Friðrik Þór Friðriksson byggð á sögu Einars Más Guðmundssonar um ungan mann og glímu hans við tilveruna. Textað á síðu 888 í Textavarp. e.

0.00 Nýdönsk og Sinfónían 0.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok 5.30 Formúla 1

SKJÁR SPORT

10.45 Upphitun (e) 11.15 Bolton - Liverpool (b)

13.30 Á vellinum með Snorra Má (b) 13.50 Man. Utd. - Newcastle (b) 16.05 Sheffield Utd. Middlesbrough (b)

18.30 Charlton Arsenal 20.30 Chelsea - Aston Villa 22.30 Everton - Man. City

SIRKUS TV

7.00 Addi Panda 7.05 Kærleiksþímurir (e) 7.15 Pocoyo 7.20 Ruff's Patch 7.30 Gordon the Garden Gnome 7.45 Grallaramir 8.10 Animaniacs 8.30 Justice League Unlimited 8.55 Kalli kanína og félagar 9.15 Litlu Tommi og Jenni 9.40 S Club 7 10.05 Búbbarnir 10.30 Teenage Mutant Ninja Turtles

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Bold and the Beautiful 12.45 Bold and the Beautiful 13.05 Bold and the Beautiful 13.25 Bold and the Beautiful 13.45 Bold and the Beautiful 14.10 Idol - Stjörnuleit 16.15 Monk 17.00 Sjálfstætt fólk 17.45 Martha

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Íþróttir og veður 19.05 Lottó 19.10 Hot Properties (9:13) (Funheitar frama-

konur) ► 19.35 Fóstbræður Grín, djók og spaug er nýr vikulegur dagskrárlíður sem verður á dagskrá öll laugardagskvöld. Í gríni, djóki og spaugi verður boðið upp á úrval af allra besta íslenska grín- og gamanefni sem framleitt hefur verið fyrir sjónvarp.

20.05 Fóstbræður Grín, djók og spaug. 20.35 National Treasure (Þjóðargersmi) Ævintýramynd í anda Da Vinci-lykilsins sem kemur úr smíðju stórmyndaframleiðandans Jerry Bruckheimers; uppfull af hasar, spennu, dulúð og gríni.

22.45 Envy (Öfund)

0.25 Lost in Translation 2.05 My Little Eye (Stranglega bönnuð börnum) 3.35 Butch Cassidy and the Sundance Kid (e) 5.20 Hot Properties (9:13) 5.45 Fréttir Stöðvar 2 6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

17.00 Nýtt í vikunni 18.00 Spánareignir

19.00 Fjölbýli og hæðir (e) 20.00 Nýtt í vikunni 21.00 Einbýlishús 22.00 Fjölbýli og hæðir

23.00 Nýtt í vikunni (e) 0.00 SMS eignir

SKJÁREINN

SKJÁREINN

11.10 2006 World Pool Masters (e)

12.00 Dr. Phil (e) 14.15 Celebrity Cooking Showdown (e) 15.00 The Biggest Loser (e) 15.50 Teachers (e) 16.15 Sterkasti maður allra tíma (e) 17.10 Casino (e) 18.00 Dateline (e)

19.00 Ungfrú heimur 2006 Bein útsending frá Varsjá í Póllandi þar sem Ungfrú heimur verður kynnd í 56. sinn.

21.00 Sounds of Style 2006 Tónleikar og tiskusýning þar sem fjölmargar stórstjörnur koma fram. Þetta er þriðja árið sem slík sýning er haldin og nú er Elton John í aðalhlutverki. Auk hans koma fram Christina Aguilera, Beyoncé, The Black Eyed Peas, Daddy Yankee, Jamie Foxx, Faith Hill, Tim McGraw, Nelly Furtado, The Pussycat Dolls, Rihanna, Scissor Sisters og Kanye West auk fleiri þekktara nafna.

► 22.25 Casino

23.10 The Dead Zone 23.55 Parkinson 0.50 The Contender (e) 1.45 Sleeper Cell (e) 2.30 Law & Order: Criminal Intent (e) 3.15 Da Vinci's Inquest - Ný þáttaröð (e) 4.00 Tvöfaldur Jay Leno (e) 5.30 Óstöðvandi tónlist

17.40 Wildfire (e)

18.30 Fréttir NFS

19.00 Seinfeld (The Jimmy) 19.30 Seinfeld (The Doodle)

20.00 South Park (e)

20.30 Blowin' Up (e) Grínistinn Jamie Kennedy og félagi hans Stu Stone eru ákveðnir í að reyna fyrir sér í tónlistarbransanum sem rapparar.

21.00 So You Think You Can Dance 2 (e) Dómaramir ferðast víða um Bandarík-in en aðeins þeir 50 bestu fá að fara til Hollywood.

► 21.50 Chappelle's Show (e) Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíf. Hvort sem það eru bíómyndir, leikarar, trúarhópar eða kynþáttur.

22.20 8th and Ocean (e)

22.45 X-Files (e) (Ráðgátur)

23.30 24 (7:24) (e) 0.15 24 (8:24) (e) 1.00 Entertainment Tonight (e)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 Child Star Confidential 13.30 Talladega Nights Behind the Scenes 14.00 Punky Brewster THS 15.00 New York Fashion Week Special 16.00 25 Notorious Fashion Week Moments 17.00 Child Star Confidential 17.30 Child Star Confidential 18.00 E! News Weekend 19.00 Trust Fund Babies THS 21.00 Sexiest Supermodels 22.00 Girls of the Playboy Mansion 22.30 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Naked Wild On 23.30 Naked Wild On 0.00 Trust Fund Babies THS 2.00 Naked Wild On

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttipátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15.



SKEMMTILEGASTI LEIKUR ÁRSINS

KF NÖRD - FH

Laugardalsvöllur
Miðvikudaginn kl.19:30

Miðaverð 500 kr.
Forsala aðgöngumiða er hafin í verslunum Símans

Ef þú kaupir GSM síma hjá Símanum færðu miða fyrir tvo á leikinn, á meðan birgðir endast.



Síminn

VIÐ MÆLUM MEÐ

SKJÁR EINN KL. 20.00
Sounds of Style 2006

Tónleikar og tiskusýning þar sem fjölmargar stórstjörnur koma fram. Þetta er þriðja árið sem slík sýning er haldin og nú er Elton John í aðalhlutverki. Tónlist hefur lengi haft mikil áhrif á fatatískuna enda eru þessar tvær greinar burðarvirki poppmenningarinnar. Þessi viðburður undirstrikar tengslin en þvilkst stjörnuregn hefur sjaldan sést.

Auk Elton John koma fram tónlistarmennirnir Christina Aguilera, Beyoncé, The Black Eyed Peas, Daddy Yankee, Jamie Foxx, Faith Hill, Tim McGraw, Nelly Furtado, The Pussycat Dolls, Rihanna, Scissor Sisters og Kanye West auk fleiri þekktra nafna. Meðal kynna úr tiskubrúnnanum eru Naomi Campbell, Tommy Hilfiger, Roberto Cavalli, Jade Jagger, Marilyn Manson, Venus og Serena Williams, og Jamie Lynn DiScala. Tónleikarnir fóru fram í Radio City Music Hall í New York og markar upphaf tiskuvikunnar þar. Allur ágoðinn rann í Alnæmissjóð Elton John.



■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

6	4	7	1	8	9	5	2	3
2	5	9	7	3	4	8	1	6
8	1	3	5	6	2	9	7	4
1	9	2	3	5	8	4	6	7
5	8	4	6	2	7	1	3	9
7	3	6	9	4	1	2	5	8
4	6	1	8	7	5	3	9	2
9	7	8	2	1	3	6	4	5
3	2	5	4	9	6	7	8	1

			1	2			3	
7							6	
	5		9				2	7
				9				6
5				1				8
4			8					
6		5			4		7	
		9						1
	2			6	1			



▶ 22.00
Spenna

LADDER 49

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Spy Kids 3-D: Game Over 8.00 Two Family House 10.00 Dante's Peak

12.00 Anger Management 14.00 Spy Kids 3-D: Game Over 16.00 Two Family House 18.00 Dante's Peak

20.00 Anger Management (Reiðstjórnun) Óborganleg gamanmynd. Dave Buznik, sem er hvers manns hugljúfi, er sendur nauðugur á námskeið til að læra að hemja reiði sína. Dave þykir þetta hróplegt óréttlæti en ekki þýðir að malda í móinn. Hann er utanveltu í hópnum og yfirvöld hóta honum fangelsisvist ef námskeiðið skilar ekki árangri. Það er hinn lærði Buddy Rydell sem á að uppfæða Dave en Buddy sjálfum veitti ekki af kröftugu námskeiði til að læra almennilega mannsíði.

▶ 22.00 Ladder 49 (Barist við elda) Dramatísk og spennandi stórmynd með John Travolta og Golden Globe-verðlaunahafanum Joaquin Phoenix í hlutverki slökkviliðsmanna sem helgað hafa líf sitt báráttunni gegn eldinum.

0.00 The Clearing (Bönnuð börnum) 2.00 Van Wilder (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Ladder 49 (Bönnuð börnum)

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæn 7.05 Laugardagur til lukku 8.05 Músík að morgni dags 9.03 Út um græna grundu 10.15 Berlínarborn austurs og vesturs 11.00 Víkulokin

12.20 Hádegisfréttir 13.00 Laugardagsþátturinn 14.00 Til allra átta 14.40 Pólland 15.20 Með laugardagskaffinu 16.10 Orð skulu standa 17.05 Fimm fjórðu 18.26 Leikhúrottan 18.52 Dánarfregnir og auglýsingar 19.00 Kríngum kvöldið 19.30 Stefnumót 20.15 Sögur af sjó og landi 21.05 Seiðandi söngródd: María Markan 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Flakk 23.10 Danslög

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan

14.00 Fótboltarásin 16.08 Geymt en ekki geymt 18.28 Tónlist að hætti hússins

19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 PZ 22.10 Næturvörðurinn 2.03 Næturtonar

BYLGIAN FM 98,9

9.00 Gulli Helga

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 Ragnar Már

18.30 Kvöldfréttir 19.00 Ívar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

Eflum íslenskt sjónvarp!

Varla blandast neinum hugur um að sjónvarpið er áhrifamesti miðill okkar tíma. Það sem er, er í sjónvarpinu, það sem er ekki í sjónvarpinu á erfitt uppdráttar.

Áður skipuðu aðrir miðlar þennan sess, bækur með prentverkinu, útvarp með útvarpstækninni, filmur með hreyfimyndaækninni og nú um hálfra aldar skeið sá miðill sem sameinar þetta þrennt: útvarp, kvikmynd og texta - sjónvarpið.

Þegar þetta er haft í huga blasir við hve óheyrilegt það er að Íslendingar skuli eftir 40 ára sjónvarpsrekstur ekki enn hafa náð á sannfærandi hátt að miðla þjóðlífi sínu og menningu í sjónvarpi. Eða geta menn ímyndað sér ástandið ef Íslenskir höfundar hefðu ekki treyst sér til að fjalla um íslensk efni, nema að takmörkuðu leyti? Og útvarpið hefði ekki talið sig hafa bolmagn til að sinna íslenskum málum, nema í framhjálaupi? Hætt er við að þjóðin hefði fyrir löngu flosnað upp frá sjálfri sér og vafamál að hér byggi einusinni þjóð.

Um leið og Bandalag Íslenskra listamanna fagnar framkomnum samstarfssamningi um að auka hlut íslensks efnis í sjónvarpi, leggur það áherslu á að menn hætti að líta á sjónvarpið sem léttvægan afþreyingarmiðil og veiti til þess fjármagni sem dugi til dagskrárgerðar sem geri skil draumum okkar jafnt sem daglegu lífi. Þetta er þeim mun brýnna sem sjónvarp er einmitt sá miðill sem beinast skírskotar til barna og unglinga og því ekki að litlu leyti ábyrgt fyrir andlegu byggingarefni sem þeim er lagt til. Og varðar að sjálfsögðu heill landsmanna allra.

BÍL

Fundur í Norræna húsinu laugardaginn 30. september kl. 14:00

VITUNDARVAKNING UM INNLÉNDI DAGSKRÁ Í SJÓNVARPI

Ágúst Guðmundsson, forseti BÍL, setur fundinn

Kristín Jóhannesdóttir
Áratugum síðar

Sigurjón Kjartansson
Ég horfi aldrei á sjónvarp

Ómar og Óskar Guðjónssynir
leika nokkur kynningarstef úr bandarískum sjónvarpsþáttum

Sigurbjörg Prastardóttir
Fjörtíu tommu plasma

Ólafur Haukur Símonarson
Seríumorð

Kona deyr við skjáinn
Þorsteinn Guðmundsson les úr Roklandi eftir Hallgrím Helgason

Kristín Helga Gunnarsdóttir
Barnasjónvarp í skúffum

Tákmynd nútímans í íslensku sjónvarpi?
Auglýsingastef nokkurra íslenska stórfyrirtækja í flutningi
Jóns Jósseps Snæbjörnssonar og Jakobs Frímagns Magnússonar

Dagur Kári Pétursson
Staða Sjónvarpsins

Páll Magnússon
Sjónvarpið og samstarfssamningurinn

Fundarstjóri: Margrét Bóasdóttir, ritari BÍL



... fær Sigurður G. Tómasson fyrir að grafa stríðsöxina og snúa aftur í faðm Arnþrúðar Karlsdóttur á Útvarpi Sögu.

Rokkaður sveitarstjóri á Ströndum

„Ég er að taka þátt í annað sinn,“ segir Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri Strandabyggðar, en í kvöld fer fram undankeppnin í karóki vinnustaða á Ströndum á skemmtistaðnum Bragganum. „Við höldum þetta í fyrsta skipti á Café Riis í

SIGURÐUR ATLASON Syngur lag Shaniu Twain, Man I feel like a Woman.



fyrira en þá sprengdi staðurinn utan af sér á undankvöldinu og við fluttum úrslitakvöldið á Braggann. Núna verða bæði kvöldin þar enda mikil stemning fyrir þessu,“ segir Ásdís sem bregður sér í líki hins veiklulega Thom Yorke úr Radiohead og syngur lagið Creep. „Þetta er verðugt verkefni og það er gaman að taka eitthvað sem fólk býst ekki við,“ segir hún og hlær.

Ásdís segir að mikill metnaður sé hjá Strandamönnum fyrir

ÁSDÍS LEIFSDÓTTIR Syngur Creep eftir Radiohead á árlegri karóki keppni vinnustaða á Ströndum.

þessari keppni enda hafi þegar þrettán manns skráð sig til leiks, þar á meðal Sigurður Atlason frá Strandagaldri á Ströndum en hann ætlar að tófra fram lagið Man I feel like a Woman eftir Shaniu Twain.

„Dómnefnd velur síðan sjö sem keppa á úrslitakvöldinu eftir hálfan mánuð en áhorfendur fá að velja

einn,“ segir sveitarstjórinn, sem komst í úrslit í fyrria með lagið Heartbreak Tonight með Eagles. Hún söng síðan Simply the Best með Tinu Turner og New York, New York með Frank Sinatra á úrslitakvöldinu en varð að lúta í lægra haldi fyrir Stefáni Jónssyni. „Þetta er bara alveg rosalega skemmtilegt og það er mikil tilhlökkun fyrir keppninni meðal íbúanna.“ -fsg



THOM YORKE Hvort Ásdís eigi eftir slá hinum veiklulega söngvara Radiohead við verður að koma í ljós.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 land 6 í röð 8 frá 9 sæti 11 slá 12 skordýr 14 nuddast 16 frá 17 áverki 18 glaumgosi 20 kusk 21 auma.

LÓÐRÉTT 1 gáski 3 guð 4 nískupúki 5 knæpa 7 seinfarinn 10 traust 13 framkoma 15 traðkaði 16 temja 19 ryk.

LAUSN
LÓÐRÉTT: 1 ærsi, 3 ra, 4 aurásal, 5 16 ag, 19 lm.
LÁRÉTT: 2 líra, 6 aur, 9 set, 11 rá, 12 líra, 14 niást, 16 af, 17 sár, 18 gæi, 20 íó, 21 arma.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

1. Árni Johnsen
2. The Guardian
3. 6-0 fyrir Íslandi



Fer vel í veski

FÍTON: HANNAR ÚTLIT OG ÍMYND ÍSLENSKS HERS

Betra að deyja standandi en á hnjánum

Auglýsingar, merki og búningar fyrir íslenskan her eru áberandi í Fítonbláinu sem kemur út um helgina. Þetta er fimmta árið í röð sem auglýsingastofan Fíton gefur blaðið út og samkvæmt venju birtast þar greinar um hugmynda-vinnu og sköpunarferli, hagsveiflur í auglýsingastofulandslaginu, uppbyggingu vörumerkja og virðismat þeirra ásamt viðtölum við fagfólk og umfjöllun um helstu auglýsingaherferðir stofunnar síðustu misserin.

Starfsfólk auglýsingastofunnar fær einnig gott pláss til þess að bregða á leik og að þessu sinni var ákveðið að hanna útlit og ásýnd íslenska hersins. Því er haldið vandlega til haga í blaðinu að enginn hafi beðið Fíton um að hanna þessi hergögn enda sé íslenskur her ekki til.

Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, skrifar grein í blaðið um „hönnun valdsins“ þar sem hann segir að vald sé „fyrst og fremst gert sýnilegt af hönnuðum og arkitektum.“

„Það er fyrst og fremst gefið til kynna á myndrænan hátt – ímyndið ykkur valdsmenn án bygginga, án leikvanga og leikmynda, án farartækja, án verkfæra og vopna, án merkja, án búninga, án myntar og peningaseöla sem auðvitað eru upphaflega verk teignara.“

Stefán Snær Grétarsson birtir hugmyndir sínar um einkennisbúninga æðstu manna hersins í blaðinu og taldi liggja beinast við að teikna búningana á Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra. „Það lá nokkuð ljóst fyrir að ég

myndi nota Björn sem módel enda er hann í mínum huga persónugervingur þjóðfélagsræðunnar um íslenskan her,“ segir Stefán Snær.


„Við fengum algert frelsi í þessu tiltekna dæmi,“ segir Stefán sem leitaði víða hugmynda þegar hann hannaði foringjabúningana. „Þessu er stolið hédan og þaðan. Húfan er til dæmis byggð á bandarískri lögregluhúfu og svo er maður undir sterkum áhrifum frá Tinna-bókunum.“

Stefán Snær segir þetta allt gert í hálfkæringi og hann geti ekki skrifað upp á það að mikil alvara hafi legið að baki en þess er þó getið í grein í blaðinu að hugmyndir og hönnun séu sérsvið stofunnar og það muni því ekki standa á Fíton „þegar ákvörðun um stofnun hers verður tekin.“

Helga Valdís Árnadóttir vinnur með ímynd hersins, gefur honum slagorðið „Það er betra að deyja standandi en á hnjánum“ og segir herinn vera kaldan og sterkan. „Það duga engin vettlingatök þegar verja þarf landið gegn veiðþjófum, fuglaflensu og Vítisenglum. Hinn illskettyti og baneitraði Miðgarðsormur er tákmynd hersins og hefur hann fengið að láni arnarvængi til að auka styrk sinn enn frekar.“


thorarinn@frettabladid.is

DÓMSMÁLARÁÐHERRANN
Einkennisbúningur hershöfðingja í Flugher lýðveldisins var teiknaður á Björn Bjarnason. Hrafn Gunnarsson hannaði vígalegt skjaldamerki hersins.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Ingi Hrafn Jónsson, meistari ljósvakans, er nú í því sem hann kallar „long weekend“ í London. Þar ætlar hann í leikhús og í golf á meðan hann hugleiðir hvar og hvernig Hrafnþingi hans verður best fyrir komið á skjánum. Komið hafa fram hugmyndir um að hann færi sig að hluta inn í Ísland í dag með sína hnífskörpu umræðu.



Sigmundur Ernir Rúnarsson fréttastjóri NFS hugleiðir þetta sama og Ingi - einnig á erlendri grundu. Hann er, ásamt fleiri fjölmiðlungum, á leið utan í þekkt fyrirbæri innan fjölmiðlageirans sem eru NATO-ferðir.

Natö býður valinkunnum fjölmiðlamönnum í Lúxusferð, og hefur lengi gert, til að skoða starfsemina og njóta jafnframt lífsins í Brussel. Meðal ferðalanga er **Eyrún Magnúsdóttir** og kemur það á óvart því hún er hætt í Kastljósinu. En boðið hefur væntanlega komið áður en hún hætti þar á bae.

Reynir Traustason er góður með sig þessa dagana sem jafnan og nýtur þess að geta dregið menn á svörum við því hvaða milljónamenn standa á bak við útgáfuna hinar Föguru dyr og tímaritið Ísafold. Þó hefur heyrst að sjálfur **Geir R. Andersen**, goðsagnapersóna af eldgamla DV, muni hafa umsjón með lesendabréfum Ísafoldar. Þeir sem þekkja stíl Geirs og skoðanir telja hann hafa farið mikinn á kjaftavefnum malefnin. com sem „Lyon“. Afköst hans á DV voru mikil en þó mörgum hulin því haft er fyrir satt að hann hafi brugðið sér í allra kvikinda líki og ritað lungann af lesendabréfum DV sjálfur.



FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Atvinna oskast

Smáauglýsing óskar eftir tímabundnu starfi við auglýsingar. Mikil reynsla og góð meðmæli. Uppl í síma. 550 5000

Allir sáttir og glaðir í Trabant

„Ég er alls ekki hættur í hljómsveitinni og Trabant er ekki hætt, hananú,“ segir Ragnar Kjartansson söngvari í hljómsveitinni en sögusagnir hafa verið uppi þess efnis að hann væri búinn að segja skilið við hljómsveitina góðkunnunni. Til að mynda birtist moli þess efnis í Bláinu í gær en hann mun vera alls ósannur. Þorvaldur Gröndal trommuleikari hljómsveitarinnar hætti fyrir stuttu, eins og Fréttablaðið hefur greint frá, til að sinna fðurhlutverkinu og

út frá því hafa sprottið upp sögur um hvort hljómsveitin væri að líða undir lok.

Viðar Hákon Gíslason, gítarleikari Trabant, blæs einnig á þessar sögusagnir og segir hljómsveitina vera í góðum gir um þessar mundir. „Stemningin í hópnum hefur ekki verið betri í langan tíma. Vissulega er erfitt þegar einn meðlimur hættir en við hinir höldum ótrauðir áfram,“ segir Viðar.

Trabant mun ekki koma fram á Airwaves-hátíðinni en næstu tónleikar hljómsveitarinnar

eru í Amsterdam í október. Félagarnir útiloka þó ekki að Íslendingar fái að njóta tónlistar þeirra innan skamms. -áp

TRABANT Sögusagnir hafa verið uppi um að hljómsveitin sé að hætta en meðlimir bandsins neita því alfaríð. Næstu tónleikar sveitarinnar eru í Amsterdam í október.



RAGNAR KJARTANSSON
Söngvari Trabants er ekki hættur í bandinu.



HAUSTDAGAR

50-80%

af nýjum vörum AFSLÁTTUR

30. sept.-7. okt.

REGATTA 

GREAT OUTDOORS™

AKUREYRI - REYKJAVÍK - KEFLAVÍK

Opið
Virka daga 10-18
Laugard. 10-18
Sunnud. 13-17

 **ÚTIVIST&SPORT**

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 Reykjavík - Faxafeni 12 Sími 533-1550 Keflavík - Hafnargata 25 Sími 421-3322



BAKÞANKAR

GUDMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

Stjörnurnar

Á fimmtudagskvöld fór ég út á svalir með hvítvínsglas ásamt sambýliskonu minni, eins og opnum og víðsýnum borgara sæmir, til þess að horfa á stjörnurnar. Að vísu hef ég oft séð stjörnurnar uppi í sveit á heiðskýrum vetrarhimni og ég get vissulega staðfest að það er mögnuð sýn, en nú skyldi horft á þær í borginni, sem hefði verið nýbreytni. Klukkan tíu slokknuðu götuljósín. Sjálf höfðum við slökkt öll ljós.

REYNDAR hef ég alltaf verið meðvitaður um hversu varasamt það er að horfa of mikið á stjörnurnar. Fræg er sagan af gríska heimspekingnum til forna sem horfði svo mikið á stjörnurnar að hann datt ofan í brunn. En hvað um það. Í útvarpinu hóf stjörnufræðingur upp raust sína og útskýrði hvað hefði átt að blasa við á himninum ef ekki hefði verið skýjað. Ég verð að viðurkenna að mér leið dálítið eins og bjána þegar ég var búinn að góna upp í skýin í hátt í kortér og hlusta á manninn tala. „Hvers vegna stend ég hér og horfi á ský?“ hugsaði ég með mér. „Af hverju er ég ekki inni að horfa á sjónvarpið?“

EN ég reyndi að horfa á björtu hliðarnar. Þessi myrkvun var þrátt fyrir allt góð hugmynd. Ég fór að raula Spilverkið: „Við skýin felum ekki sólina af illgírni.“ Ég fyrirgef skjúnunum. Það var hins vegar annað með stjörnurnar. Hér var lagt upp með ákveðna líkingu, ef ég skildi dæmið rétt. Tilefni myrkvunarinnar var upphaf kvikmyndahátíðar. Stjörnurnar á himninum áttu að vera eins og kvikmynda-stjörnurnar. Þegar leið á kvöldið fannst mér sú líking einmitt mjög viðeigandi. Alveg var það týpískt fyrir stjörnurnar að láta ekki sjá sig þegar allir voru að bíða eftir þeim.

ÞAÐ var einnig lýsandi – ef svo má að orði komast – fyrir kvöldið, að í raun og veru reyndist áhuginn á ljósum manna, ljósum bæjarins, meiri en á stjörnum himinsins. Hverjir slökktu? Hverjir slökktu ekki? Þælingin var að allir myndu slökka ljósin, en á þessu varð hins vegar töluverður misbrestur. Við sambýliskona mín eyddum af þeim sökum fullmiklum tíma í að góna á upplýstan eldhúsglugga nággrannans og pirrast yfir því að hann ætlaði greinilega ekki að slökka hjá sér. Á einum tímapunkti, þegar nággranninn birtist og var greinilega að vaska upp – skítsama um stjörnurnar – var sambýliskona mín á leið upp á stól til þess að skipa honum með ópum og handapati að slökka. Hún íhugaði jafnvel að kasta steinvölu í gluggann. Þetta mögulega uppistand náði ég að kæfa í fæðingu með snaggaralegum hætti.

„ÉG er brjálæðislega pirruð á þessum nággrönum,“ sagði mín siundurtekið og sötraði hvítvínið. „Djöfuls mórall.“ Svona eru stjörnurnar, hugsaði ég. Það er langur vegur til þeirra. Þær skína skært. Hvort þær láta sjá sig eða ekki er háð duttlungum. Á meðan erum við hin, sauðsvartur almúginn, dæmd til þess að láta okkur nægja að góna pirruð á ljósið í glugga nággrannans.

Njóttu þess að skipuleggja



890,-



RETRÄTT hnífakubbur
tekur 6 hnifa og 1 brýni
10x13x27 cm 895,-



RATIONELL pottlokarekki
27,5x8,5x9,5 cm 690,-



195,-

BURKEN salt/píparstaukar
2 stk. H10 cm



RATIONELL kryddstandur
Ø16, H21,5 cm 990,-



GRUNDTAL ílát m/segli
3 stk. Ø9,5, H3,7 cm 995,-



BURKEN glerkrukka
m/loki 1,2 l 295,-



RATIONELL kryddrekki
10x40 cm 990,-



190,-
RATIONELL
plastpokahylki
16x13x45 cm



RATIONELL
straujárnshald
16x8,5x34,5 cm 990,-



LILLÖ hjóllaborð
60x40x74 cm 8.950,-



95,-
VARIERA hnífaparaskúffa
31x26 cm grá



RATIONELL kassi
m/handfangi
17x20 cm 990,-



FÖRHÖJA veggilla m/glerhólfum
60x16,5x15 cm 3.690,-



Loksins
komið aftur!
Grænmetisbuff
Með kúskús, grænmeti og
graslaukssósu

290,-

IKEA Restaurant

